

**JÓNAS VALGEIRSSON**

*Í kynjablönduðu fimleikaliði*

heilsa áramót bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**RAGNAR BRAGASON**

*Leikstýrir danskri kvikmynd*

Börn vinsæl í Austur-Evrópu

FÓLK 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. desember 2006 — 346. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



### Í gjöf frá Hitler

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tók upp kvikmyndatónlist í Búlgaríu.

FÓLK 42

### Hinn tregi bandamaður

„Eflaust hefur hræðsluóðagot og sjúkleg tortryggni gripið suma ráðamenn á Vesturlöndum þegar áróðurslotur fjölmiðla náðu hámörkum í skugga atómsprengjunnar," segir Ólafur Hannibalsson.

### Á nóg eftir



Bjarni Felixson er sjötugur í dag. Hann vonast til þess að halda íþróttalýsingum áfram enn um sinn.

TÍMAMÓT 26



### United með væna forystu

Manchester United hefur fjögurra stiga forskot á Chelsea eftir að sjálfsmark kostaði síðarnefnda liðið sigur gegn Reading.

ÍÞRÓTTIR 36 & 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART NORÐAN OG AUSTAN** Í dag verður suðaustan strekkingur vestan til annars hægari. Bjart veður á Norður- og Austurlandi annars skýjað og hætt við lítilsháttar súld. Hiti yfirleitt 3-8 stig en vægt frost til landsins austan til.

VEÐUR 4




# Kaupir sex prósenta hlut í stærsta flugfélagi heims

**FL Group hefur keypt hlut í AMR móðurfélagi American Airlines og Eagle Airlines fyrir hátt í þrjátíu milljarða króna. American Airlines er stærsta flugfélag heims með þúsund vélar í flugflotanum.**

**VIÐSKIPTI** FL Group tilkynnti í gær að félagið hefði keypt sex prósenta hlut í bandaríska fyrirtækinu AMR sem er móðurfélag flugfélaganna American Airlines og Eagle Airlines. Heildarvirði þessarar fjárfestingar er ríflega 28 milljarðar króna. Fyrir á FL Group flugfélagið Sterling og 23 prósenta hlut í Finnair. Eignarhald AMR er mjög dreift og við kaupin er FL komið í hóp stærstu hluthafa félagsins sem þriðji til fjórði stærsti hluthafinn.

AMR er stærsta flugfélag heims með áfangastaði í fjörutíu löndum og í 250 borgum. Daglegar ferðir félagsins nema hátt í fjögur þúsund.

Eftir kaupin er um fjórðungur eigna FL Group í flugfélögum, en félagið hefur selt hlut sinn í tveimur slíkum á árinu. Fyrst í EasyJet á fyrri hluta ársins með hátt í þrettán milljarða söluhagnaði og síðan í Icelandair þar sem bókfærður hagnaður nam 26 milljörðum króna.

Hannes Smárason, forstjóri Icelandair, segir fjárfestinguna í AMR helgast af því að mikil gerjun sé á bandarískum flugmarkaði. „Í fyrsta lagi sjáum við að greinendur á markaði meta bréf félagsins miklu hærra en markaðurinn eða um 40 prósent. Í öðru lagi hefur jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á flugmarkaðnum verið að nást og bandarísk flugfélög verið að ná niður kostnaði. Í þriðja lagi teljum við að framundan séu möguleikar til sameiningar og hagræðingar á þessum markaði sem leiðandi félag eins og American Airlines mun tvímælalaust njóta góðs af."



HANNES SMÁRASON

Hannes vill ekkert gefa upp um til hversu langs tíma þessi fjárfesting er. FL Group hefur ekki skilgreint flugrekstur sem kjarna í fjárfestingum sínum, en félagið hefur byggt upp þekkingu og tengsl á þeim markaði. Allt eins líklegt er talið að þessi fjárfesting sé til skamms eða meðallangs tíma og að vægi flugrekstrar í fjárfestingum félagsins fari fremur minnkandi en hitt. **-hh**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Á VETTVANGI ELDSVOÐANS** Talið er að hundruð manna hafi látist þegar sprenging varð við skemmda bensínsleiðslu í Nígeríu í gær. Fjöldi manns var við leiðsluna að safna sér bensíni þegar eldur komst í bensínið. - sjá síðu 4

Langar að verða strætóbílstjóri:

## Stal strætó og keyrði eftir leið

**BANDARÍKIN Fimmtán ára drengur í Flórída-ríki í Bandaríkjunum hefur verið dæmdur til fjögurra ára vistar á unglingaheimili. Drengurinn var dæmdur fyrir að taka strætisvagn í leyfisleysi og aka honum.**

**Aksturinn var þó ekki glæfralegri en svo að pilturinn ók vagninum sína hefðbundnu leið, stöðvaði á öllum stoppistöðvum og tók farþega upp í gegn gjaldi. Þetta kemur fram á vef fréttastofu sjónvarpsstöðvarinnar CBS.**

**Drengurinn, Ritchie Calvin Davis, stal strætisvagninum af bílastæði þar sem átti að bjóða vagninn upp. Þegar atburðurinn átti sér stað var Davis þegar á skilorði fyrir að hafa keyrt farþega í skoðunarferð í öðrum strætisvagni í janúar. Auk vistarinnar á unglingaheimilinu þarf hann að bíða einu ári lengur en jafnaldrar hans eftir að fá leyfi til að keyra bíl.** **- sþs**

Stjórnarher Sómalíu og Eþíópíu berst við Íslamista um yfirráð í Sómalíu:

## Sómalía rædd í Öryggisráðinu

**SÓMALÍA, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hélt neyðarfund í gærkvöldi vegna stríðsins í Sómalíu sem staðið hefur yfir í viku þar sem Íslamistar annars vegar og stjórnarher landsins og Eþíópía hins vegar berjast um yfirráð í landinu.

Forsætisráðherra Eþíópíu, Meles Zenawi, segir að herafli sinn, sem telji þrjú til fjögur þúsund hermenn, sé hálfnaður með ætlunarverk sitt í Sómalíu og því ljúki bráðlega. Stjórnvöld í Eþíópíu hafa lengi hótað að senda herafla inn í Sómalíu til að verja hagsmuni Eþíópíu í landinu gagnvart Íslamistum sem eru mjög valdamiklir meðan staða viðurkenndrar ríkisstjórnar landsins er veik.



**HERMENN Í EFTIRLITSFERÐ** Árið 2004 hjálpuðu Sameinuðu þjóðirnar til við að koma á fót núverandi ríkisstjórn í Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meles segir að um leið og ætlunarverki þeirra ljúki muni þeir hverfa úr Sómalíu. Utanríkisráðherra Sómalíu, Mohamoud Hurreh, segir stjórnarherinn vera í stakk búinn til að halda aftur af Íslamistum þegar Eþíópía dregur herafla sinn út úr landinu.

Íslamskir bardagamenn hörfuðu í gær undan framgangi hermanna Eþíópíu og stjórnarhers Sómalíu sem sóttu fram á þremur vígstöðvum. Einn af leiðtogum Íslamista, Sheik Sharif Sheik Ahmed, segir nýjan kafla í uppsiglingu í stríðinu. „Við munum berjast við Eþíópíu mjög lengi og við búumst við því að stríðið fari út um allt." Sumir leiðtogar Íslamista hafa hótað skæruhernaði sem fæli í sér meðal annars sjálfsmorðssprengingar í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu. **- sdg**

Drögum í dag

Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



SPURNING DAGSINS



*Dagur, ertu með harðsperrur eftir stjórnkerfisæfingarnar?*

„Já, sérstaklega í betri hliðinni, því fækkun nefnda um helming getur tekið verulega á.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur sagt stjórnskipulag Reykjavíkurborgar vonlaust „eftir nokkurra ára stjórnkerfisæfingar undir forystu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar“. Dagur segir meintar æfingar hafa snúist um að fækka nefndum um helming og einfalda kerfið.

Áfrýjunardómstóll í Írak hefur staðfest dauðadóm yfir Saddam Hussein:

# Saddam hengdur innan mánaðar

**BAGDAD, AP** Áfrýjunardómstóll í Írak vísaði í gær frá áfrýjun á dauðadómi yfir Saddam Hussein, fyrrverandi forseta Íraks. Ráðgjafi landsins í þjóðaröryggismálum sagði dóminn staðfesta það að Saddam skuli hengdur.

Saddam var dæmdur til dauða 5. nóvember fyrir að fyrirskipa morð á 148 íbúum sjíta-bæjar árið 1982 eftir að reynt hafði verið að myrða hann í bænum. Við réttarhöldin sagði Saddam að þeir hefðu allir verið fundnir sekir um morðtilræði og réttilega dæmdir til dauða af viðurkenndum dómstól.

Jalal Talabani, forseti Íraks, og varaforsetarnir tveir þurfa að staðfesta dóminn og þegar það hefur verið gert verður samkvæmt landslögum að framfylgja dómnum innan 30 daga. Talabani er raunar andvígur dauðarefsingum en lætur annan varaforsetann jafnan staðfesta refsingarnar fyrir sína hönd.

Einnig voru staðfestir dauðadómar yfir Barzan Ibrahim, hálfbróður Saddams og fyrrverandi yfirmanni leyniþjónustu landsins, og Awad Hamed al-Bandar, fyrrverandi forseta réttarins sem gaf út dauðadómana á hendur bæjarbúunum árið 1982. Þá skilaði dómstóllinn áliti þar sem sagði að lífstíðarfangelsisdómur yfir fyrrverandi varaforseta landsins, Taha Yassin Ramadan, væri of léttvægur og að krafist væri dauðadóms yfir honum. - sh



**EINRÆÐISHERRA** Saddam sagði að sjítarnir 148 sem hann hefur verið dæmdur fyrir að myrða hefðu réttilega hlotið dauðarefsingu fyrir banatilræði.

Tilraun til brennu í Grindavík:

# Skvettu eldfimu efni á eldinn

**BRENNA Lögregla leysti upp samkomu um tuttugu ungmenna við Sólarvé í Grindavík í gærkvöldi. Hópurinn hafði hlaðið bálköst með spýtnabraki og ýmsu drasli, skvett eldfimum vökva á og síðan kveikt í.**

**Ekki var um mikinn eld að ræða, en karlmaður á tvítugsaldri var handtekinn. Hann hafði skvett vökvanum eldfima á bálköstinn þrátt fyrir fyrirmæli lögreglu um að slíkt væri bannað. Hann má búast við sekt fyrir uppátækið að sögn lögreglu. Ekki kom til frekari lögregluaðgerða vegna þessa uppátækis.** - sþs

Söfnun fyrir einstæða móður:

# Missti allt sitt í eldsvoðanum

**HVOLSVÖLLUR** Rut Sigurgeirsdóttir, móðir Guðnýjar Guðnadóttur sem komst út úr brennandi húsi á Hvolsvelli ásamt þremur börnum sínum aðfaranótt Þorláksmessu, ætlar að standa fyrir fjársöfnun fyrir dóttur sína. Guðný missti allt sitt í eldsvoðanum.

„Ég er inni í íbúðinni núna, það er allt svart og brunnið. Það er ekkert heillegt sem ég get tekið með mér,“ sagði Guðný síðdegis í gær, en hún er einstæð fjögurra barna móðir og öryrki sem flutti á Hvolsvöll í byrjun desember.

Þeir sem vilja aðstoða Guðnýju með fjárframlagi geta lagt það inn á bankareikning hennar: 1152-26-1277; kennitala: 300377-5569. - ifv

Misheppnað innbrot:

# Beið undir borði eftir lögreglunni

**INNBROT Brotist var inn í bensínstöð Shell í Mjóddinni í Breiðholti á aðfangadagskvöld. Tveir menn spenntu upp hurð, fóru inn og stálu símkortum ásamt fleiru.**

**Innbrotið fór þó ekki alveg eftir áætlun því þegar lögregla kom á vettvang fann hún annan innbrotsmannanna í felum undir borði. Þá hafði félagi hans óvart skellt hurðinni í lás þegar hann fór út með þeim afleiðingum að hinn sat fastur inni.**

**Sá var handtekinn þegar lögregla fiskaði hann undan borðinu. Myndir náðust af manninum sem komst undan og er hans nú leitað.** - sþs

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brunaslanga gaf sig

Vatnsleki varð í húsnæði við Furuvelli á Akureyri um hádegi á jóladag. Allt vaktlið slökkviliðs var sent á vettvang með hreinsi- og dælubúnað. Lekinn er rakinn til brunaslöngu sem gaf sig undan þrýstingi.

# Olíu dælt úr Wilson Muuga

**Dæling á olíu úr flutningaskipinu Wilson Muuga hófst í gær og var fyrirhugað að unnið yrði að dælingunni fram á morgun. Útlit er fyrir að fjaran hafi haldist ómenguð en áhöfn þyrlunnar sem vann við að flytja búnað um borð í skipið kvaðst hafa séð votta fyrir olíubrák á sjónum.**

**SJÓSLYS** Hafist var handa við að dæla olíunni úr flutningaskipinu Wilson Muuga um klukkan fimm í gærdag. Að sögn Hávars Sigurjónssonar, upplýsingafulltrúa Umhverfisstofnunar, var fyrirhugað að halda dælingu áfram í nótt.

Talið var að um og yfir tólf klukkustundir tæki að dæla olíunni úr skipinu en skömmu eftir að dæling hófst í gær þurfti að gera hlé á til að hagræða slöngunni. Samkvæmt áætlun átti að ljúka við að dæla allri olíunni í dælubíla á landi í dag. Rúmlega 100 tonn af olíu og olíublönduðum sjó voru í skrokki skipsins.

Norsk leiguþyrla Landhelgisgæslunnar, flutti níu menn, meðal annars frá Landhelgisgæslunni og Olíudreifingu, út í skipið laust eftir hádegi í gær. Þegar mannskapurinn var kominn um borð fór þyrlan síðan átta ferðir með ýmsan búnað, tæki og slöngur, yfir í skipið.

Erfiðast var að koma fyrir 300 metra langri slöngu sem þurfti til að dæla olíunni á tankbíla. „Hluti af aðgerðinni var líka að tryggja það að mennirnir kæmust í land ef eitthvað kæmi upp á,“ segir Hávar.

Áhöfn þyrlunnar sagði að í gær hefði vottað fyrir olíubrák á sjónum frá skipinu en mengunin væri ekki stórvægileg. Einhver svartolía lak úr skipinu á laugardag og sást um kílómetra löng brák þegar verst lét. Engin ummerki um olíumengun fundust þó þegar menn gengu fjörur á Hvalsnesi í fyrradag. Olíunni er dælt á tankbíla sem bíða í landi og Olíudreifing mun sjá um að farga olíunni úr skipinu.

Það næsta sem tekur við er að flytja þarf skipið burt í pörtum. Varla þarf að hafa áhyggjur af því að það liðist í sundur að sjálfu sér, að sögn Hávars, þar sem það hefur staðið af sér afar slæmt veður nú þegar og stendur enn.



**DÆLINGIN UNDIRBÚIN** Undirbúningur fyrir dælinguna úr flutningaskipinu Wilson Muuga stóð fram eftir degi í gær og dælingin hófst undir kvöld. Talið var að um tólf tíma tæki að dæla olíunni úr skipinu. MYND / ELLERT

## Bætur fyrir umhverfistjón

**SKIPSSTRANDIÐ** Strand kýpverska flutningaskipsins Wilson Muuga í Hvalnesfjöru í Sandgerði er gjörólíkt strandi Vikartinds í Háfsfjöru vorið 1997. Hætta er á gríðarlegri umhverfismengun nú ef olía lekur í hafið en ekki var hætta á neinu umhverfistjóni vegna strandsins í Háfsfjöru.

Gott veður var eftir strand Víkartinds og var hægt að ganga að skipinu á fjöru og klifra um borð. Ekki tókst að bjarga skipinu af strandstað og rak mikið brak úr því og farmi þess á land en hollenskt fyrirtæki var marga mánuði að rífa skipið í sundur og hreinsa svæðið. Aldrei var nein hætta á olíumengun. Björgunin snerist fyrst og fremst um að ná gámunum í land og bjarga vörunum.

Strand Wilson Muuga snýst fyrst og fremst um umhverfisbjörgun. Um borð eru rúmlega 120 tonn af olíu sem leka í hafið ef gat kemur á olíutankana neðst í skipinu. Frá Ósum norður fyrir Garðskaga er einstaklega ríkulegt fuglalíf og getur olíumengun því valdið gríðarlegu umhverfistjóni.

Björgunarmenn eru mjög tregir við að áætla tjónið sem þegar hefur orðið með skipsstrandinu. Í siglingalögum er ákvæði um umhverfisbjörgun og björgunarlaun til handa þeim sem kemur í veg fyrir eða dregur úr umhverfistjóni. Lítið sem ekkert hefur reynt á þetta ákvæði hingað til. - ghs

Rafmagn fór af Síðuhverfi á Akureyri á aðfangadagskvöld, annað árið í röð:

# Með klukknahljóm á geisladiski

**JÓLAHALD** Rafmagn fór af um tuttugu húsum í Síðuhverfinu á Akureyri á aðfangadagskvöld, annað árið í röð. Í ár stóð rafmagnsleysið yfir í 45 mínútur, frá fimmtán mínútum fyrir sex til um hálf sjö, en árið áður voru sömu húsin án rafmagns frá hálf sex til rúmlega sex á aðfangadagskvöld.

Viðar Sigmarsson býr í Móasíðu ásamt konu sinni Rannveigu Hrafnkelsdóttur. „Það er orðið frekar hvimleitt að lenda í þessu ár eftir ár, það hefur sennilega slegið út í einhverjum nálægum rafmagnskassa. Ég bíð bara eftir að skrifstofur Norðurorku opni svo ég geti fengið skýringu á þessu,“ segir hann. „Við vorum nánast búin að elda þannig að þetta hafði minni áhrif á eldamennskuna í ár en í fyrra. Við þurftum samt sem áður að finna kerti til að lýsa upp húsið.“

Viðar segist ekki beint hafa átt von á rafmagnsleysi aftur á sama tíma á aðfangadagskvöld annað árið í röð, en Rannveig kona hans hafi verið með klukknahljóm á geisladiski til öryggis. Hann hafi komið sér mjög vel þegar rafmagnið kom á aftur.

„Það fyrsta sem við gerðum eftir að rafmagnið kom á aftur var að setja diskinn í og spila hann. Jólin færðust því bara til um hálftíma hjá okkur,“ segir Viðar. - sþs



**FRÁ AKUREYRI** Viðar segist bíða eftir að skrifstofur Norðurorku opni svo hann geti fengið skýringar á rafmagnsleysinu.


BÍLL DAGSINS

CADILLAC ESCALADE

Nýskr. 01.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 12 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.




# Útsala

**60%**
**afsláttur**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 22.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,50 | 69,84 |
| Sterlingspund | 136,78 | 137,44 |
| Evra | 91,79 | 92,31 |
| Dönsk króna | 12,314 | 12,386 |
| Norsk króna | 11,218 | 11,284 |
| Sænsk króna | 10,218 | 10,278 |
| Japanskt jen | 0,5868 | 0,5902 |
| SDR | 104,67 | 105,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,7233

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flugmálastjóri andmælir orðum formanns Alþjóðasamtaka flugumferðarstjóra:

# Mennirnir með áralanga reynslu

**FLUGMÁL** Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri og verðandi forstjóri Flugstoða ohf., vísar á bug orðum Marcs Baumgartners, formanns Alþjóðasamtaka flugumferðarstjóra, um að verið sé að þjálfa upp óreynda menn sem eigi að gegna starfi flugumferðarstjóra hjá nýju fyrirtæki, Flugstoðum ohf., sem tekur við rekstri flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík af Flugmálastjórn um áramótin. Baumgartner lét þessi orð falla í fréttum Sjónvarpsins á mánudaginn. Að sögn Þorgeirs hafa 58 af þeim flugumferðarstjórum sem vinna hjá Flugmálastjórn ekki enn ráðið sig til nýja fyrirtækisins.



ÞORGEIR PÁLSSON

Þorgeir segir að allir þeir menn sem verið sé að þjálfa upp hafi haft full réttindi til flugumferðarstjórnar, en að réttindi sumra þeirra séu ekki virk. „Þessir menn geta virkjað réttindi sín með því að sýna fram á að þeir búi yfir færni á sviði flugumferðarstjórnar, enda hafa þeir áralanga reynslu á því sviði," segir Þorgeir og bætir því við að sumir þeirra hafi verið í stjórnunarstörfum á flugumferðarsviði.

Flugmálastjóri vildi ekki tjá sig um hversu margir flugumferðarstjórar væru að virkja réttindi sín til að taka til starfa hjá Flugstoðum. Hann bætir því við hann búist ekki við mikilli röskun á flugumferð vegna skorts á flugumferðarstjórum eftir áramótin. - ifv

Færri fæðast á aðfangadag:

# Halda í sér yfir stórhátíðarnar

**FÆÐINGAR Lítið var um fæðingar á fæðingargangi Landspítalans á aðfangadag. Eitt barn fæddist um morguninn og síðan fæddist ekki barn þar fyrr en á jóladag. Kristín Sigurðardóttir, ljósmóðir á fæðingargangi, segir ekki óalgengt að aðfangadagskvöld sé hreinlega án fæðinga.**

**„Einhverra hluta vegna fæðast ekki mörg börn á aðfangadagskvöld. Auðvitað gerist það en það er algengt að kvöldið sleppi," segir hún. Jólin voru samt með rólegra móti miðað við það sem vant er. „Þetta hefur verið í rólegri kantinum hjá okkur yfir jólin í ár miðað við venju."** - sþs

Grjóthrun þakti 200 fermetra:

# Göng hrundu í nágrenni Osló

**ÓSLÓ, AP** Loka þurfti göngum í suðurhluta Noregs í gær eftir að hluti þeirra hrundi rétt undir miðnætti kvöldið áður. Talið er að grjót hafi þakið um 200 fermetra í göngunum.

Talsmaður lögreglu sagðist vona að engir bílar hefðu verið inni í göngunum þegar hrunið varð en að það væri ekki alveg vitað. Göngin eru í 40 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Ósló.

Lögreglan gerði ráð fyrir að göngin yrðu lokuð um langan tíma vegna þess grjóthruns sem varð. Jarðfræðingar sem rannsökuðu aðstæður í göngunum sögðu að ekki væri von á meira grjóthruni. - sdg

Ölvunarakstur á jóladag:

# Óku á hringtorg og veltu bílnum

**BÍLVELTA Bifreið valt þegar henni var ekið yfir hringtorg á gatnamótum Njarðarbrautar og Borgarvegar í Njarðvík aðfaranótt jóladags. Fjórir Pólverjar voru í bílnum og voru þeir allir ölvaðir. Að sögn vitna lenti bíllinn á hringtorginu á mikilli ferð og valt nokkrar veltur.**

**Tveir mannanna voru fluttir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar og annar þeirra síðan á Landspítalann í Fossvogi. Hann mun þó ekki vera alvarlega slasaður. Hinir þrír voru handteknir og vistaðir í fangageymslu þar sem ekki var ljóst hver þeirra ók bílnum.** - sþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Keyrt á í Keflavík

Árekstur varð á gatnamótum Aðalgötu og Smáratúns í Keflavík á Þorláksmessu. Engin slys urðu á fólki en fjarlægja þurfti báðar bifreiðarnar með dráttarbíl.



**ELDUR OG REYKUR** Íbúar Abule Egba horfðu skelfingu lostnir upp á afleiðingar bensínsprengingarinnar í þessari fjölmennustu borg Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hundruð létust í bensínsprengingu

**Alls höfðu 260 lík verið talin eftir sprengingu við bensínleiðslu sem skemmdir höfðu verið unnar á í Nígeríu í gær. Eldhaf og reykur hindraði björgunaraðgerðir. Fjöldi fólks var við leiðsluna að safna sér bensíni þegar sprengingin varð.**

**NÍGERÍA, AP** Að minnsta kosti 260 manns létust þegar sprenging varð í bensínleiðslu í Lagos, stærstu borg Nígeríu, í gær. Óttast er að hundruð hafi látist en gífurlegur hiti frá eldhafinu tafði fyrir björgunaraðgerðum og mikinn reyk lagði yfir byggðina í kring þar sem efnalitlir íbúar búa mjög þétt í hverfinu Abule Egba.

Háttsettur yfirmaður hjá Rauða krossinum í Nígeríu, Ige Oladimeji, sagði að sitt fólk hefði skráð 260 manns látna og flutt 60 særða á sjúkrahús enn sem komið væri. „Við getum aðeins borið kennsl á fólk út frá hauskúpum þeirra, líkamarnir eru dreifðir um jörðina."

Að sögn vitna höfðu skemmdir verið unnar á leiðslunni stuttu eftir miðnætti og þjófarnir síðan safnað bensíni í plastílát klukkustundum saman áður en pollar af bensíni byrjuðu að brenna stuttu eftir dögun. Óljóst er hvað varð til þess að eldur barst í bensínið.

Algengt er að Nígeríumenn geri gat á bensínleiðslur og safni bensíni í ílát. Stundum kviknar í bensíni sem hellist niður með banvænum afleiðingum fyrir nærstadda. Í maí síðastliðinn létust meira en 150 manns í svipaðri sprengingu í Lagos og árið 1998 létust 1.500 manns við sömu aðstæður.

Nígería er stærsti olíuframleiðandi Afríku en spilling, slæm stjórnun og takmarkaðir hreinsunarmöguleikar valda því að oft á tíðum verður skortur í landinu á eldsneyti fyrir farartæki og ofna. Vegna skorts sem verið hefur undanfarna daga hefur fólk þurft að bíða klukkustundum saman í biðröðum við eldsneytisstöðvar í Lagos.

sdg@frettabladid.is

Staða héraðsdómara:

# Niðurstaða á næstu dögum

**DÓMSMÁL** Dómnefnd sem fer yfir umsóknir um fasta stöðu dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. janúar á næsta ári fundar í vikunni og fer yfir umsóknirnar. Formaður nefndarinnar er Pétur Kr. Hafstein en auk hans eiga Lára Júlíusdóttir og Eggert Óskarsson sæti í nefndinni. „Við skilum áliti okkar til [Björns Bjarnasonar] dómsmálaráðherra í dag eða á morgun, þann 28. desember," sagði Pétur í gær, en nefndin hittist eftir hádegi í dag og tekur ákvörðun um það.

Staða héraðsdómara losnar þar sem Friðgeir Björnsson er að hætta sem dómari. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu er Þorsteinn Davíðsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra og sonur Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, meðal sjö umsækjenda. - mh / - ifv.

Spænskur læknir segir frá:

# Kastró ekki með krabbamein

**MADRID, AP Fídel Kastró Kúbuforseti er ekki með krabbamein eins og Bandaríkjastjórn hefur haldið fram. Þetta segir spænskur skurðlæknir sem var á Kúbu í síðustu viku að hjálpa til við lækismeðferð Kastrós. Hann sagði Kastró vera á hægum batavegi.**



KASTRÓ

**Kastró, sem er áttatíu ára, hefur ekki komið fram opinberlega síðan hann gekkst undir aðgerð í júlí og litlar upplýsingar hafa borist af ástandi hans síðan. Hann skipaði bróður sinn, Raúl Kastró, forseta landsins í fjarveru sinni. Kúbverskir ráðamenn hafa þó látið af fullyrðingum um að Kastró muni snúa aftur til valda.** - sh



Safaríkar upplýsingar í Xerox litum gera það að verkum að útkoman er lesandanum í fersku minni.

Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.
XEROX®
Grensásvegur 10, Reykjavík
563 3000 // www.ejs.is
EJS

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FREMUR MILT NÆSTU DAGA**

Almennt má segja að milt verði á landinu í dag og næstu daga. Reyndar má búst við frosti til landsins austan til en að öðru leyti verður frostlaust á láglendi. Á hinn bóginn er vaxandi vindur í kortunum. Í dag verður vindurinn nokkuð stífur vestan til sem og á morgun en síðan skrúfast hann heldur upp annars staðar líka.

*um hádegi »*



*» á morgun*



5-13 m/s, hvassast vestan til.

*» föstudagur*



5-13 m/s hvassast sunnan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Suðaustan 8-10 m/s. Skýjað og hætt við lítilsháttar súld eða rigningu. Hiti 4-7 stig.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C alskýjað | London | 8°C léttskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 8°C skúrir | París | 2°C hálfskýjað | Mallorca | 17°C heiðskírt |
| Osló | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 4°C heiðskírt | Algarve | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 7°C heiðskírt | Krít | 9°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C léttskýjað | Berlín | 5°C heiðskírt | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Jólaútsala

**60%** afsláttur af **allri** jólavöru







HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KJÖRKASSINN



*Drekkur þú malt og appelsín um jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 87% |
| Nei | 13% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlar þú á janúarútsölur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

## Fjölgun tilkynninga um kynferðisbrotamál á síðasta ári:

# Tæp 300 kynferðisbrot til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega 300 kynferðisbrot voru skráð hjá lögreglu á síðasta ári, eða 288. Þá fjölgaði tilkynningum til lögreglu vegna kynferðislegrar áreitni, vegna kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára og vegna vörslu á barnaklámi, miðað við meðalfjölda þessara brota árin á undan.

Í ársskýrslu embættis ríkislögreglustjóra kemur fram að 2005 fjölgaði tilkynningum vegna nauðgana um rúmlega 3 prósent milli ára og um tæplega prósent þegar litið er til meðalfjölda tilkynninga 2000 til 2004.

Athygli vekur fjölgun tilkynninga vegna nauðgana árið 2005 en um er að ræða svipaðan fjölda og árið 2002. Ekki er víst að um raunverulega fjölgun brota sé að ræða enda virðist sem óvenju mikið af eldri málum hafi verið tilkynnt til lögreglu á síðasta ári. Þannig áttu tæplega 18 prósent af þeim nauðgunarmálum sem tilkynnt voru til lögreglu 2005 sér stað fyrir þann tíma. Árið 2004 var sambærilegt hlutfall eldri mála átta prósent og rúmlega 14 prósent árið 2003. **- jss**




**EMBÆTTI RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA** Tilkynningum til lögreglu vegna kynferðislegrar áreitni, kynferðisbrota gegn börnum yngri en 14 ára og vegna vörslu á barnaklámi hefur fjölgað.

## Maður ákærður í Reykjavík:

# Sparkaði í strætóbílstjóra

**DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir líkamsárás sem hann framdi að kvöldi sunnudagsins 4. júní á þessu ári í biðstöð strætisvagna við Hlemmtorg í Reykjavík. Maðurinn sparkaði tvisvar í konu sem gegndi starfi strætóbílstjóra og marðist hún á handlegg. Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur út ákæruna. Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar. Auk þess krefst konan þess að maðurinn verði dæmdur til að greiða miskabætur að fjárhæð 150 þúsund krónur sem og lögmannsþóknun að upphæð 40 þúsund krónur. - ifv**

## Starfsmenntunarverkefni:

# Ísland fékk um 86 milljónir

**STYRKUR** Tilraunaverkefni á vegum Leonardó á Íslandi fengu 956.491 evrur eða um 86 milljónir íslenskra króna á þessu ári sem skiptast á þrjú verkefni. Verkefnin miða að því að þróa nýjar aðferðir og leiðir til að stuðla að auknum gæðum og fjölbreytni í starfsmenntun og starfsþjálfun starfsmanna. Styrkupphæð til einstakra verkefna er frá 25 milljónum til 33 milljóna en hún er um 75 prósent af heildarkostnaði verkefnanna. **- hs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í aðventuljósi

Eldur kviknaði í aðventuljósi í íbúðarhúsi í Hafnarfirði aðfaranótt þriðjudags. Skemmdir urðu töluverðar vegna sóts og var einn fluttur á slysadeild eftir eldsvoðann. Meiðsl hans voru þó ekki talin alvarleg.

### Bílvelta í Hvalfirði

Bíll valt á norðurleið nærri Grundartanga á jóladagsmorgun. Hann fór af veginum í slabbi og valt nokkrum sinnum. Ökumaður, sem var einn í bílnum, var fluttur á slysadeild en slasaðist ekki illa. Bíllinn er talsvert skemmdur eftir bylturnar.

# Hertar reglur munu útiloka einhleypa

**Hertar reglur Kínverja um skilyrði til ættleiðingar munu útiloka einhleypa frá ættleiðingum þarlendra barna. Hlutfall íslenskra barna sem gefin eru til ættleiðingar er mjög lágt þrátt fyrir aukningu í málum barnaverndarnefnda.**

**ÆTTLEIÐINGAR** Kína hefur hingað til verið eina landið í heiminum sem heimilar einhleypum ættleiðingu. Samkvæmt heimildum breska ríkisútvarpsins munu Kínverjar herða reglur um skilyrði til ættleiðingar á næsta ári og munu þá einungis veita leyfi til para á aldrinum 30-50 ára. Þá munu of feitir einstaklingar missa rétt sinn til ættleiðingar.

Kínverska ættleiðingamiðstöðin hefur ekki sent Íslenskri ættleiðingu upplýsingar um breyttar reglur, en hingað til hafa einhleypir Íslendingar átt möguleika á að ættleiða börn þaðan.

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir að eins og staðan sé núna sé biðtími einhleypra eftir barni um sjö ár en biðtími para um tvö og hálft ár.

Það sem af er þessu ári hafa átta ættleiðingar farið í gegnum Íslenska ættleiðingu, sex frá Kína og tvær frá Indlandi. Eitt af þessum átta börnum var ættleitt af einhleypu foreldri. Árið 2005 voru 35 börn ættleidd á vegum Íslenskrar ættleiðingar, þar af fóru þrjú til einhleypra foreldra. Fjórða janúar koma fimm ættleidd börn til landsins og eru þau öll frá Kína.

Yfir hundrað umsóknir eru nú í ferli hjá Íslenskri ættleiðingu og er það töluverð aukning milli ára. Alls hafa 476 börn verið ættleidd í gegnum Íslenska ættleiðingu frá því hún hóf starfsemi sína fyrir 18 árum.

Kostnaður við ættleiðingu er um ein milljón króna en ný reglugerð gerir ráð fyrir að foreldrar fái 480 þúsund króna styrk frá ríkinu til að standa straum af kostnaðinum.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er hlutfall íslenskra barna sem gefin eru til ættleiðingar mjög lágt. Þannig voru einungis sjö af þeim 75 börnum sem ættleidd voru á síðasta ári frá Íslandi. Þessi tala á við frumættleiðingu en það er ættleiðing á barni sem er ekki barn eða kjörbarn maka umsækjenda.

Ábendingar um íslensk börn sem koma til greina til frumættleiðingar koma yfirleitt í gegnum barnaverndarnefndir á Íslandi. Í ársskýrslu Barnaverndarnefndar kemur fram að fjöldi þeirra barna sem nefndirnar höfðu afskipti af árið 2004 voru 5.643 og er það um 20 prósenta fjölgun á milli ára. Þessi fjölgun hefur hins vegar ekki skilað sér í fjölda ættleiddra barna.

**hugrun@frettabladid.is**



**ÆTTLEIDD BÖRN** Breyttar reglur Kínverja munu koma í veg fyrir að einhleypir, of feitir og fólk yfir fimmtugt fái að ættleiða börn þaðan.



**INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR**

**FJÖLDI ÍSLENSKRA FRUMÆTTLEIDDRA BARNA**

| Ár | íslensk börn | heildarfjöldi |
|---|---|---|
| 2005 | 7 | 75 |
| 2004 | 4 | 60 |
| 2003 | 5 | 54 |
| 2002 | 4 | 49 |
| 2001 | 3 | 54 |
| Alls | 23 | 292 |

## Rannsókn á tíðni óvæntra skaða við innlagnir á sjúkrahús hérlendis fyrirhuguð:

# Algengt að fólk slasist á spítölum

**HEILBRIGÐISMÁL** Einn eða fleiri óvæntir skaðar verða í 8,2 prósentum innlagna á sjúkrahús og að öllum líkindum hefði mátt koma í veg fyrir tæplega 40 prósent þeirra. Þetta er meðal þess sem rannsóknir á tíðni óvæntra skaða á sjúkrahúsum hafa leitt í ljós í Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Nýja-Sjálandi og Kanada og kemur fram í nýrri greinargerð um eftirlit Landlæknisembættisins með heilbrigðisstofnunum og starfi heilbrigðisstétta. Til stendur að gera hliðstæða rannsókn hér á landi.

Niðurstöður rannsóknanna sýndu meðal annars að tæplega níu prósent þeirra sem urðu fyrir óvæntum skaða létust, rúmlega níu prósent urðu fyrir langvinnum örkumlum og 23 prósent urðu fyrir tímabundnum örkumlum.

Um 30 þúsund innlagnir eru á Landspítalann á ári og séu meðaltöl þessara niðurstaðna heimfærð á hann má gera ráð fyrir að um 2.500 manns verði þar árlega fyrir óvæntum skaða og að koma megi í veg fyrir um 1.000 þeirra. Þar af látist um 225 manns, um 225 manns verði fyrir langvinnum örkumlum og tæplega 600 manns verði fyrir tímabundnum örkumlum. **- sdg**



**HERBERGI Á SJÚKRAHÚSI** Fyrirhuguð rannsókn er eitt af verkefnum Landlæknisembættisins til að efla öryggi í heilbrigðisþjónustunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





Það liggur ljóst fyrir að upplýsingar sem ekki kveikja áhuga eru einskis nýtar. 30 ára reynsla Xerox kemur fram í skínandi litum sem vekja 82% meiri athygli.



Xerox litaprentarar, fjölnota kerfi og stafrænar prentvélar.

XEROX

Grensásvegur 10, Reykjavík 563 3000 // www.ejs.is

EJS

Þú ert það sem þú hugsar



*Helgarnámskeið 12.-14. janúar*

- **Fáðu að vita** hvernig þú getur stjórnað hugsunum þínum betur.
- **Lærðu** öruggar aðferðir til að draga úr streitu og kvíða.
- **Byggðu upp** sjálfstraust og jákvætt hugarfar.
- **Uppgötvaðu** hvernig þú getur komið lífi þínu í jafnvægi.

Skráning og ummæli* á **www.gbergmann.is** og í síma 690-1818 (Guðjón Bergmann).

*Yfir 130 ánægðir þátttakendur haustið 2006

Hringbrot

www.toyota.is

# ÞEGAR VIÐ SEGJUM ÚRVALSBÍLAR ÞÁ MEINUM VIÐ ÞAÐ



**Toyota Land Cruiser GX Dísel** sjsk. Aukasæti
Á götuna: 06.06 Ekinn: 6.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. PR363



**Toyota Land Cruiser GX** 33" breyttur sjsk.
Á götuna: 10.03 Ekinn: 75.000 km
Verð: 3.950.000 kr. Skr.nr. UE960



**Toyota Land Cruiser** sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 13.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. BJ187



**Mercedes Benz C 180** sjsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 9.000 km
Verð: 3.950.000 kr. Skr.nr. NX248



**Toyota Land Cruiser 3000 Dísel** sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 57.000 km
Verð: 4.400.000 kr. Skr.nr. ON301



**BMW 318i 2000 bensín** sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 6.000 km
Verð: 3.480.000 kr. Skr.nr. NH841



**Toyota Avensis 1800 bensín** sjsk.
Á götuna: 03.06 Ekinn: 10.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Skr.nr. NZ631



**Toyota Corolla Verso** 1.8 bensín 5 gíra MM
Á götuna: 03.06 Ekinn: 9.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. SI706



**Toyota Hiace 4wd 2500 dísel** 5 gíra
Á götuna: 03.06 Ekinn: 23.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. LH734



**Toyota RAV4 GX 2200 dísel** 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 2.000 km
Verð: 3.400.000 kr. Skr.nr. YF312



**Toyota Yaris Sol 1300 bensín** 5 gíra
Á götuna: 02.06 Ekinn: 12.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Skr.nr. RK745



**VW Caddy 1400 bensín** 5 gíra
Á götuna: 06.04 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.140.000 kr. Skr.nr. PS658



**VW Golf 1600 bensín** 5 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 26.000 km
Verð: 1.800.000 kr. Skr.nr. VB993



**Toyota Corolla S/D** 5 gíra.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 47.000 km
Verð: 1.520.000 kr. Skr.nr. MG274



**Toyota Avensis 1800 bensín** 5 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 63.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. DP737



**Toyota Corolla 1400 bensín** 5 gíra
Á götuna: 09.03 Ekinn: 76.000 km
Verð: 1.250.000 kr. Skr.nr. JE306

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 16 Úrvalsbíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 35514 12/06

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða erlenda hljómplötufyrirtæki hefur lýst yfir áhuga á að semja við Garðar Thór Cortes óperusöngvara?*

2 *Hvað heitir írski söngvarinn sem verður sæmdur heiðursriddaratign bresku krúnunnar á næsta ári?*

3 *Hvaða fornfræga skemmtistað í Reykjavík var lokað seinasta föstudag?*

Guðfaðir sálartónlistarinnar lést 73 ára að aldri þegar hjarta hans gaf sig:

# James Brown lést á jóladag

**ATLANTA, AP** James Brown, oft nefndur guðfaðir sálartónlistarinnar, lést að morgni jóladags þegar hjarta hans gaf sig aðeins tveimur dögum eftir að hann hafði verið lagður inn á sjúkrahús vegna lungnabólgu. Brown, sem var 73 ára gamall þegar hann lést, var í fullu fjöri fram undir það síðasta og stefndi að því að koma fram á gamlárskvöld á blúsklúbbi B.B. King í New York. „Ég er vinnusamasti maðurinn í skemmtanaiðnaðinum,“ sagði Brown kvöldið sem hann dó.

James Brown var einn af fyrstu listamönnunum sem voru vígðir inn í Frægðarhöll rokksins ásamt Elvis Presley, Chuck Berry og fleirum. Árið 1992 vann James Brown heiðursverðlaun Grammy fyrir ævistarf sitt. Áður hafði hann unnið til Grammy-verðlauna árin 1965 og 1987. Þá átti Brown lítið en eftirminnilegt hlutverk í myndinni The Blues Brothers frá árinu 1980 þar sem hann lék ákaflega lífsglaðan prest.



**JAMES BROWN** Viku áður en hann lést ræddi hann fyrirhugaða tónleikaferð sína í viðtali.

Brown var ákærður fyrir misnotkun á áfengi og eiturlyfjum og það vakti mikla athygli þegar samskipti hans við lögreglu enduðu í bílaeltingaleik milli fylkja. Í kjölfarið sat Brown í fangelsi í 15 mánuði.

Brown var fjórkvæntur og lætur eftir sig að minnsta kosti fjögur börn. **- sdg**

Eldur í Mývatnssveit:

# Illa haldinn eftir verkstæðisbruna

**BRUNI Eldur kviknaði í bifreiðaverkstæði Malarvinnslunnar í Mývatnssveit á jóladag. Einn maður var inni í húsinu og hlaut hann slæm brunasár. Hann var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til aðhlynningar. Að sögn fulltrúa lögreglunnar á Húsavík er líðan hans eftir atvikum.**

**Húsnæðið og allt sem inni í því var er gjörónýtt eftir brunann, meðal annars tvær vörubifreiðar og annar verkstæðisbúnaður. Eldsupptök eru ókunn en málið er í rannsókn hjá lögreglu.**

**- sþs**

Jólagjöf dótturinnar tollskyld:

# Ósanngjörn greiðsla tolls

**TOLLAMÁL** Valgarður Stefánsson, íbúi á Akureyri, lenti í því rétt fyrir jólin að þurfa að borga 1.130 króna toll af jólagjöf sem dóttir hans sendi honum frá Ítalíu.

Þetta stríðir gegn gildandi reglum því gjafir sem sendar eru til Íslands með pósti eru ekki tollskyldar og kom það fram á fylgibréfi með pakkanum að um gjöf væri að ræða. Í pakkanum voru ein peysa og hleðslutæki fyrir farsíma að verðmæti fimmtán evrur og var sú tala nefnd í fylgibréfinu.

„Mér finnst þetta óréttlátt. Ég veit ekki hvernig ég get leitað réttar míns í þessu máli,“ segir Valgarður sem telur ástæðuna líklega vera að dóttir hans lét reikning með söluverðmæti gjafanna ekki fylgja. **- ifv**

Flokkurinn Flokkurinn:

# Nýtt framboð til Alþingis

**STJÓRNMÁL** Stofnaður hefur verið nýr stjórnmálaflokkur sem fengið hefur nafnið Flokkurinn. Meðal helstu áhersluatriða flokksmanna er að breyta kosningakerfinu og afnema ný lög um styrki til stjórnmálaflokka.

Stofnandi flokksins er Haukur Nikulásson, en að baki honum er hópur manna sem hefur tilheyrt ýmsum flokkum til þessa. Flokkurinn hefur sótt um listabókstafinn A og segir Haukur að um jafnaðarmannaflokk sé að ræða.

Haukur hefur meðal annars kynnt þingmönnum og öðrum hugmynd að nýju kosningakerfi. **- sh**

## LÖGREGLUFRÉTT

### Bílvelta við Húsavík

Bíll valt á Norðausturvegi austan við Húsavík á jóladag. Ökumaður, sem var einn á ferð, missti stjórn á bifreiðinni þannig að hún fór út af veginum og valt. Betur fór en á horfðist því engin slys urðu á ökumanni og bíllinn er lítið skemmdur eftir veltuna.





**SPENNA Í GUANGDONG** Þessi mynd var tekin á síðasta ári þegar bóndi nokkur gekk einn síns liðs með pokann sinn framhjá vopnuðum kínverskum lögreglumönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Kærðir fyrir mótmæli

**Langvarandi deilur milli bænda og héraðsyfirvalda í Guangdong í Kína snúast um spillingu yfirvalda og rétt bænda til að halda landareignum sínum.**

**KÍNA, AP** Sjö bændur í Kína hafa verið ákærðir af hinu opinbera fyrir að hafa skipulagt mótmæli í vor þegar auðugur kaupsýslumaður mætti með verkamenn á landareign þeirra og hugðist láta þá grafa fyrir nýjum byggingum.

Yfirvöld á staðnum höfðu afhent honum landið án þess að nefna það einu orði við bændurna, sem brugðust ókvæða við. Kaupsýslumaðurinn samdi þá við bændurna um að greiða þeim bætur fyrir landið, en kærði þá síðan fyrir fjárkúgun og í gær hófust réttarhöld í málinu. Bændurnir eiga yfir höfði sér fangelsisdóm upp á þrjú til tíu ár.

Bændurnir sjö búa í Sanshanþorpi í héraðinu Guangdong, sem er sunnan til í Kína. Þeir lentu í átökum við lögregluna í maí síðastliðnum þegar þeir reyndu að stöðva framkvæmdir kaupsýslumannsins, sem hafði hugsað sér að reisa fiskeldisstöð á landareignum þeirra.

„Bændurna grunaði að sveitarstjórnin hefði blandað sér í málið,“ segir Zhang Jiankang lögfræðingur, sem segir að stjórnvöld hafi lagt ríka áherslu á að hann kæmi hvergi nærri þessu dómsmáli. „Núna síðustu dagana hafa sex eða sjö lögreglumenn fylgt mér eftir dag og nótt,“ sagði hann.

> Núna síðustu dagana hafa sex eða sjö lögreglumenn fylgt mér eftir dag og nótt
>
> **ZHANG JIANKANG** LÖGFRÆÐINGUR

Deilur af þessu tagi og mótmælaaðgerðir þeim tengdar, sem stundum enda með átökum, hafa verið algengar í Kína síðustu árin, sérstaklega í fátækari hlutum landsins. Mótmælin beinast oftast gegn stjórnvöldum, sem sökuð eru um spillingu sem felst í því að afhenda einkafyrirtækjum og auðjöfrum landsvæði með ólöglegum hætti.

Þessir sjö bændur, sem hafa verið handteknir og ákærðir, eru aðeins lítill hluti þeirra bænda sem mótmæltu áformum kaupsýslumanns í Sanshan. Deilurnar eru hluti af stærra máli, sem snýst um 1.200 hektara lands í eigu átta þúsund bænda. Þessar landareignir hafa frá árinu 2005 verið teknar af bændunum til að nýta þær undir framkvæmdir á vegum einkafyrirtækja af ýmsu tagi.

Um það bil þrjú þúsund þessara bænda hafa staðið fyrir mótmælaaðgerðum og undirskriftaherferðum gegn héraðsstjórninni, sem þeir telja standa að baki landtökunni. **gudsteinn@frettabladid.is**

Minningarathafnir víða:

# Tvö ár liðin frá flóðbylgjunum

**HAMFARIR** Í gær voru tvö ár liðin frá því að flóðbylgjur urðu 230.000 manns að bana í tólf löndum við Indlandshaf. Stærsti jarðskjálfti í 40 ár skók sjávarbotninn við Súmötru, vestustu eyju Indónesíu, sem olli því að risavaxnar flóðbylgjur æddu yfir Indlandshaf á þotuhraða og skullu á fiskiþorpum, ferðamannasvæðum og strandbæjum.

Minningarathafnir voru haldnar víða í gær og fólk safnaðist saman til að votta fórnarlömbum flóðbylgjunnar virðingu sína.

Hundruð manna söfnuðust saman í nokkrum borgum í Svíþjóð í gær til að minnast landa sinna sem fórust. Alls létust 524 Svíar í flóðunum sem er meira en í nokkrum öðrum náttúruhamförum. **- sdg**



**FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK** Safnaðarpresturinn í Fríkirkjunni segir að metaðsókn hafi verið í Fríkirkjuna á aðfangadag.

Kirkjusókn góð í Reykjavík:

# Metaðsókn í Fríkirkjuna

**KIRKJUMÁL** Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur í Fríkirkjunni, segir að metaðsókn hafi verið í kirkjuna á aðfangadag en um eitt þúsund manns komu í guðsþjónusturnar sem haldnar voru. „Í 107 ára sögu safnaðarins hefur aldrei verið önnur eins aðsókn,“ segir Hjörtur.

Kirkjusókn var almennt mjög góð í Reykjavík yfir hátíðarnar að sögn Gísla Jónassonar, sóknarprests í Breiðholtsprestakalli og prófasts í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Að sögn Gísla var aukningin á kirkjusókn í Breiðholtskirkju á milli ára í þremur messum á aðfangadag, jóladag og annan í jólum um 20 prósent frá því í fyrra og munar mest um hversu margir komu til messu í gær. **- ifv**

PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 13,8% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 31. október–30. nóvember 2006. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun**

13,8% ávöxtun

Fiton/SÍA

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is**

SPARISJÓÐURINN

# Áramótin á Broadway

Það einfaldlega gerist ekki betra!



## Sálin hans Jóns míns

Addi Exos
Grétar G
DJ Víkingur
DJ Björn Þór

Sérstök forsala til 28. desember á www.broadway.is
Verð í sérstakri forsölu krónur 2.500,-
Almennt verð krónur 3.500,-
20 ára aldurstakmark
Húsið opnar á miðnætti

BROADWAY



**TJALD EFTIR TJALD** Vegfarendur í París virða fyrir sér röð tjalda sem komið var upp fyrir heimilislausa í borginni til að beina athygli ráðamanna að húsnæðisleysi.

Grænlendingar auka veiðar sínar á náhval um 100 dýr á næsta ári:

# 250 dýr umfram ráðgjöf veidd

**SJÁVARÚTVEGUR** Grænlenska landstjórnin hefur ákveðið að auka náhvalskvótann um 100 dýr á næstu vertíð. Veidd verða 385 dýr en veiðiráðgjöf Norðaustur-Atlantshafs sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) telur að stofninn þoli ekki nema 135 hvala veiði. Veiðin á næsta ári er því þrisvar sinnum meiri en ráðgjöfin segir til um.

Ákvörðun landstjórnarinnar hefur mætt mikilli gagnrýni bæði heima fyrir og frá dýraverndunarsamtökum í Evrópu og Bandaríkjunum. Grænlenskir vísindamenn á náttúrufræðistofnun landsins hafa gagnrýnt ákvörðunina harðlega og taka undir með vísindamönnum NAMMCO um veiðiþol stofnsins. Stofn náhvalsins, eða einhyrnings hafsins eins og hann er oft nefndur vegna langrar tannar sem skagar út úr trjónu hvalsins, við Vestur-Grænland er talinn vera á bilinu 5500 til 7800 dýr.

Bitist er um málið á vettvangi stjórnmálanna í Grænlandi og stjórnarandstöðuflokkurinn Demókratar telur kvótaaukninguna einkennast af skammsýni. Þingmaður flokksins, Jens B. Frederiksen, segir ákvörðun Finns Karlsen sjávarútvegsráðherra geta haft það í för með sér að Grænlendingar þurfi að sætta sig við enn meiri takmarkanir á veiði úr náhvalsstofninum í framtíðinni, ef mjög verði gengið á stofninn á næstu árum. - shá



**NÁHVALIR AÐ „SKYLMAST“** Náhvalir koma stöku sinnum upp að ströndum Íslands sem flækingar. MYND/VÍSINDAVEFUR HÍ

Sex mánaða fangelsi:

# Sló mann í höfuðið með glasi

**DÓMSMÁL Sautján ára gamall maður var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness á miðvikudaginn fyrir hrottafengna líkamsárás á skemmtistaðnum Traffic í Keflavík þann 4. desember árið 2005. Maðurinn sló mann í höfuðið með glerglasi og hlaut hann djúpa skurði á höfði; slagæð fór í sundur og missti hann einn og hálfan til tvo lítra af blóði.**

**Í dómnum kemur fram að tilviljun hafi ráðið því að maðurinn hafi ekki orðið fyrir alvarlegu líkamstjóni en litið er til ungs aldurs mannsins við uppkvaðningu dómsins. - ifv**

Frjáls verslun:

# Róbert maður ársins 2006

**VIÐURKENNING** Róbert Wessman, forstjóri Actavis Group, hefur verið útnefndur maður ársins 2006 í íslensku atvinnulífi en það var dómnefnd Frjálsrar verslunar sem valdi Róbert. Róbert hlýtur þennan heiður fyrir einstakan árangur við að stækka fyrirtækið, athafnasemi og djarflega framgöngu við yfirtökur á erlendum fyrirtækjum. Starfsmenn Actavis eru ellefu þúsund og starfa í 32 löndum. Arðsemi Actavis hefur verið 59 prósent á ári að jafnaði frá árinu 1999 sem er einstök ávöxtun.



**RÓBERT WESSMAN** Maður ársins 2006 í íslensku atvinnulífi.

Viðurkenningin verður afhent formlega á Hótel Sögu 29. desember. - hs

Handalögmál í klaustri:

# Munkar slógust á Grikklandi

**ÞESSALÓNIKA, AP Sjö manns urðu fyrir meiðslum þegar slagsmál brutust út milli tveggja fylkinga munka í klaustri í Grikklandi á miðvikudag.**

**Átökin urðu þegar hópur munka frá grísku rétttrúnaðarkirkjunni réðst til inngöngu í Esfigmenou-klaustrið á Aþosfjalli, sem grískir andófsmunkar hafa haft á valdi sínu. Meiðslin urðu þegar andófsmunkarnir í klaustrinu réðust á aðkomumunkana með kúbein og slökkvitæki að vopni.**

**Andófsmunkarnir, sem ekki njóta viðurkenningar rétttrúnaðarkirkjunnar, eru harðlega andsnúnir því að rétttrúnaðarkirkjan sættist við rómversk-kaþólsku kirkjuna í Páfagarði. - gb**

# Þungir dómar fallið vegna fíkniefnabrota

**Margir þungir dómar hafa fallið á árinu vegna stórfellds fíkniefnainnflutnings. Gífurlegt magn af fíkniefnum hefur verið gert upptækt. Fimm Litháar, Pólverji og 12 Íslendingar hafa hlotið dóma fyrir að reyna að smygla fíkniefnum.**

**DÓMSMÁL** Fjölmargir þungir dómar hafa fallið á árinu yfir einstaklingum sem hafa reynt fíkniefnainnflutning til landsins.

Fimm Litháar hlutu fíkniefnadóma. Fyrst var Romas Kosakovskis dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi vegna innflutnings á miklu magni af amfetamínbasa og brennisteinssýru í vökvaformi. Úr vökvanum hefði verið hægt að framleiða 17,5 kíló af neysluefni. Hæstiréttur þyngdi dóm hans í fjögurra ára fangelsi. Viku síðar voru tveir landar hans, Arvydas Maciulskis og Saulius Prusinskas, dæmdir í tveggja og hálfs árs fangelsi eftir að flöskur með sambærilegum amfetamínbasa fundust í fórum þeirra. Hægt hefði verið að framleiða 13,3 kíló af amfetamíni úr efnunum. Í nóvember voru svo Sarunas Budvytis og Virunas Kavalciukas dæmdir í sjö ára fangelsi fyrir innflutning á um tólf kílóum af amfetamíni.

Þá var pólskur karlmaður, Karol Prezewdziecki, dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir tilraun til að flytja inn þrjú kíló af hassi og um 50 grömm af kókaíni.

Fjölmargir Íslendingar hlutu einnig dóma. Þeir Kristófer Már Gunnarsson, Hákon Traustason og Viktor Árnason voru dæmdir í þriggja ára, tveggja ára og 18 mánaða fangelsi fyrir innflutning á um hálfu kíló af kókaíni. Þeir eru fæddir 1987 og 1988. Stuttu áður hafði Mikael Már Pálsson verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að hafa verið með um fjögur kíló af amfetamíni falin í ferðatösku sinni þegar hann kom frá París. Hann skipulagði einnig innflutning drengjanna þriggja.

Agnar Þórarinsson var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa staðið að innflutningi á einu kílói af amfetamíni og fjórum kílóum af hassi. Í nóvember var svo Arnar Theodórsson dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir að hafa reynt að smygla til landsins tæplega 700 grömmum af kókaíni í tölvuturni.

Í þessum mánuði hafa fallið tveir þungir fíkniefnadómar. Par um tvítugt, Valur Hoe Guðmundsson og Þórunn Ester Þórhallsdóttir, voru dæmd í 18 mánaða fangelsi hvort fyrir að hafa reynt að smygla inn í landið einu kílói af kókaíni. Við húsleit hjá þeim fundust þar að auki um 1,3 kíló af kannabisefnum.

Síðastliðinn fimmtudag voru svo fjórir menn, Ólafur Ágúst Hraundal Ægisson, Ársæll Snorrason, Johan Hendrik Engelsman og Hörður Eyjólfur Hilmarsson dæmdir til samtals 24 og hálfs árs fangelsisvistar fyrir innflutning á rúmlega 15 kílóum af amfetamíni og 10 kílóum af hassi. Ólafur Ágúst fékk þyngsta dóminn, átta og hálfs árs fangelsi.

thordur@frettabladid.is



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Fjölmargir hafa hlotið þungan dóm vegna fíkniefnabrota á árinu. Fimm Litháar, Pólverji og tólf Íslendingar hafa hlotið dóm fyrir smygl.



**BASILÍKA** 750 Danir fengu afar slæma matareitrun vegna basilíku frá Ísrael.

Klóaksmitað grænmeti:

# Danir eiga að borða danskt

**DANMÖRK** Besta leiðin fyrir Dani til að forðast að leggja sér til munns grænmeti, sem inniheldur bakteríur úr úrgangi annarra manna, er að borða danskt grænmeti, að sögn sóttvarnalæknis Danmerkur.

Kåre Mølbak lét þessi orð falla eftir að 750 nemar og kennarar Borup-menntaskólans í Ballerup fengu matareitrun í síðasta mánuði eftir að hafa snætt veislumat sem innihélt basilíku frá Ísrael. Við rannsókn kom í ljós að basilíkan hafði verið hreinsuð upp úr klóakmituðu vatni sem innihélt úrgang úr mönnum.

Sérstaklega ber fólki að forðast grænmeti frá Ísrael, Víetnam, Kenía og Taílandi, hefur fréttavefur Politiken eftir Mølbak. - smk

Eldur á jóladagsmorgun:

# Reykur fór um allt íbúðarhúsið

**ELDUR Eldur kom upp í kjallaraíbúð í Hlíðahverfinu í Reykjavík um klukkan sjö á jóladagsmorgun. Reykur fór um allt húsið og þurftu margir íbúar þess að fara út á meðan reykræst var. Engin slys urðu á fólki.**

**Upptök eldsins eru ókunn en lögreglan í Reykjavík telur að kertaskreyting eða eitthvað slíkt hafi átt hlut að máli. Reykskemmdir voru töluverðar, sérstaklega í herberginu þar sem eldurinn kom upp. - sþs**






Tekjur fjarskiptafyrirtækja af samskiptum við útlönd nema tveimur milljörðum á ári:

# Milljónatap við sæstrengsrof

**FJARSKIPTI** Það er þjóðhagslega hagkvæmt að ráðast í lagningu nýs sæstrengs milli Íslands og Evrópu fyrr en síðar.

Þetta er meðal niðurstaðna skýrslu ParX viðskiptaráðgjafar fyrir Póst- og fjarskiptastofnun en í henni er fjallað um áhrif sambandsrofs í millilandafjarskiptum og tímasetningu á lagningu nýs sæstrengs.

Í skýrslunni kemur fram að beinar tekjur fjarskiptafyrirtækja af samskiptum við útlönd séu taldar vera um tveir milljarðar króna á ári eða í kringum 5,5 milljónir á dag. Gert er ráð fyrir að fyrirtækin verði af þessum tekjum ef samband rofnar. Slitni strengur í sjó tekur viðgerð jafnan um tvær vikur og verða fyrirtækin þá af tæpum 80 milljónum króna á meðan.

Fleiri rök eru færð fyrir nauðsyn þess að leggja nýjan ljósleiðarasæstreng, sem áætlað er að kosti um 3,5 milljarða króna. Ólíklegt er að rekstur netvera og gagnaþjónustumiðstöðva fyrir erlenda aðila festi rætur ef sambandið er ekki tryggara en nú er, auk þess sem hæpið er að ætla að hugmyndir um fjármálamiðstöð á Íslandi verði að veruleika án öruggra fjarskipta. - bþs



**BILAÐUR LJÓSLEIÐARI** Það kostar skildinginn þegar rof verður á fjarskiptasambandi við útlönd.

## Arctic Trucks jeppamiðstöð

# AT405 komið!
**RADIAL**

**Eina stóra dekkið með felguvörn**
Tilgangurinn með felguvörninni á **AT405** er að minnka líkur á að felgurnar skemmist auk þess sem minni líkur eru á að snjór troðist á milli felgu og dekks.

**14° sleppihorn**
14° sleppihorn er á öllum kubbum mynstursins á **AT405** til að fyrirbyggja að snjór safnist fyrir.

**Hannað fyrir 12–14" breiðar felgur**
**AT405** er eina 38" dekkið sem hannað hefur verið sérstaklega fyrir 12–14" breiðar felgur þannig að upprunaleg bauglögun banans helst. Þetta stuðlar að jafnari þyngdardreifingu og sliti.

**Stefnuvirkt dekk með opnar vatnsrásir**
Eftir því sem dekk eru breiðari eru meiri líkur á að þau fljóti (aquaplanning) við akstur í krapa eða á blautum vegum. Til að minnka líkur á floti er **AT405** með opnar vatnsrásir til beggja hliða sem dæla vatninu út auk þess að vera með dýpra mynstur og þar af leiðandi betri hreinsunareiginleika.

**Nýstárleg nagladreifing**
Á nýja dekkinu er nagladreifingin óregluleg jafnt á miðjunni sem til hliðanna. Þetta gerir það að verkum að við spólun á ís myndast fleiri rispur í ísinn en ef naglarnir væru hver á eftir öðrum. Þessi nýja nagladreifing tryggir einnig jafnara naglagrip við mismunandi loftþrýsting.

**Dýpra mynstur**
Mynsturraufarnar á **AT405** eru rúmlega 10% dýpri en á flestum öðrum dekkjum í þessum stærðarflokki.

**Jafngrófasta stóra dekkið**
Mynstrið á **AT405** er jafngróft yfir allan banann til að minnka líkur á að dekkið „svelli undir sér" við akstur í snjó.

**Millimjúkt gúmmí**
**AT405** er búið til úr millimjúku gúmmíi sem heldur vel upprunalegum eiginleikum þrátt fyrir miklar hitasveiflur.




**Viðskiptavinir hafa hringt til okkar og sagt:**
*„Öruggasta stóra dekk sem ég hef notað"*
*„Besta hálkudekkið"*
*„Hljóðlátara en allt sem ég hef prófað"*
*„Bíllinn minn eyðir 2-3 lítrum minna af bensíni á hverja 100 km"*

06-0058 KC



*Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is*

ARCTIC TRUCKS®



**BÖRN Í BALA** Þessi börn höfðu það býsna gott í stórum bala eftir að aðstoð barst þeim í bænum Malacca í Malasíu, þar sem gífurleg flóð hafa orðið sex manns að bana og hrakið 60 þúsund manns að heiman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Víðtæk dönsk rannsókn á geðrænum vandamálum ungra foreldra:

# Nýbakaðar mæður í áhættuhópi

**DANMÖRK, AP** Nýbakaðar mæður eru í meiri hættu á að fá margs konar geðvandamál önnur en fæðingarþunglyndi, kemur fram í nýrri danskri rannsókn sem er ein sú stærsta sem gerð hefur verið á geðrænum vandamálum eftir fæðingu.

Feðurnir eru ekki í jafn mikilli hættu og mæðurnar, sennilega því þeir ganga ekki í gegnum sömu líkamlegu og félagslegu breytingar sem tengjast fæðingu barns, segir í niðurstöðum rannsóknarinnar sem birtar voru í bandaríska vísindatímaritinu Journal of the American Medical Association.

Í rannsókninni, sem byggð var á sjúkraskýrslum 2,3 milljóna Dana á ríflega 30 ára tímabili, kom fram að fyrstu þrír mánuðirnir eftir að konur eignast fyrsta barn sitt eru mesti áhættutíminn, sérstaklega fyrstu vikurnar þegar þær átta sig á ábyrgðinni sem fylgir því að hugsa um nýbura.



**UNGAR MÆÐUR** Fyrstu dagarnir eftir fæðingu reynast ungum mæðrum mun erfiðari en þegar barnið er orðið eldra.

Á fyrstu tíu til nítján dögunum voru nýbakaðar mæður sjö sinnum líklegri til að leggjast inn á sjúkrahús með einhvers konar geðvandamál heldur en konur með eldri ungbörn. Miðað við barnlausar konur voru nýju mæðurnar fjórum sinnum líklegri til að vera lagðar inn vegna geðrænna sjúkdóma.

Sjúkdómarnir sem um var að ræða voru fæðingarþunglyndi, geðhvörf, geðklofi og aðlögunarvandi sem haft getur lamandi kvíða með í för. - smk

Átta mánaða fangelsi:

## Var með hass og amfetamín

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í átta mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa haft tæp 85 grömm af hassi, 2 alsælutöflur og rúm 14 grömm af amfetamíni í fórum sínum. Um var að ræða tvær aðskildar ákærur. Maðurinn hefur verið dæmdur fjórum sinnum áður fyrir fíkniefnabrot. Við uppkvaðningu dómsins var litið til þess að með broti sínu rauf maðurinn skilorðsbundinn þriggja ára dóm sem var felldur yfir honum í apríl í fyrra fyrir brot gegn umferðar- og fíkniefnalögum. - ifv

Ung norsk móðir:

## Sagði frá dauða sonar síns fyrir fæðingu hans

**NOREGUR** **Norska lögreglan rannsakar nú mál ungrar móður frá Ringsaker, sem talin er hafa drepið eitt barn sitt og lagt á ráðin um dauða annars fyrir fæðingu þess.**

**Konan, sem er 24 ára, skrifaði á spjallsíðu á netinu um „sjúkdóm“ nýfædds sonar síns og lýsti svo dauða hans. Þetta var hins vegar mörgum vikum áður en drengurinn fæddist. Netvinir konunnar sendu henni fjölmargar samúðaróskir, kemur fram í frétt Aftenposten.**

**Eldri drengur konunnar lést úr öndunarörðugleikum vorið 2005, en yngri drengurinn var færður í umsjá barnaverndaryfirvalda eftir að hafa fengið svipuð köst nokkrum sinnum í vor og sumar.** - smk

Ný reglugerð felur í sér að lánastofnanir geta skoðað fleiri gögn en vanskilaskrár áður en lán eru veitt:

# Lánastofnunum heimilt að nota persónuupplýsingar til að úrskurða um lánshæfi

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd hefur ákveðið að hér á landi megi vinna með persónuupplýsingar í þágu mats á lánshæfi einstaklinga án þess að fyrir liggi leyfi frá Persónuvernd. Þetta er þó háð því skilyrði að viðkomandi einstaklingur veiti samþykki sitt.

Hér á landi hafa aðilar sem veita lán eða selja vöru og þjónustu á lánskjörum aðallega notað vanskilaskrár þegar ákvarðanir um lánveitingar eru teknar. Upplýsingar á þessum listum eru að mestu leyti sóttar til yfirvalda og dómstóla, svo og í Lögbirtingablaðið.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að margir hafi gagnrýnt að hafa ekki aðrar upplýsingar en vanskilaskrárnar og talið eðlilegt að geta byggt á öðrum gögnum, svo sem upplýsingum um lánshæfismat.



**BJÖRG ARNARDÓTTIR**

„Þetta tíðkast víða erlendis en til þessa hefur Persónuvernd ekki veitt leyfi til notkunar þessara gagna. Frá og með 19. desember er það hins vegar ekki háð hennar leyfi því stofnunin hefur ákveðið að nú megi nota upplýsingar um lánshæfismat sé það gert með samþykki viðkomandi.“

Sigrún segir að í breytingunni felist ekki að fjármálafyrirtæki muni sjálfkrafa hætta að nota vanskilaskrár heldur muni þau væntanlega meta hverju sinni á hvaða gögnum þau byggi sínar ákvarðanir.

Sigrún segir að enn liggi ekki fyrir hvaða aðilar séu tilbúnir til að leggja upplýsingar af mörkum sem liggi til grundvallar lánshæfismati. Sigrún nefnir sem dæmi að henni sé ekki kunnugt um að skattyfirvöld hafi ákveðið hvort þau muni leggja fram upplýsingar úr skattframtölum.

Björg Arnardóttir, lánasérfræðingur hjá Lánstrausti, segir að með tilkomu þessarar nýju reglugerðar geti lánveitendur gert áhættumat á umsækjendum lána þannig að álagið endurspegli þá raunverulegu áhættu sem lánveitandinn tekur með lánveitingunni. „Lánstraust vinnur nú að því að fá dulkóðaðar upplýsingar frá skattinum, fjögur ár aftur í tímann, til að getað notað tekjur einstaklinga við gerð útreikninga á ógjaldfærni.“

Björg segir að lánhæfisupplýsingastofur á Norðurlöndunum hafi mun betra aðgengi að gögnum um einstaklinga og má þar nefna upplýsingar úr skattskrám, eignir, skuldastöðu og fleira. hugrun@frettabladid.is



Fimmtán mánaða fangelsi:

## Síbrotamaður skallaði mann

**DÓMSMÁL** Tvítugur síbrotamaður var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness á fimmtudaginn fyrir ýmiss konar brot, til dæmis líkamsárás, þjófnað, eignaspjöll og brot gegn ávana- og fíkniefnum. Karlmaðurinn játaði öll brotin, nema að hafa skallað mann í andlitið við anddyri skemmtistaðarins Áttunnar í Hafnarfirði fyrr á árinu með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði.

Við uppkvaðningu dómsins var litið til þess að maðurinn rauf skilorð með brotum sínum; þess vegna þótti dómnum ekki við hæfi að skilorðsbinda refsinguna. - ifv

Ákvörðun kjararáðs um hækkun launa æðstu embættismanna:

# ASÍ gagnrýnir launahækkun

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands lýsir áhyggjum og furðu yfir rökstuðningi kjararáðs fyrir nýlegri launahækkun þar sem sérstök krónutöluhækkun fyrir þá lægstlaunuðu, sem samið var um í sumar, eigi að færast nú yfir til kjörinna fulltrúa, dómara og æðstu embættismanna sem prósentuhækkun.

Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, segir jákvætt að kjararáð sé að horfa vinnumarkaðinn í heild öfugt við forvera kjararáðs sem horfði mjög þröngt til þess hvað var að gerast í launaumhverfi opinberra starfsmanna. „En á þessu tímabili sem kjararáð er að horfa til, frá desember í fyrra og fram að septemberlokum, var samið um sérstaka hækkun allra lægstu launa og þeir taka það inn í úrskurðinn. Þessar hækkanir voru annars vegar svokölluð launaþróunartrygging sem tryggði öllum landsmönnum 5,5 prósenta launahækkanir á 12 mánaða tímabili þar á undan. Síðan var samið um sérstakan 15.000 króna taxtaviðauka sem fór fyrst og fremst til þeirra sem eru í lægri hluta tekjuskalans. Þannig að sú aðgerð vigtar þungt inn í launavísitöluna.“


**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** Laun kjörinna fulltrúa, dómara og æðstu embættismanna hækka um 3,6 prósent 1. október til viðbótar við 2,5 prósenta hækkun 1. janúar og 3 prósent hækkun 1. júlí, eða samtals 9,4 prósent.

Ólafur Darri telur ástæðu fyrir kjararáð að velta fyrir sér hvort sértækar aðgerðir með krónutöluhækkun á lægstu laun eigi að fara með vélrænum hætti yfir á æðstu embættismann sem prósenta. - sdg

Greiðsluerfiðleikar:

## Fráskildir frekar gjaldþrota

**FJÁRMÁL Fólk í aldurshópunum 18-34 ára er líklegast til að verða gjaldþrota í Noregi. Sá aldurshópur sem er í minnstri hættu á að lenda í greiðsluerfiðleikum þar í landi eru einstaklingar yfir 63 ára, líkt og hér heima.**

**Þetta er eitt af því sem fram kemur í úttekt Bjargar Arnardóttur hjá Lánstrausti um forvarnir í fjármálum.**

**Í Svíþjóð eru fráskildir líklegri til að verða gjaldþrota og sýna rannsóknir að líkur á gjaldþroti aukast um helming sé viðkomandi fráskilinn.** - hs


**EYJÓLFUR PÁLSSON** Byggt verður ofan á núverandi verslun Epals í Skeifunni 6.

Verslunin Epal stækkar:

## Epal bætir við 870 fermetrum

**FRAMKVÆMDIR Verslunin Epal stendur nú í framkvæmdum en fyrirhuguð er stækkun verslunarinnar upp á 870 fermetra. Áætlað er að framkvæmdum ljúki um mitt næsta ár sem þýðir að byggingartími verður mjög stuttur. Alls 1500 fermetra skemma verður byggð ofan á núverandi húsnæði Epals að Skeifunni 6 og gert er ráð fyrir 870 fermetra gólffleti með möguleika á stækkun.**

**Eyjólfur Pálsson, húsgagnaarkitekt og framkvæmdastjóri Epals, segir viðbygginguna teiknaða af Erum arkitektum en Ístak hefur tekið að sér verkið. Samþykki byggingarnefndar liggur fyrir.**

**Lofthæðin í hinu nýja rými verður á bilinu 8-10 metrar og þar verður 70 fermetra þakgluggi. Epal hefur verið starfrækt á Íslandi í yfir 30 ár og leggur áherslu á íslenska og erlenda hönnun.** - hs

Danskur prestur í vanda:

## Stal öli og víni frá kirkju

**DANMÖRK** Biskupinn í Kaupmannahöfn á í stökustu vandræðum með einn af prestum sínum. Séra Lene Matthies varð uppvís að þjófnaði á víni og bjór úr skáp í sóknarheimili Kristjánskirkju og Frelsarakirkjunni í Kristjánshöfn, segir á fréttavef Politiken.

Upp komst um þjófnaðinn eftir að kirkjustarfsmenn fóru að taka eftir að grynnkað hafði ískyggilega á áfengisbirgðum kirkjunnar. Falinni myndavél var þá komið fyrir og sást presturinn greinilega bjarga sér um föngin.

Biskupinn hefur farið fram á að presturinn verði rekinn, en þar sem hvorki lögreglan né ríkissaksóknari vilja taka málið að sér, hefur kirkjumálaráðuneytið ákveðið að séra Matthies verði eingöngu flutt til í starfi og fái stöðu á Norðurbrú. - smk

**DÓMSMÁL**

### Dæmdur fyrir kannabisræktun

Karlmaður, búsettur í Reykjavík, hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að hafa haft í fórum sínum hass og fimm kannabisplöntugræðlinga, sem hann var að rækta heima hjá sér.



HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# ÚTSA

## 27. desember

© Inter IKEA Systems B.V. 2006

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

RÝMUM FYRIR NÝJUM OG SPENNANDI VÖRUM

# ALAN er hafin!

r - 21. janúar

IKEA®

## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

# Hvalveiðar í fagnaðarskyni

Atvinnuhvalveiðar Íslendinga hófust 17. okóber á þessu ári, en þær höfðu þá legið niðri í 17 ár. Skoðanakannanir sýndu að meirihluti landsmanna var fylgjandi því að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni á ný, en mótmæli bárust frá 25 þjóðlöndum auk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. *Guðmundur Andri Thorsson* rithöfundur segir ástæðu veiðanna enn óútskýrða.

Árið 2006 beið endanlegt skipbrot sú stefna Bush-stjórnarinnar í Bandaríkjunum að fara sínu fram í heiminum án samráðs við aðrar þjóðir og alþjóðastofnanir – stefnan sem kennd hefur verið við „unilateralisma“. Það sama ár tóku hins vegar Íslendingar upp slíka stefnu undir forystu Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra. Þegar ameríski herinn fór og Íslendingar stóðu uppi ráðvilltir og móðgaðir og neyddust til að koma sér upp sjálfstæðri utanríkisstefnu í fyrsta sinn á lýðveldistímanum var eins og þeim dytti ekkert annað í hug en að hefja hvalveiðar og standa vörð um sjálfa táknmynd rányrkjunnar, botnvörpuna.

Jahá – svo þú ætlar burt með herinn! Ég fer þá bara að veiða hval!

Anað var af stað. Engar rannsóknir á afleiðingum eða hugsanlegum mörkuðum fóru fram áður en ráðist var í veiðarnar. Árangurinn blasir við og í rökræðu í Kastljósi við Ingibjörgu Sólrúnu var Geir Haarde forsætisráðherra farinn að draga skutulinn í land, talaði um veiðarnar sem „tilraun“. Hann kveinkaði sér meira að segja undan því að þurfa að ræða málið, sagði það ekki stórmál, sem segir sína sögu um breytt andrúmsloft hjá þjóðinni varðandi þessar veiðar.

Árangurinn: Áratuga markaðsstarf á landbúnaðarafurðum í Bandaríkjunum er í uppnámi; stórfelldir hagsmunir í ferðaþjónustu virðast fyrir borð bornir; ímynd Íslands á alþjóðavettvangi hefur beðið hnekki; hvalirnir sem veiddust eru óseldir – enda óvíst að þeir séu ætir.

### Lítill hagnaður en meiri fagnaður

Enn er ástæða veiðanna óútskýrð fyrir þjóðinni. Helst að skilja að „nú væri komið að því“. Þetta voru að minnsta kosti ekki veiðar í hagnaðarskyni – kannski frekar veiðar í fagnaðarskyni. Að minnsta kosti táraðist Halldór Blöndal af gleði …

Enda löng raunasaga að baki. Árið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundið bann við hvalveiðum í hagnaðarskyni með þeirri undantekningu að svokallaðir frumbyggjar í Alaska, Rússlandi og Grænlandi mættu áfram stunda sínar veiðar.

Nokkur urgur var í mörgum Íslendingum vegna málsins strax þá. Að vísu var ekki deilt um það að stöðva þyrfti stórfelld hvaladráp stórþjóðanna – Japana og Rússa – en hins vegar töldu margir hér á landi gegna allt öðru máli um Íslendinga: Þeir lifðu af landsins gæðum og ef þeim yrði meinað það þá væri sjálfum tilverugrundvellinum svipt undan þeim.

Í kjölfar samþykktar Alþjóðahvalveiðiráðsins lagði þingmaður Vesturlands, Eiður Guðnason, fram þingsályktunartillögu um að Íslendingar mótmæltu banninu eins og Norðmenn, Japanir og Rússar gerðu, en slík mótmæli innan 90 daga frá ákvörðuninni hefðu veitt Íslendingum betri víg-



**FYRSTI HVALURINN** Fyrsti hvalurinn sem drepinn var í atvinnuskyni var dreginn að landi 22. október. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

stöðu til að fara sínu fram við veiðarnar þegar fram liðu stundir. Þessi tillaga Eiðs var felld með einu atkvæði, og vó þar þyngst mat manna í utanríkismálanefnd á borð við Eyjólf Konráð Jónsson, auk sjávarútvegsráðherrans Steingríms Hermannssonar, að það samrýmdist ekki hagsmunum Íslendinga að leggjast gegn alþjóðlegum samþykktum sem byggðust á Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### Inn og út úr vísindaráðinu

Síðan hafa Íslendingar stundað vísindaveiðar, og gengið úr ráðinu (að ráðum nefndar undir formennsku Einars K. Guðfinnssonar), farið inn í það aftur eftir margar tilraunir, fyrir náð og miskunn Svía, hafið hrefnuveiðar, sem nálgast það helst að líkjast frumbyggjaveiðum og nú veiðar á langreyði í hagnaðarskyni.

### Þau dirfast að mómæla

Árið 1986, þegar Íslendingar voru að hefja vísindaveiðar, stóð Paul Watson sem kennir sig við hinn góða hirði úthafanna – Sea Sheperd – fyrir því að sökkva tveimur hvalbátum í Reykjavíkurhöfn og mörgum Íslendingum þótti sem höggvið væri í sama knérunn þegar Greenpeace hóf aðgerðir til að fá fyrirtæki til að sniðganga íslenskan fisk, árið 1988.

Það kom við kaunin á Íslendingum: Þeir töldu sig þurfa að stunda vísindaveiðar til að sýna fram á stórfellt át hvala á hvers kyns sjávarfangi og þar með hversu mjög það raskaði jafnvægi lífríkisins að friða þá fyrir fullt og allt. Auk þess væru þessar vísindaveiðar í eðli sínu frumbyggjaveiðar; Íslendingar væru í rauninni frumbyggjar, náttúrubörn sem lifðu af því að nýta gjafir náttúrunnar, lítilmagni sem ætti að njóta sérstakra kjara á alþjóðavettvangi vegna fámennis og aldagamallar fátæktar og náttúrlega hernaðarlegs mikilvægis. Greenpeace væri stjórnað af kaldrifjuðum fjárplógsmönnum sem skrökvuðu því að auðtrúa hippum og saklausum börnum að Íslendingar væru að eltast við sjálfan Bamba úthafanna. Franska leikkonan Brigitte Bardot var ævinlega nefnd til sögunnar, íslenskum karlmönnum þótti bersýnilega engin manneskja í víðri veröld síður til þess bær en hún að hafa skoðanir á drápi á sjávarspendýrum. Allt þetta var kjarninn í frægri mynd Magnúsar Guðmundssonar Lífsbjörg í Norðurhöfum sem sýnd var árið 1989. Í umræðuþætti í kjölfar myndarinnar sýndu þau Guðrún Helgadóttir rithöfundur og Þorleifur Einarsson jarðfræðingur það hugrekki að draga boðskap hennar í efa og máttu sæta aðkasti í kjölfarið. Hér ríkti múgsefjun.

### Tákn nútímans

Ég skrifaði pistil í Þjóðviljann um þennan þátt og umræðurnar í kjölfarið. Ég man að ég skildi ekki hvers vegna ekki mátti veiða hvali í sjálfu sér. Mér fannst sú röksemd að þeir væru svo vitrir óskiljanleg og spurði: En hvað með vitlausu og ljótu dýrin? Af hverju má frekar drepa þau? Mér þótti nærtækara fyrir náttúruverndarsamtök að einbeita sér að þeim dýramisþyrmingum sem vélvæddur nútíma-landbúnaður er. Ég skildi ekki af hverju var ekki bara nóg að gæta hófs við nýtingu hvalastofnanna.

Þetta var árið 1989 – árið örlagaríka þegar múrinn féll í Berlín og Havel komst til valda í Tékklandi, árið þegar bjórinn var leyfður á Íslandi, árið þegar Ísland komst í samband við internetið … Ég skildi ekki nútímann og það fyrirbæri nútímans sem öflugra er öllum stofnstærðarmælingum og innyflarannsóknum, sjálfsákvörðunarrétti og sjálfsmynd: sjálft Táknið.

Hvalurinn – hvílíkt tákn! Hann er eina spendýrið sem rúmast ekki innan mannlegrar lögsögu – eina spendýrið sem við getum ekki haft í dýragarði. Hann er dýrið sem svamlar um heiminn eftir sínum risabrautum og hefur samskipti við frændur og frænkur með sínu heimullegu hljóðum og hann á ekki neitt undir mönnunum; hann er frjáls; hann er náttúran sem hefur gildi í sjálfri sér; hann er



**FYRSTA SIGLINGIN** Mannfjöldi fylgdist með þegar Hvalur 9 fór í fyrstu siglinguna 17. október. Fyrsta siglingin var stutt vegna rafmagnsbilunar og þurfti að draga skipið að landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fagurt sköpunarverk, tröllaukinn leyndardómur, hann er fjarlægur og ræður því sjálfur hvenær og hvernig hann birtist, og hann hlýtur að vita eitthvað sem við vitum ekki …

### Nú ríkir önnur öld

Það sem ég skildi ekki var að löngu var runnin upp öld árunnar, sú öld þegar ímynd var mikilvægari en sjálfsmynd og táknið skiptir meira máli en hið áþreifanlega. Rós er rós en rós en líka hughrif af rós, og hvalur er ekki bara hvalur heldur stóreflis tákn um frelsi undan neyslusamfélagi og græðgi. Og sjálf manngildishugsjónin var að breytast. Sjómenn og bændur meta fólk eftir því hversu duglegt það er en í samfélagi nútímans er fólk metið eftir áru og hugkvæmni. Í gamla samfélaginu var umgengni manns við náttúruna metin eftir því hvað hann gerir – hvernig hann nýtir hana. Í nútímanum er maðurinn hins vegar metinn eftir því hvað hann lætur ógert, lætur í friði. Fyrrum var maðurinn því göfugri sem hann var duglegri. Nú er hann því göfugri sem hann er óduglegri.

Sem sé: þetta var tilraun. Hún leiddi í ljós að árið 1989 er liðið í aldanna skaut. Þetta er annað samfélag nú, annar heimur, önnur þjóð. Það er ekki hægt að banna aftur bjórinn, endurvekja SÍS eða krefjast þess að Hófi sé aftur gerð Miss World. Það er ekki hægt að gerast á ný samfélag sjómanna og bænda, sem þá þegar var að líða undir lok. Frumbyggjarnir eru horfnir.

Og rétt eins og Bandaríkjamenn komust að því fullkeyptu að þeir geta ekki hagað sér eins og þeim sýnist þá ættu Íslendingar líka að átta sig á því að hagsmunir allra jarðarbúa liggja ekki í sjálfsákvörðunarréttinum heldur samákvörðunarréttinum.

*Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur*



**INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2006**

Fréttablaðið mun nú daglega birta pistla eftir landskunna Íslendinga um innlenda vendipunkta. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist, eða breytingar sem munu hafa áhrif til framtíðar.

# STÆRSTI BÓNUSPOTTUR Á ÁRINU

BÓNUS-
VINNINGUR
23
MILLJÓNIR

150 milljónir

100+50

1. vinningur

## Nældu þér í alvöru bónus yfir jólahátíðina!

**Potturinn** stefnir í 100 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 50 milljónir og bónusvinningurinn í 23 milljónir.

DRAUMAFERÐ FJÖLSKYLDUNNAR

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Vertu með fyrir kl. 17.

ENNEMM / SIA / NM25258

## ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006

# Ný kynslóð forystumanna hefur ekkert nýtt til málanna að leggja

Hinn 4. janúar síðastliðinn fékk Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, alvarlegt heilablóðfall með þeim afleiðingum að hann varð ófær um að gegna skyldum sínum. Á sama tíma og eftirmaður hans, Ehud Olmert, formaður Kadimaflokksins, tók við völdum unnu Hamas-menn mikinn sigur í þingkosningunum í Palestínu. Ýmsir gerðu sér vonir um að nýir forystumenn beggja vegna víglínunnar fyrir botni Miðjarðarhafs boðuðu þáttaskil í friðarviðræðum deilenda. Það er hins vegar mat *Tariqs Ramadan* að nýjum forystumönnum hafi ekki tekist að finna nein ný svör við spurningunum í þessari flóknustu deilu heimsmálanna.

Það verður ljósara með hverjum deginum að lausn á deilum Ísraela og Palestínumanna er lykilatriðið í von manna um einhvers konar heimsfrið og bætt samskipti milli ríkja múslima og Vesturlanda.

Í ræðu sem Tony Blair, forsætisráðherra Breta, hélt 13. nóvember um versnandi stöðu mála í Írak, kvað hann svo fast að orði að segja lausnina á deilu Ísraela og Palestínumanna undirstöðu allra tilrauna til að skapa varanlegan frið í heiminum.

Sem stendur er ástandið í Palestínu litlu skárra en í Írak. Hernumdu svæðin eru á barmi borgarastyrjaldar og tilkynning Abbas forseta um að flýta kosningum hefur einungis aukið á ofbeldisverkin enda hafna Hamas-liðar þessum hugmyndum með öllu og sama er að segja um obbann af íbúum Palestínu. Upplausnarástand ríkir og vonir um frið dvína jafnt og þétt.

Með brotthvarfi þeirra Ariels Sharon og Yassers Arafat af sviðinu; ævilangra fjandmanna sem þekktu hvor annan út í ystu æsar og fyrirlitu fullkomlega, voru vonir bundnar við að ný kynslóð forystumanna liti deilumálin öðrum augum og væri tilbúin að hefja friðarviðræður fyrir alvöru. Það hefur ekki komið á daginn. Þvert á móti hefur heldur sigið á ógæfuhliðina.

### Engar breytingar þrátt fyrir nýja leiðtoga

Annars vegar hefur Ehud Olmert og Kadima-flokkur hans ekki gert neinar umtalsverðar breytingar á stefnu Sharons og Likud-flokksins og virðist hafa það eitt til málanna að leggja að reyna að tefja tímann. Hins vegar hefur Fatah-leiðtoginn Abbas, sem Ísraelar sáu í hillingum sem milligöngumann milli sín og róttækari Palestínumanna, rembst eins og rjúpan við staurinn mánuðum saman án nokkurs sýnilegs árangurs.

Yfirstandandi deilur í Líbanon og sér í lagi stíðið milli Ísraela og Hizbollah í sumar með endalausum myndum af dauða og hörmungum óbreyttra borgara, hefur afhjúpað gjána milli almennings og stjórnvalda í arabaheiminum og víðar. Hvar sem menn koma að deilunni, skilur almenningur ekki þögn og aðgerðarleysi pólitískra leiðtoga og spennan bara magnast.

### Engar áætlanir um friðarviðræður

Á meðan halda hryðjuverk stjórnvalda og einstakra hópa í Gaza áfram með tilheyrandi morðum á fjölskyldum, konum og börnum. Engar áætlanir eru um friðarviðræður né nokkarar áætlanir yfirhöfuð. Ekkert miðar fram á við á svæðinu og Palestínumenn eru á barmi örvæntingar.

Hvaða vonir sem menn bundu við nýja kynslóð leiðtoga deilenda beggja vegna víglínunnar eru augljóslega að engu orðnar. Við blasir að með sama áframhaldi fást eingungis sömu niðurstöður. Þess vegna er tímabært að taka deilumálin til gagngerrar endurskoðunar; ekki út frá þröngum sérhagsmunum Palestínumanna, Ísraela eða Mið-Austurlanda í heild, heldur í alþjóðlegu samhengi eins og Blair virðist loks hafa áttað sig á.

Ef það var einhvern tímann á valdi tveggja manna eða tveggja ríkisstjórna að leysa deilu Ísraela og Palestínumanna, er sá tími löngu liðinn.

Við stöndum frammi fyrir alþjóðlegum deilum sem í orði sem á borði innihalda hvata til hugsanlegra átaka milli menningarheima. Þessi átök eru sjáanleg í smækkaðri mynd í Palestínu, þar sem Ísrael stendur annars vegar fyrir Vesturlönd, menningu gyðinga og kristinna, framfarir og lýðræði en Palestínumenn hins vegar fyrir Austurlönd, sem felur ekki einungis í sér íslamskar hefðir heldur líka sögu einræðis og iðulega gerspilltar ríkisstjórnir.

### Fyrirboði um átök en ekki frið

Vissulega er hægt að horfa framhjá táknmyndum þessarar deilu, en ekki verður með alvöru tekist á við hana öðruvísi en að skoða hana í ljósi þeirra. Þessar deilur mismunandi menningarheima eiga sér hljómgrunn um allan heim og allt sem við verðum vitni að á þessu svæði er fyrirboði þess sem gæti gerst víða um heim, en ekki fyrirheit um frið.

Þegar svo mikið er í húfi, er nauðsynlegt að gefa gamlar vonir upp á bátinn. Hvort sem leiðtogar Ísraela koma frá Kadima, Likud, vinstri flokkum eða sértrúarhópum og hvort sem leiðtogar Palestínumanna koma frá Hamas eða Fatah, verður friður milli þeirra aldrei að veruleika ef þjóðirnar verða áfram látnar standa andspænis hvor annarri án nokkurra milligöngumanna. Nýir forystumenn koma með nýjum kynslóðum, en hvorki nýir leiðtogar né nýjar hugmyndir. Sagan hvílir of þungt á og hvað best herstyrk snertir er of ójafnt í liði.

### Skilyrðislaus stuðningur við Ísraela engum til góðs

Í þessu samhengi væri mikill fengur að því að Bandaríkjamenn gerðu sér grein fyrir þeim neikvæðu áhrifum sem hlutverk þeirra á svæðinu hefur haft á undanförnum árum. Þeir verða að átta sig á að einhliða og oft á tíðum skilyrðislaus stuðningur þeirra við hverja ríkisstjórn Ísraels á fætur annarri er engum til góðs á svæðinu og allra síst Ísraelum sjálfum.

Ríkisstjórn Bandaríkjanna gerði afdrifarík mistök með innrásinni í Írak og hún heldur áfram að misskilja deilu Ísraela og Palestínumanna með hrapallegum hætti. Þeir sem móta stefnu ríkisstjórnar Bush virðast gjörsamlega blindaðir af tengslum sínum við Ísrael og ef ekki verður breyting þar á halda Bandaríkjamenn áfram að grafa undan trúverðugleika sínum í ríkjum múslima um allan heim, ef nokkur trúverðugleiki er eftir. Staðan í Írak sýnir svo ekki verður um villst að hervald dugir skammt til lausnar deilumála og ef Bandaríkjamenn halda áfram að dæma sig úr leik á sviði alþjóðastjórnmála verður þess ekki langt að bíða að þeir eiga engra annarra kosta völ en að beita hervaldi hvar í heiminum sem hagsmunir þeirra eru í húfi.

Í ljósi þess að ríkisstjórn Bush á eftir að sitja við völd næstu tvö árin renna menn helst vonaraugum til Evrópu um nýja sýn á deilumálin fyrir botni Miðjarðarhafs. Ríkisstjórnir Evrópuríkja hafa verulegar áhyggjur af stöðu mála í Írak, fjöldamorðunum í Líbanon og því upplausnarástandi sem ríkir á hernumdu svæðunum í Palestínu. Allt hlýtur þetta að hafa áhrif á stefnu ríkjanna í málefnum Mið-Austurlanda.

Er hugsanlegt að eitt eða fleiri þessara ríkja geti lagt fram nýjar tillögur til lausnar eða hreinlega knúið Bandaríkjamenn til að endurskoða stefnu sína? Vissulega eru ekki miklar líkur á því en enginn sér fram í tímann.

Líkur á einhvers konar breytingum eru samt óneitanlega meiri nú en oft áður. Þar má nefna nýlegra skýrslu Íraksnefndarinnar, sem vill fá Sýrland og Íran til að aðstoða við lausn deilunnar og ekki síður þær breytingar sem úrslit bandarísku þingkosninganna hafa í för með sér á stefnu Bandaríkjamanna.



**MIKLAR VONIR VORU BUNDNAR VIÐ FRIÐ MEÐ BROTTHVARFI YASSERS ARAFAT OG ARIELS SHARON.** Þær vonir hafa orðið að engu. Þvert á móti hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir botni Miðjarðarhafs.



**EHUD OLMERT** Forsætisráðherra Ísraels.



**ISMAEL HANIYEH** Forsætisráðherra Palestínu.

### Áríðandi að leiðtogar Evrópuríkja taki af skarið

Leiðtogar Evrópuríkja gera sér augljóslega grein fyrir þörfinni á því að endurmeta stöðuna. Því er áríðandi að þeir taki af skarið og leggi fram nýjar tillögur sem byggjast á einhverju öðru en hinum hefðbundna stuðningi við hófsöm öfl á svæði þar sem slík öfl eru því næst valdalaus.

Ef alþjóðasamfélagið er ekki tilbúið að koma að lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs með ákveðnari og sanngjarnari hætti, má ljóst vera að enga lausn er þar að hafa. Hvorki hinir nýju forystumenn við samningaborðið né arabaríkin að tjaldabaki eru þess megnug að taka ný skref í átt til friðar, því hvorir tveggju óttast að sérhver eftirgjöf muni veikja stöðu sína heimafyrir.

Þær veiku vonir sem enn eftir eru byggjast á því að framfylgja þeim alþjóðlegu samþykktum sem gerðar hafa verið í málefnum svæðisins og ekki síst ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Það þýðir að Ísraelar verða að yfirgefa hernumdu svæðin fyrir fullt og allt og þeir verða jafnframt að hætta byggingu múrsins á Vesturbakkanum, sem stríðir gegn öllum lögum og hefur verið fordæmdur af fjölmörgum alþjóðastofnunum. Palestínumenn verða að sínu leyti að sjá til þess að öllum árásum á Ísrael og ísraelska borgara verði hætt.

Þetta eru forsendur nýrra friðarviðræðna sem þurfa að hefjast fyrr en síðar. Alþjóðasamfélagið verður að átta sig á því lykilhlutverki sem það gegnir í þessum efnum og tryggja að fulltrúar þess ræði af skynsemi og sanngirni við alla aðila.

### Þögn og aðgerðarleysi leiðir ekki til friðar

Öll önnur nálgun mála er dæmd til að mistakast. Þögn og aðgerðarleysi leiðir ekki til friðar því túlka má sem svo að það gefi eina stórveldinu á svæðinu, Ísrael, frjálsar hendur til aðgerða. Óbreytt ástand og það tómarúm sem hefur skapast vegna vanmáttar alþjóðasamfélagsins til að stilla til friðar, styrkir jafnframt stöðu allra hreyfinga uppreisnarmanna á svæðinu, frá Fatah og Hamas til Hezbollah og jafnvel hryðjuverkasveita al-Kaída.

Hvort sem um er að ræða efnahagsaðstoð, aðstoð á sviði hermála, aðgengi að kjarnavopnum eða heimildir til að móta einhliða friðartillögur, virðist sem Ísraelar njóti ávallt forréttinda sem ekki standa arabaríkjum til boða og allra síst Palestínumönnum. Palestínumenn verða hins vegar ekki hunsaðir, og þeir gera sér grein fyrir því að lausn mála þeirra er ekki að finna í beinum samningaviðræðum við höfuðóvininn.

Þeir átta sig á því sem er að gerast bak við tjöldin og ef Evrópumenn og Bandaríkin halda blekkingarleik sínum áfram, verður engan frið að hafa í Mið-Austurlöndum og þar með engan frið í heiminum.



Tariq Ramadan er höfundur „Western Muslims and the Future of Islam", (Oxford University Press 2003) og væntanlegrar bókar „In the Footsteps of the Prophets: Lessons from the Life of Muhammad." Hann er fæddur í Genf og er kennari við háskólann í Oxford á Englandi.

**ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2006**

Líkt og á síðasta ári birtir Fréttablaðið nú greinar eftir erlenda höfunda um markverða atburði sem gerðust á síðasta ári. Allar greinarnar eiga það sameiginlegt að fjalla um vendipunkta, nýja þróun sem á eftir að hafa veruleg áhrif á alþjóðasamfélagið.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám vorið 2007
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2006 • 20 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

### MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 225 stundir/150 klst. **Verð**: 299.900

### Annað MCP nám

- Windows XP Pro SP2 (70-270) Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Windows Server 2003 R2 (70-290) Lengd: 60 st./39 klst. Verð 89.900
- Exchange Server 2003 (70-284) Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291) Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900

## .NET forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
**Verð**: 169.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. kvöldnám
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 130 stundir/87 klst. kvöldnám
**Verð**: 119.900 • Allt að 3 ára lán

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

*Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)*

* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

### PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 49.900

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 47.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefsíðugerð

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### FrontPage 2003 og Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst, **Verð**: 45.900

### DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

**Lengd**: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

### Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

### Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • *36 stundir/52.900*

### Word

Word1a: Grunnur ritvinnslu • *9 stundir/verð 10.900*
Word Ib: Betri ritvinnsla • *13 stundir/verð 16.900*
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

### Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 22.500*
Excel II: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

### PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

### Outlook og OneNote

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
OneNote: Hugmyndavinna og glósur • *9 st./verð 10.900*

### Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

### Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • *22 stundir/verð 24.500*
DreamWeaver MX vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

### Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 15.900*
Photosho: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 26.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

### FileMaker

FileMaker notendanámskeið • *18 stundir/verð 26.500*
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • *27 st./54.900*

### Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • *9 st./verð 12.900*

### Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • *22 stundir/verð 49.900*
Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 14.900*

www.tv.is

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fimmtán ár frá endalokum Sovétríkjanna er tvö fyrrverandi leppríki þeirra bætast í raðir ESB:

# Kaldastríðs skipting Evrópu á enda

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Á jóladag voru rétt fimmtán ár liðin frá því Sovétríkin heyrðu formlega sögunni til. Þá tók Borís Jeltsín Rússlandsforseti yfir skrifstofu síðasta Sovétleiðtogans, Mikhaíls Gorbatsjovs, í Kreml. Og nú um áramótin ganga tvö fyrrverandi leppríki Sovétríkjanna, Rúmenía og Búlgaría, í Evrópusambandið, en þar með verða alls tíu lönd sem áður tilheyrðu austurblokkinni gengin til liðs við það. Sú skipting Evrópu sem sigur Rauða hersins í seinni heimsstyrjöld kallaði yfir álfuna verður þar með endanlega úr sögunni.

Á jóladag voru einnig rétt sautján ár frá því síðasti kommúnistaleiðtogi Rúmeníu, Nicolae Ceausescu, endaði ævina. Eftir málamyndaréttarhald var hann og eiginkonan Elena tekin af lífi með kúlnaregni úr vélbyssu hermanns. Rúmenía er eina landið af fyrrverandi leppríkjum Sovétríkjanna þar sem valdatíð kommúnista lauk ekki með friðsamlegum hætti. Ofbeldi er líka eitt af þeim vandamálum, sem veldur því að ýmsum þykir ótímabært að veita Rúmeníu og grannríkinu Búlgaríu inngöngu í Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið. Mafíumorð eru tíð í báðum löndum og lögreglu- og dómskerfið virðist of veikburða og spillt til að stemma stigu við skipulagðri glæpastarfsemi með skilvirkum hætti.

Önnur arfleifð nærri hálfrar aldar valdatíðar kommúnista í þessum löndum er vanþróun og fátækt. Í Rúmeníu býr enn hátt í helmingur íbúa í sveit og um þriðjungur íbúa Búlgaríu, en þessar sveitir verða mesta örbirgðarsvæðið í hinu stækkaða Evrópusambandi.

Þessi efnahagslega og stjórnarfarslega vanþróun, spilling og glæpir valda því að þær þjóðir álfunnar sem voru svo lánsamar að lenda vestan megin járntjaldsins á sínum tíma óttast um sinn hag þegar þessi nýjasta lota stækkunar ESB kemst til framkvæmda. En það er einmitt sú siðferðislega skylda, sem að minnsta kosti ráðamönnum sömu Vestur-Evrópuþjóða finnst hvíla á sér vegna hinnar misskiptu auðnu þjóðanna í austri og vestri á 20. öld, sem rekur þá til að samþykkja inngöngu þessara landa í sambandið, þrátt fyrir að strangt til tekið uppfylli þau ekki ennþá aðildarskilyrðin. Þeim finnst sögulegt réttlæti liggja í því að þjóðirnar sem dæmdar voru til örbirgðar og helsis með því að lenda austan járntjaldsins fái notið „þróunaraðstoðar“ og lífskjarajöfnunarkerfis Evrópusambandsins til að flýta því að þær vinni upp lýðræðisþróunar- og velmegunarforskot Vestur-Evrópuþjóðanna.

Af sömu ástæðu gera ráðamenn ESB þá kröfu til ríku EFTA-ríkjanna í EES, Íslands, Noregs og Liechtenstein, að þau greiði rausnarlega í þróunarsjóði til handa fátæku fyrrverandi kommúnistaríkjunum fyrir þann forréttindaaðgang að stækkuðum innri markaði Evrópu sem EES-aðildin færir þeim. Krafa ESB-leiðtoganna er sú að EFTA-ríkin taki jafnmikinn þátt og önnur velmegunarlönd Vestur-Evrópu í að fjármagna þetta lífskjarajöfnunarkerfi. Eða eins og segir í jólaboðskapnum: Sælla er að gefa en þiggja.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

**Barnsmeðlag hækkar um 6%**

frá og með 1. janúar 2007 samkvæmt reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar frá 14. desember 2006.

Meðlag með 1 barni er nú kr. 17.249,- en verður kr. 18.284,-

**INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Blogglaus jól

Bloggarar þessa lands hafa hreint ekki gert lítið úr því að hafa verið kosnir menn ársins af vikuritinu Time. Þeir gumuðu af því margir hverjir í færslum sínum, ánægðir með þá verðskulduðu athygli sem blogg hefur fengið á árinu. Þrátt fyrir að karlar og konur hafi bloggað um nokkurra ára skeið er óhætt að segja að árið 2006 sé árið sem bloggið hlaut athygli alls almennings. Þeir bloggarar sem láta til sín taka í þjóðmálaumræðunni og fréttafíklar fylgjast vel með og sleppa varla úr degi. Flestir sáu þó ástæðu til að taka sér jólafrí yfir hátíðirnar enda jólahaldið tímafrekt.



### Næstum því

Á þessu eru þó undantekningar. Guðmundur Magnússon ofurbloggari setur inn heilar þrjár færslur á jóladag og þær fróðlegar mjög. Guðmundur er sagnfræðingur að mennt eins og kunna er og færslurnar bera þess merki. Í ítarlegu máli fjallar hann um skjaldarmerki Íslendinga. Hann hvetur í annarri færslu til þess að skrifuð verði bók um sögu íslenskra skopteikninga og er ekki annað hægt en að taka undir það ákall.

### Mataræði

Annar bloggspekingur, Jónas Kristjánsson, hefur ekki getað bloggað um hátíðarnar, Nema til að setja inn stutta færslu þar sem hann greinir frá því að hann hafi verið afar upptekinn við matseld um hátíðirnar. Og kemur svo með matseðilinn: Á aðfangadag var smjörgrillaður humar á boðstólum, sauðahangikjöt með kartöflustöppu og grænum baunum, svo og ber með rjóma. Á jóladag sítrónugrafin lúða, dillgrafinn lax, silungakæfa, rækjur með banönum og tómötum. Á annan djúpsteiktur nautahryggvöðvi með vínberjum og rúsínum, furuhnetum og hrísgrjónum, svo og rjómaávextir. Ritstjórinn fyrrverandi er mikill matgæðingur, gagnrýndi veitingahús um árabil og kann greinilega vel við sig í eldhúsinu.



# „Hinn tregi bandamaður“



ÓLAFUR HANNIBALSSON

**Í DAG** | Utanríkisstefna Íslands

Í umræðum um símahleranir hér á landi á dögum kalda stríðsins hefur mikið verið gert úr því umhverfi ógnar og ótta, sem skiljanlega hafi stýrt ýmsum ákvörðunum hérlendra ráðamanna um að brjóta gegn ýmsum grundvallarreglum lýðræðis og frelsis með það fyrir augum að vernda lýðræðið og frelsið! Um þetta er m.a. fjallað í bók Guðna Th. Jóhannessonar „Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi“. Og það kann rétt að vera. Eflaust hefur hræðsluáróður og sjúkleg tortryggni gripið suma ráðamenn á Vesturlöndum þegar áróðurslotur fjölmiðla náðu hámörkum í skugga atómsprengjunnar. Ein slík lota kom strax í kjölfar byggingar Berlínarmúrsins 1961 og náði hámarki í Kúbudeilunni í október 1962. Ekki verður þó annað séð en að íslenskir ráðamenn hafi fullkomlega haldið ró í samskiptum Íslands útávið, þótt þeir hafi á sama tíma notað tækifærið til að njósna um atferli pólitískra andstæðinga sinna í tengslum við landhelgissamningana við Breta.

Stundum er eins og gleymist að utanríkisstefna Íslands á fyrstu áratugum lýðveldisins snerist ekki eingöngu um mismunandi afstöðu til Bandaríkjanna og hollustu við þau og málstað þeirra í kalda stríðinu. Stefnan mótaðist eðlilega af hagsmunum Íslands hverju sinni. Og hverjir voru þeir hagsmunir? Það var útfærsla landhelginnar með það að lokamarki að helga íslensku þjóðinni landgrunnið allt. Þessi stefna leiddi til árekstra við „vinaþjóðir“ okkar í V-Evrópu, sem héldu okkur í raunverulegu viðskiptabanni um nærri aldarfjórðungsskeið frá útfærslunni í fjórar mílur 1952 og allt til þess að samningar tókust við Breta með Óslóarsamkomulaginu 1976. Allan þennan tíma hvíldu utanríkisviðskipti okkar með fiskafurðir fyrst og fremst á tveimur mörkuðum: Bandaríkjamarkaði, sem sá okkur fyrir frjálsum gjaldeyri, og Sovétmarkaðnum, sem sá okkur fyrir olíuvörum, sem jafngiltu frjálsum gjaldeyri, en byggðist að öðru leyti mest á vöruskiptum. Að jafnaði fór um þriðjungur af fiskafurðum okkar til austantjaldslanda, m.a. Austur-Þýskalands. Þessi viðskipti voru Íslendingum nauðsyn, en Bandaríkjamönnum mikill þyrnir í augum.

Í framhaldi af byggingu Berlínarmúrsins hófust umræður í Atlantshafsráðinu um að stöðva öll verslunarviðskipti við Sovétríkin og fylgiríki þeirra og var gerð áætlun um slíkt viðskiptabann. Í byrjun nóvember 1962 höfðu öll aðildarríkin, nema Ísland, samþykkt þessa áætlun, en Íslendingar áttu langmestra hagsmuna að gæta af öllum NATO-ríkjunum að því er snerti austurviðskiptin. Í nóvember 1962, þegar heimurinn rambaði á barmi kjarnorkustríðs vegna Kúbudeilunnar, heimilaði Viðreisnarstjórnin fastanefndinni hjá Atlantshafsráðinu að skrifa undir áætlun um viðskiptabann með eftirgreindum fyrirvara:

„Vegna viðskiptasamninga og þýðingar Austur-Evrópumarkaðar fyrir Ísland annars vegar og þess hinsvegar, að ekki er enn tryggt að íslenskar útflutningsafurðir geti notið Vestur-Evrópumarkaðar, getur Ísland, meðan svo stendur, engar fyrirfram skuldbindingar tekið á sig í þátttöku í viðskiptabanni á Sovétblokkina, en með því að tillaga þessi felur ekki í sér neinar slíkar fyrirfram skuldbindingar og það er á valdi hverrar þjóðar að taka ákvörðun um þátt í viðskiptabanni, ef til kemur, og í trausti þess að ekki verði gripið til viðskiptabanns, nema því aðeins að styrjöld sé yfirvofandi eða viðskiptabann sé eina leiðin til að afstýra styrjöld, samþykkir Ísland tillöguna.“

Ljóst að þarna er verið að segja hreint nei, en þó látið líta út sem já. Mér er til efs að íslenskt diplómatí hafi í annan tíma risið hærra með vandlega íhuguðu orðavali, sem í raun snuprar bandalagsþjóðirnar fyrir viðskiptabannið á Ísland um leið og tilkynnt er að Ísland ætli sér að halda áfram austurviðskiptum nema heimsstyrjöld hindri! Og þetta gerist við hámark kalda stríðsins á dögum Viðreisnar og Guðmundar Í. Guðmundssonar sem utanríkisráðherra!

Markmið Bush Bandaríkjaforseta með innrásinni í Írak var sagt vera að koma þar á lýðræði og frelsi. Hann hefur hins vegar reynt til hins ítrasta að nýta sér það andrúmsloft ógna og öryggisleysis, sem skapaðist í Bandaríkjunum í kjölfar árásarinnar á Tvíburaturnana til að þjarma að ýmsum grundvallarréttindum borgaranna heima fyrir í nafni frelsisins og lýðræðisins! Öljós „grunur“ um tengsl við hryðjuverkasamtök á einn að nægja til fangelsana án dóms og laga, til símahlerana án dómsúrskurðar, sem og til afnáms borgaralegra réttinda bandarísku stjórnarskrárinnar og alþjóðlega viðurkenndra mannréttindasáttmála. Ráðamenn annarra landa reyna að fara að dæmi hans. Rétt er fyrir Íslendinga að staldra við, draga lærdóm af atburðum kalda stríðsins og reynast ekki aðeins „tregur bandamaður“ heldur „gagnger andstæðingur“ slíkra aðgerða og vinna af alefli gegn þeim, jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi.

# Heilsuspillandi barátta

**UMRÆÐAN**
Heilbrigði



KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

Það er til siðs að borða yfir sig á jólunum, fá samviskubit eftir jólin og byrja strax að plana megrun. Líkamsræktarstöðvarnar taka þátt og bjóða alls kyns tilboð á nýju ári og reglulega birtast fréttir um það sem sagt er vera mesta ógn hins vestræna heims – offituna. Okkur er sagt að fitan sé eitthvað sem við eigum að óttast og grípa til allra tiltækra ráða til að gera hana brottræka úr samfélaginu. Ég vil hins vegar beina sjónum frá fitunni á þeirri forsendu að sú umræða og forvarnir sem gripið er til séu óheilsusamlegar. Þau skilaboð að fitan sé slæm gera fátt annað en að búa til fordóma og óhóflegan þrýsting á fólk að vera ofurgrannt.

Með þessu er ég ekki að segja að það sem er að gerast í hinum vestræna heim varðandi óhollustu og tilheyrandi sjúkdóma sé ekki vandamál. Það er eitthvað að gerast hér sem við þurfum að berjast gegn. Með því að einblína á fituna sem óvin leysum við hins vegar ekki vandamálið heldur búum til nýtt. Höfuðáherslan hjá mörgum verður að losna við fituna með öllum tiltækum ráðum. Gallinn við fituna er að hún er sýnileg og þar með heldur fólk að það sé komið með mælikvarða á heilbrigði. Samasemmerki er sett á milli þess að vera grannur og heilsuhraustur og að sama skapi eru aukakíló og heilsuleysi sett undir sama hatt. Þessi mælikvarði er hins vegar ekki marktækur en verður mörgum leiðarljós. Baráttan gegn fitunni leiðir til alls kyns óhollustu. Meðal afleiðinga eru sífelldir megrunarkúrar, átröskunarsjúkdómar og matur verður að óvini sem er elskaður og hataður til skiptis. Konur verða sérstaklega illa úti varðandi fitufordómana þar sem kynþokki þeirra er mældur út frá stífum útlitsstöðlum þar sem viðmiðið er svo strangt að konur í kjörþyngd eru oft á tíðum álitnar of þungar. Baráttan við fituna verður ærið vonlaus þegar markmiðin eru ekki einu sinni raunhæf.

Samspilið á milli fitufordóma, staðalímynda, heilsu og baráttunnar gegn offitu er flókið. Það er samt hægt að draga þá ályktun að baráttan fyrir grennri heimi sé heilsuspillandi því kílóafjöldi er ekki mælikvarði á heilsu.

*Höfundur er talskona Femínistafélagsins.*



MEIRI LÆKKUN
TAKMARKAÐ MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
OPNUM 12 Í DAG
Internet Security
TREND INTERNET SECURITY 2007
• Örugg vírusvörn
• Öflug vírusleitarvél
• Betri vörn gegn spyware
• Stýring á heimaneti
• Stöðvar upplýsingaþjófnað
• Varnar þráðlausum innbrotum
• Leyfi fyrir 3 tölvur
1.990
ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ
WD Western Digital®
320GB Harður diskur
320GB Western Digital ATA 7200RPM hljóðlátur harður diskur með 8MB buffer
7.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
27.desember
12:00 - 19:00
28-30.desember
10:00 - 19:00
31.desember
9:00 - 13:00
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.
Birt með fyrirvara um breytingar og villur



## Uppfærsla 1

- 3100+ Sempron64 örgjörvi
- Gigabyte K8N móðurborð
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóð
- 128MB Geforce 6100 skjástýring
- Netkort, FireWire, SATA, ofl.

**16.900**

EV3 **5.663** Á MÁN | ENGIR VEXTIR Í 3 MÁN



## 256MB 7600GT

Eitt besta 7600GT skjákortið á markaðinum með SilentPipe2 tækni sem gerir kortið 100% hljóðlaust og ótrúlega kalt

**14.900**





## 3800+ DUAL CORE

GigaByte turnuppfærsla er hagkvæm og hentug leið til að uppfæra eldri tölvur á einfaldan hátt

- 3800+ AM2 A64 Dual Core
- GigaByte nForce430 móðurb.
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 250GB Sata2 16MB harðd.
- 128MB GeForce6 6100
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og FireWire
- GigaByte GZ turn 350W

**49.900**

EV5 **9.980** Á MÁN | ENGIR VEXTIR Í 5 MÁN



## Inspire T3100

Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugu bassaboxi. 29W RMS dúndur kraftur sem skilar frábærum hljóm

**4.990**



## 1stk CR-R diskur

Verbatim 52x CD-R diskar, 1stk í hulstri 700MB, 1 stk, 52x hraða í Jewel Case

**kr 50**



## 25stk DVD+R diskar

Verbatim 16x DVD+R, 25 stk spindill 4.7GB, 25 stk, 16x hraða, Spindill, Matt Silver

**3.490**



## 18x hraða DVD skrifari

Ótrúlegt verð á þessum vandaða Samsung SH-S182D DVD+/- geislaskrifara, svartur

**2.990**



## Live! Cam Video IM

Skype Certified vefmyndavél með Video FX. Heyrnatól með Mic fylgir

**2.990**



## Canon iP1700

Vandaður 2 hylkja bleksprautuprentari 4800x1200dpi, full blæðing, PC og Mac

**4.990**

TÖLV

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík

**VÍNBERJAÁT OG RAUÐ NÆRFÖT**
Ýmsir skemmtilegir siðir og venjur tíðkast víða um heim um áramótin
ÁRAMÓT 4



**KÓRESK INNRÁS Í EVRÓPU**
Suður-kóreski bílaframleiðandinn Kia ætlar sér að taka Evrópu með áhlaupi. Leynivopnið er hinn nýi Kia Cee'd með sjö ára ábyrgð
BÍLAR 6





## ALLT HITT

[ HEILSA ÁRAMÓT BÍLAR ]

**Blysför** í Heiðmörk verður farin á morgun, 28. desember, á vegum Útivistar. Brottför er kl. 18.30. Sjá nánar á www.utivist.is. Einnig má hafa samband í síma 562 1000 til að afla sér frekari upplýsinga.



**Flugeldamarkaðir** björgunarsveitanna eru hafðir opnir frá kl. 9.00-22.00 28.-30. desember og til kl. 16.00 á gamlársdag. Sjá nánar á www.flugeldar.is

**Góð** tilboð verða á Polo 1,2 og Pascat Comfort hjá bílaumboðinu Heklu fram til áramóta. Nánari upplýsingar á www.hekla.is og í síma 5905000.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 27. desember, 361. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.29 | 15.35 |
| Akureyri | 11.38 | 13.13 | 14.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Hér sést Jónas á fleygiferð í loftinu. Hann segir aðrar tilfinningar fylgja því að vera í hópfimleikum, meðal annars ótta við að bregðast liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kynjablandað fimleikalið

***Jónas Valgeirsson keppir á næsta ári á Norðurlandamóti með fyrsta kynjablandaða liði Íslands.***

„Þetta verður í fyrsta skipti sem íslenskt, kynjablandað fimleikalið tekur þátt í erlendu móti," segir Jónas, sem heldur ásamt hópi hressra drengja úr Ármanni og stúlkna úr Gróttu á Norðurlandamót sem verður haldið í apríl í Svíþjóð.

Að sögn Jónasar eru kynjablönduð fimleikalið nýnæmi á Íslandi, en hafa verið við lýði um nokkurt skeið hjá hinum Norðurlandaþjóðunum.

Það voru drengirnir úr Ármanni sem áttu frumkvæði að stofnun liðsins en krakkarnir eiga það flest sameiginlegt að hafa æft fimleika um árabil og hefur Jónas sjálfur þjálfað frá fimm ára aldri, eða í ein fimmtán ár. Um tíma þurfti hann reyndar frá að hverfa eftir slys á Norður-Evrópumóti í Noregi.

„Ég reif vöðva í miðri æfingu í hringjunum, heyrði skyndilega einhvern smell og gat ekki hreyft mig eftir það," útskýrir Jónas. „Ég var frá í um átta mánuði og get nú ekki sagt að biðin hafi verið skemmtileg."

Meiðslin háðu Jónasi í rúmt eitt ár eftir það en hann segist nú varla finna fyrir þeim og er fullur eftirvæntingar vegna mótsins í apríl. *roald@frettabladid.is*

**Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**
"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**
"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári**
Skráning á hraðlestrarnámskeið janúar er hafin á www.h.is og í síma 586-9400

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Lánstími allt að 40 ár

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

FRJÁLSI

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Fíton/SÍA






Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is



Kripalu | DansKinetics®
Dansjóga

Njóttu þess að dansa!

Kenndar eru einfaldar danshreyfingar,
engin stíf dansspor, einnig er unnið í dansflæði
þar sem einstaklingurinn nýtur sín
og fær útrás fyrir eigin hreyfingarþörf.

Dansinn eykur orkuflæði og brennslu,
jógateygjurnar mýkja líkamann og veita innri ró.

Tíminn endar í góðri slökun.
Þú endurnýjast á líkama og sál!

**Mánudagsmorgna kl. 8:30**
**Námskeið hefst 8. janúar**
**í Gerðubergi Reykjavík**

Púlsinn námskeið


Marta Eiríksdóttir

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is



allt
auglýsingasími
550 5880


# Hettan og sæðisdrepandi krem af markaði

***Alla tíð hafa konur, fremur en karlar, þurft að axla þá ábyrgð að koma í veg fyrir getnað og valkostir kvenna eru mun fleiri en karla á þessu sviði.***

Þær getnaðarvarnir sem eru á almennum markaði hér á landi eru einkum ætlaðar konum, í þeim skilningi að þær þurfa þá til dæmis að innbyrða hormóna eða láta koma fyrir aðskotahlutum í líkamanum sem fyrirbyggja getnað. Smokkurinn hefur lengi vel verið eina tímabundna getnaðarvörnin sem karlar hafa getað nýtt sér en þeir geta líka valið að fara í varanlega aðgerð eða ófrjósemisaðgerð, en sá valkostur er vissulega einnig í boði fyrir konur.

Um næstu áramót fækkar valkostum kvenna í getnaðarvörnum. Sæðisdrepandi efni (krem, hlaup) verður tekið af markaði og á sama tíma verður hettan tekin af markaði og innflutningi hennar hætt, því sæðisdrepandi krem þarf að nota samhliða henni svo hún teljist örugg getnaðarvörn.

Samkvæmt upplýsingum frá innflytjanda hefur hettan verið minnst notaða getnaðarvörn kvenna til fjölda ára. Hún þykir bæði gamaldags og erfið í notkun en sumar konur sjá við hana ýmsa kosti. Til dæmis hafa konur sem vilja helst ekki taka inn hormónalyf á borð við pilluna, kosið að nota fremur hettuna þar sem hún inniheldur engin hormón. Eins hafa sumar konur sem ekki eru í föstum samböndum haft gagn af hettunni, þar sem þær geta sjálfar tekið fulla ábyrgð á því að verjast því að verða barnshafandi með því að nýta sér hettuna.

Þegar hettan fer af markaði eru þeir valkostir sem eftir standa fyrir þennan hóp, koparlykkjan, sem er án hormóna, og kven- og karlsmokkar. Einnig er hægt að telja frjósama daga tíðahringsins og nota þá smokka þegar frjósömu dagarnir standa yfir, en þessar aðferðir hafa aldrei talist öruggar.

Hvað varðar fleiri valkosti í getnaðarvörnum fyrir karlmenn segir Sóley Bender, dósent við Háskóla Íslands, ekkert vera komið á markað enn þá þó að málið hafi verið í skoðun um árabil.



Konur, fremur en karlar, hafa lengi vel þurft að taka frekar ábyrgð á því að getnaður eigi sér ekki stað og enn er langt í að getnaðarvarnapillur fyrir karla komi á markað.

**Listi yfir getnaðarvarnir:**
Smokkurinn, karlar
Pillan, konur
Skeiðarhringur, konur
Getnaðarvarnaplástur, konur
Mini-pillan, konur
Getnaðarvarnastafur, konur
Getnaðarvarnasprauta, konur
Hettan, konur
Sæðisdrepandi krem, konur/karlar
Lykkjan (kopar- og hormónalykkjur), konur
Kvensmokkurinn, konur
Rofnar samfarir, karlar og konur
Öruggir dagar, konur
Ófrjósemisaðgerðir, karlar og konur

„Verið er að rannsaka þetta betur, en innan nokkurra ára má hugsanlega vænta þess að sjá fleiri valkosti í getnaðarvörnum fyrir karlmenn, þó að það verði eflaust ekkert á næstunni,“ segir Sóley og getur þess um leið að jafnvel þótt karlar fengju fleiri valkosti þá væru aðrar hliðar á málinu sem vert er að skoða.

„Yfirleitt vilja konur sjálfar hafa stjórn á því hvort þær verða þungaðar eða ekki og getnaðarvarnir eru því ákveðið stjórntæki. Rannsóknir hafa líka sýnt að jafnvel ef karlmenn ættu þess kost að taka pilluna, þá væri það ekki sjálfgefið að konur myndu treysta því að þeir gerðu það. Þetta gengur þó í báðar áttir. Konur hætta stundum að taka pilluna af því að þær vilja verða barnshafandi. Það breytir því ekki að málið er og hefur verið í rannsókn lengi og því má búast við að einhvern tímann breytist þetta umhverfi þannig að karlar fái fleiri möguleika þegar kemur að getnaðarvörnum. Það sem þó er mest um vert, er að litið er á sérhverja getnaðarvörn sem sameiginlega ábyrgð beggja aðila í sambandi hvort sem það er konan eða karlinn sem „notar“ getnaðarvörnina,“ segir Sóley að lokum.

Meira um getnaðarvarnir má lesa á vefsíðunum www.astradur.is og www.doktor.is


BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65%
AFSLÁTTUR



55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

# D-vítamín dregur úr líkunum á MS

***Tengsl eru talin vera milli D-vítamínmagns í blóði og taugasjúkdómsins MS.***

Svo virðist sem fólk með meira magn af d-vítamíni í blóðinu sé ólíklegra til að fá MS, nánar tiltekið mænu- og heilasigg, samkvæmt rannsókn sem var nýverið gerð við Harvard School of Public Health.

Rannsakendur skoðuðu og báru saman D-vítamín magn í 257 blóðsýnum, sem eru á meðal sjö milljóna sýna sem hafa verið tekin úr starfsfólki bandaríska hersins og eru í vörslu varnarmálaráðuneytisins í Norður-Ameríku.

Í ljós kom að hvítir áttu síst á hættu að fá MS, en þeir höfðu mest magn af D-vítamíni í blóðinu. Aftur á móti voru þeir í mestri hættu sem voru með lágt gildi D-vítamíns í blóðinu.

Ekki fundust sérstök tengsl á milli magns D-vítamíns og MS hjá svörtum, sem hafa almennt minna af D-vítamíni í blóðinu vegna litarefna í hörundinu, að sögn rannsakenda.

Aðstandendur rannsóknarinnar segja þetta eingöngu sýna fram á að þeir sem hafa að jafnaði mikið D-vítamín í blóðinu eigi síður á hættu að fá MS. Ekki sé þar með sagt að neysla D-vítamíns dragi úr líkunum á að fá sjúkdóminn, sem leggst á taugafrumur miðtaugakerfisins, það er heila og mænu.



Appelsínur innihalda talsvert magn af d-vítamíni en ekki er mælt með því að fólk neyti þess í óhófi ætli það sér að draga úr líkum á að fá MS.

Er jafnvel varað við því að óhófleg neysla D-vítamíns geti leitt til lystarleysis, flökurleika, hægðartregðu og í verri tilfellum of hás blóðþrýstings og nýrnaskemmda.

Þess má geta að MS hrjáir 400.000 Bandaríkjamenn og þar greinast vikulega 200 ný tilfelli. *-rve*



Þetta blóm er sett út í vatn og seyðið drukkið.



Kínverjar trúa á lækningamátt tes.

## Holl og góð

Í HEILSUDREKANUM, SKEIFUNNI 3, FÁST TE SEM BÆTA HEILSUNA.

Kínverjar leggja töluverða áherslu á lækningamátt tes og er eigandi Heilsudrekans, Dong Qing Guan, ekki í neinum vafa um sannleiksgildi þess, en hjá henni fást ýmsar tegundir af tei.

Fyrst ber að nefna hvítt te, sem er vítamínríkt að sögn Qing. Þá segir hún oolong-te auka brennslu og svart auka orkuflæði líkamans. „Jurtate er síðan gott við alls kyns kvillum, svo sem höfuðverk, svefnleysi og ristilvandamálum," bætir hún við.

Er þá fátt upptalið en svo virðist sem te sé til við hverju vandamáli ef marka má Qing, auk þess sem það dregur úr hættu á alls kyns vandamálum, til að mynda gigt, kólesteróli og tannskemmdum og hefur örvandi áhrif á ónæmiskerfið.

„Ég er sel fleiri gerðir af tei í Heilsudrekann en áður, sem ég mæli eindregið með að fólk kynni sér," heldur Qing áfram. „Svo ekki sé minnst á te, sem fæst úr blómum sem eru sett út í vatn í tekötlum og eru full af andoxunarefnum, sem eru góð fyrir heilsuna." *-rve*

## Græðingarmáttur mannsheilans

TALIÐ ER AÐ HEILINN DRAGI ÚR SKEMMDUM VEGNA ÁFENGISNEYSLU.

Lengi hefur verið vitað að óhófleg áfengisdrykkja getur skaðað heilafrumur, en nú hefur einnig komið í ljós að heilinn getur dregið úr þeim skaða sem drykkjan veldur.

Er þetta niðurstaða rannsóknar sem alþjóðlegt teymi vísindamanna framkvæmdi nýverið á fimmtán áfengissjúkum sjálfboðaliðum, körlum og konum, í London.

Voru heilar þátttakendanna skannaðir með háþróaðri tækni til að skoða hvort umfang, lögun og starfsemi heila þeirra tækju breytingum við að láta af drykkju.



Rannsóknin sýndi fram á að umfang heilans jókst að meðtaltali um tvo prósent hjá sjálboðaliðinum 38 dögum eftir að þeir settu tappann í flöskuna. Í aðeins einu tilviki var aukningin minni háttar, nánar tiltekið hjá manni sem átti lengstu áfengismisnotkunina að baki.

Þátttakendurnir, sem hættu allir áfengisdrykkju án aðstoðar lyfja, virtust ennfremur eiga auðveldara með að einbeita sér eftir að þeir sneru við blaðinu.

Svo virðist því sem mannsheilinn, einkum og sér í lagi hvíta efni hans, geti því endurnýjað sig að vissu marki.

Vísindamennirnir vöruðu þó við því að áfengismisnotkun í lengri tíma, væri líkleg til að valda meira tjóni en heilinn gæti lagað og bætt úr. *-rve*







EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**Innritun hafin á janúarnámskeið**

- **TT 1 Vertu í góðum málum!**
  Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
  Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT 2 Vertu í góðum málum!**
  Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT 1
- **TT 3 og 4 Taktu þér tak!**
  Lokuð 9 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
  fyrir stelpur16-25 ára
- **Rope Yoga**
  Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **6o +**
  Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku
- **Meðgönguleikfimi**
  Lokuð 9 vikna námskeið 2 x í viku

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

**Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB**
**Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði**

**Opna kerfið - Þinn tími er kominn!**

1. *Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki*
2. *Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun*
3. *Pallatími, samsett spor, mikil brennsla*
4. *Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur*
5. *Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur*
6. *Yoga*
7. *Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð.*
8. *Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl*
9. *Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar*

**Barnagæsla - Leikland JSB**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is*

**Jólaumferðin** verður væntanlega mikil í dag og ökumenn því hvattir til að fara varlega og sýna tillitsemi. Gefum stefnuljós og flýtum okkur hægt.

Langendorf malarvagnar
Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 551 4680
www.sturlaugur.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BELARUS®
91, 105 og 130 hö.
VETRARTILBOÐ
ÓDÝRIR OG GÓÐIR
RAFVÖRUR ehf.
VÉLADEILD
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI · SÍMI 568 6411
WWW.RAFVORUR.IS · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

allt matur
Alla föstudaga

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Kia Cee´d kemur til landsins í byrjun næsta árs. Til að byrja með verður boðið upp á 1,6 lítra dísilvél en síðar á árinu mun úrvalið aukast.

# Kóresk innrás í Evrópu

***Suðurkóreski bílaframleiðandinn Kia ætlar sér að taka Evrópu með áhlaupi. Leynivopnið í þessari leifturárás er hinn nýi Kia Cee'd með sjö ára ábyrgð.***

Kia bindur miklar vonir við cee'd og endurspeglast þessar vonir í nafninu. Cee'd vísar í enska orðið ceed, sem þýðir fræ, en meiningin er að þarna sé verið að sá fræi í Evrópu sem síðar verði að stóru tré. Ekki er ólíklegt að það gangi eftir. Bíllinn sjálfur er góður efniviður og ekki skemmir sjö ára ábyrgðin sem honum fylgir.

Kia tekur nokkra áhættu með þessu. Fimm ára ábyrgð á öllum cee'd bílnum frá stuðara til stuðara, og sjö ára ábyrgð á aflrein, getur orðið dýrt spaug fyrir fyrirtækið. Aftur á móti höfðar þessi ábyrgð án efa til margra enda fátt sárara en dýr viðgerð á rúmlega þriggja ára bíl sem nýlega hefur fallið úr ábyrgð.

Cee'd kemur í nokkrum útgáfum með misstórar vélar, ýmist bensín eða dísil. Fyrsti bíllinn sem var prófaður var með 2,0 lítra bensínvél. Krafturinn var nægur, vélin hljóðlát og sex gíra beinskiptingin þýð. Það fór bílnum vel að hafa hestöflin 140 enda er hann frekar þungur, um 1.380 kíló. Maður fann þó lítið fyrir þyngdinni, bíllinn örlítið þungur í stýri en hann hefði ekki mátt vera mikið léttari. Þá hefðu tengslin við hið frábæra veggrip bílsins tapast. Það var sama hvernig bílnum var hent í beygjur, yfir- og undirstýring var engin. Það var ekki fyrr en bíllinn var virkilega keyrður eins og um kappakstursbíl væri að ræða að hann rétt skrikaði til.

Sú gerð sem boðið verður upp á hérlendis til að byrja með er 1,6 lítra dísilbíll. Hann, líkt og sá með 2,0 lítra vélina, skilaði nægum krafti, 115 hestöflum og 255 Nm, þó að nokkuð hafi vantað upp á að ná stóra bróður. Bensínbílarnir voru ekki jafn skemmtilegir, mun daufari, en góðir í akstri engu að síður.

Cee'd er vel útlítandi bíll, virðist vel byggður, með góða aksturseiginleika og sjö ára ábyrgð. Eini raunverulegi gallinn, fyrir utan illa heppnað fölappelsínugult ljós í mælaborði, er hversu þungur bíllinn er. Á móti kemur að í sínum flokki er hann meðal þeirra stærstu og rúmbestu.

Kia cee´d er í flokki svokallaðra C-bíla og keppir þar við tegundir eins og Volkswagen Golf, Ford Focus og Toyota Corolla. Hann á eftir að standa sig vel í þeirri samkeppni enda um vel heppnaðan bíl að ræða.

*tryggvi@frettabladid.is*



Skiptingin í cee'd er þýð og þétt.



Appelsínugula ljósið í mælaborðinu er afskaplega fráhrindandi í hálfrökkri. Þá verður mælaborðið eins og það hafi upplitast í of mikilli sól.



Í bílnum er tengi fyrir iPod, USB tengi og aux-in tengi. Einföld tækni sem ótrúlegt er að ekki sé í fleiri bílum.

**KIA CEE'D**

**Vél:** 1.6/2.0 dísil
115/140 hö - 255/305 Nm
**Þyngd:** 1341/1383 kg
**Verð:** Óljóst

**Aðrir sambærilegir:**
Volkswagen Golf
Ford Focus
Toyota Carolla



Cee'd er stór miðað við aðra bíla í sama flokki og rúmgóður eftir því. Plássið kostar þó sitt í þyngd.

# Toyota fjölgar mest

***Haldi fram sem horfir mun Toyota verða stærsti bílaframleiðandi heims á næsta ári.***

Hingað til hefur General Motors (GM) verið stærsti bílaframleiðandi heims en gangi spár Toyota eftir mun fyrirtækið komast upp fyrir GM á næsta ári. Söluspár hljóða upp á 9,34 milljónir seldra ökutækja og takist það munu þeir skjóta GM ref fyrir rass.

Toyota varð næststærsti bílaframleiðandi heims árið 2003 er fyrirtækið fór upp fyrir Ford í sölutölum. Í ár seldi fyrirtækið 8,85 milljónir bíla og er hagnaðurinn eftir því.

Samfara aukinni sölu fyrirtækisins áætlar Katsuaki Watanabe, forstjóri Toyota, að ráða þurfi 8.000 nýja verkfræðinga um heim allan fyrir 2010. *- tg*


Toyota seldi 8,85 milljónir bíla í ár.

# Metsala í Þýskalandi

***Sala nýrra bíla aldrei meiri í Þýskalandi að því er kemur fram á www.fib.is***

Síðustu mánuðir hafa verið algjörir metmánuðir í bílasölu í Þýskalandi. Almennt hefur salan aukist um 18 prósent, en þeir sem best koma út eru Volkswagen með 22 prósenta aukningu, og Mercedes-Benz og Audi með 21 prósents aukningu.

Þessa sprengju má rekja til stórtækrar hækkunar á virðisaukaskatti sem gengur í gildi nú um áramótin. Skatturinn hækkar úr 16 í 19 prósent og er þetta mesta staka hækkun síðan Þriðja ríkið leið undir lok árið 1945. *- tg*


Volkswagen seldi 71.000 fleiri bíla í Þýskalandi nú í ár en í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Gerðu betri kaup fyrir áramót og
endurnýjaðu tækin

Eigum til afgreiðslu strax
úrval af dráttarvélum og
heyvinnutækjum

K O R T E R . I S



Magnús Þór Eggertsson,
bóndi á Ásgarði í Borgarfirði

,,Landini dráttarvélin hefur reynst afar vel við búskapinn.
Hún er sterkbyggð með aflmikilli Perkins vél og góðu glussakerfi með mörgum úrtökum sem oft hefur komið sér vel. Einnig er hún hagkvæm í rekstri og á mjög hagstæðu verði.
**Ein bestu kaup sem ég hef gert"**

Landini®
tækin sem þú treystir!

Höfum langa reynslu af innflutningi á gripagólfum
Hafðu samband við sölumenn okkar.

STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími. 412 3000
www.sturlaugur.is



NOTUÐ TÆKI


Mercedes Benz
Árgerð 1997 - Ekinn 125.000


Iveco Eurocargo
Árgerð 1997 - Ekinn 253.000


JCB JS 160W Hjólagrafa
Árgerð 1998 - v.st. 6.000


JCB Teletruck
Árgerð 2006 - v.st. 960


JCB Traktorsgrafa
Árgerð 2000 - v.st. 4.000


STILL R60-25
Árgerð 1996 - v.st. 12.700

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

# Afi gamli leikur sér að lestinni um jólin

***Englendingurinn Ken Hammer er einn af mörgum lestaáhugamönnum í heiminum.***

Söfnun leikfangalesta er algengt áhugamál fólks víða um heim sem dundar sér við viðhald, kaup og lestur um hinar ýmsu gerðir lesta. Ekki hefur borið mikið á því á Íslandi enda þekkja menn lítið til lesta hér á landi. Einn þeirra sem hefur brennandi áhuga á lestasöfnun er Ken Hammer í Englandi en þar í landi er fjöldinn allur af lestasöfnurum á öllum aldri. Flestir eru þó eins og Ken Hammer, karlmenn að nálgast eða á eftirlaunaaldri. Ken á sjálfur 25 lestir og um 200 tengivagna sem hann raðar saman og ekur á örsmáum lestarteinum sem liggja um alla stofuna.

Áhugi Kens hófst þegar hann keypti leikfangalest fyrir börnin sín fyrir mörgum árum. Krakkarnir voru ekki yfir sig hrifnir en lestin vakti áður óþekktar kenndir hjá pabba gamla sem hefur ekki getað slitið sig frá lestunum síðan.

Eins og gefur að skilja aka lestirnar í kringum jólatréð hver jól.


Hér er Ken með módel af þýskri gufulest af árgerðinni 1930. Þetta var fyrsta vélin sem Ken keypti fyrir mörgum árum handa börnum sínum í jólagjöf.


Ein af 25 lestum Kens undir jólatrénu.

NOTUÐ TÆKI


Iveco Euro Trakker
Árgerð 2004 - Ekinn 88.500


Mercedes Benz
Árgerð 1995 - Ekinn 282.000


Mercedes Benz
Árgerð 2001 - Ekinn 293.000


JCB JS330LC Beltagrafa
Árgerð 2003 - v.st. 10.100


JCB JS330LC Beltagrafa
Árgerð 2005 - v.st. 3.100


STILL R60-25
Árgerð 2000 - v.st. 5.300

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

Endaðu árið með krafti

Yuchai beltagröfur á frábæru verði til áramóta




Vélar og þjónusta bjóða einstakt verð á Yuchai beltagröfum sem gildir aðeins til áramóta.

Gröfurnar eru til í ýmsum útfærslum og með búnað frá þekktum gæðamerkjum:
• Perkins mótor
• Cummins mótor
• Toshiba glussakerfi
• SB hallaskóflur og glussa hraðtengi
• Bridgestone belti

Yuchai beltagröfurnar henta mjög vel fyrir mismunandi aðstæður og eru til í ýmsum stærðum: 1,5 tonn, 1,8 tonn, 3 tonn, 5,8 tonn, 8,1 tonn og 13,5 tonn.

Komdu í Vélar og þjónustu og kynntu þér verðið frekar.
Verðið gildir einungis til áramóta eða á meðan birgðir endast.

PIPAR • SÍA

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 • 101 Reykjavík • Sími 580 0200 • www.velar.is

# bílaland B&L

bíla land B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 02/2002, 2400cc
5 dyra, Fimmgíra, Brúnn / Grár, Ekinn 97.000 þ.
Verð: 1.620.000 tilboð 1260,000,-



NISSAN PRIMERA
Nýskr: 06/1998, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 151.000 þ.
Verð: 420.000 tilboð 250,000,-



NISSAN VANETTE
Nýskr: 08/2001, 2300cc
5 dyra, Fimmgíra, Hvítur, Ekinn 119.000 þ.
Verð: 930.000 tilboð 590,000,-



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 05/2005, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 61.000 þ.
Verð: 1.740.000 tilboð 1390,000,-



RENAULT SCENIC II
Nýskr: 05/2005, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 16.960 þ.
Verð: 1.930.000 tilboð 1590,000,-



SUBARU LEGACY
Nýskr: 01/1998, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 142.000 þ.
Verð: 580.000 tilboð 390,000,-

## Verð frá 500.000 til 1.500.000.-



HYUNDAI ACCENT
Nýskr: 11/2002, 1500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 58.000 þ.
Verð: 780.000



HYUNDAI ELANTRA
Nýskr: 09/2001, 1600cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 110.000 þ.
Verð: 790.000



HYUNDAI GETZ
Nýskr: 01/2005, 1600cc
5 dyra, Fimmgíra, Ljósblár, Ekinn 28.000 þ.
Verð: 1.290.000



PEUGEOT 206
Nýskr: 09/2005, 1400cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 21.000 þ.
Verð: 1.490.000



RENAULT LAGUNA
Nýskr: 10/2000, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 77.000 þ.
Verð: 990.000



TOYOTA AVENSIS
Nýskr: 02/2003, 1800cc
4 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 63.000 þ.
Verð: 1.240.000

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-



FORD ESCAPE
Nýskr: 07/2004, 3000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 24.000 þ.
Verð: 2.750.000



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 08/2003, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 46.000 þ.
Verð: 2.280.000



HYUNDAI TUCSON
Nýskr: 07/2005, 2000cc
5 dyra, Fimmgíra, Grár / Svartur, Ekinn 19.000 þ.
Verð: 2.450.000



LAND ROVER DEFENDER
Nýskr: 05/2003, 2500cc
5 dyra, Fimmgíra, Blár / Hvítur, Ekinn 43.155 þ.
Verð: 2.590.000



RENAULT SCENIC
Nýskr: 02/2004, 2000cc
5 dyra, Fimmgíra, Dökkgrænn, Ekinn 22.000 þ.
Verð: 1.590.000



BMW 530XI
Nýskr: 11/2005, 3000cc bensín 4x4
4 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn, Ekinn 20.000 þ.
Verð: 6.590.000

## Verð frá 3.000.000.-



BMW X3
Nýskr: 06/2005, 3000cc bensín
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 32.000 þ.
Verð: 5.250.000



BMW X5 lux
Nýskr: 04/2006, 3000cc bensín
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 7.000 þ.
Verð: 6.650.000



FORD MUSTANG
Nýskr: 08/2005, 4600cc 300hö
2 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 9.000 þ.
Verð: 3.590.000



LAND ROVER RANGE ROVER supercharged
Nýskr: 07/2005, 4200cc bensín
4 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 36.000 þ.
Verð: 12.500.000



TOYOTA LAND CRUISER
Nýskr: 01/2006, 4000cc bensín
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 19.000 þ.
Verð: 5.650.000

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

# Jólin byrja snemma hjá Benna!

Þeir sem kaupa notaðan bíl hjá okkur fá **32" United veggsjónvarp** í kaupbæti*

## 100% vaxtalaus lán í boði og fyrsta greiðsla í feb 2007*




* af völdum bílum



CHEVROLET KALOS SE 1400, 3/2005, ek. 52 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd, líknarbelgir, rafm. í rúðum, samlæsingar, veltistýri, vökvastýri, þjónustubók og fl. Verð 850 þús. TILBOÐ 750 þús. stgr. ( KJ-367)



RENAULT MEGANE SCÉNIC 2,0 4X4, 2/2001, ek. 121 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, álf. dráttarkrókur, cd, rafm. í rúðum og speglum, fjarstýrðar samlæsingar, þakbogar, þjónustubók. Verð 1.050 þús. Tilboð 790 þús.stgr. ( VG-102)



BMW 320 Dísel (eyðir 6L pr 100km)árg 7/03 ekin 128þús km beinskiptur 6gíra,150HÖ,abs,álfelgur,armpúði,asr spólvörn,bakkskynjari,esp stöðuleikakerfi,geislaspilari,turbine,reyklaus,líknabelgir og m/fl verð:2,690,000- TILBOÐ: 1,990,000- (sx-540)



NUBIRA SX 1600 WAGON 1/1999, ek. 107 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, ný tímareim og fleira. Verð 370 þús. TILBOÐ 290 þús. stgr. ( MT-816)



MUSSO E -230 BENSIN (150HÖ)GRAND LUXE 8/2000, ek. 96 þús.5 dyra, ssk.abs, dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, cd, rafm. í rúðum og speglum og fl. Verð 1.350 þús. TILBOÐ 1.100 þús. ( SB-465)



M-Bens ML-320 árg. 2001 ekinn 138 þús. km, sjálfskiptur, abs, álfelgur, armpúði, asr spólvörn, esp stöðuleikakerfi, geislaspilara magasín, gler topplúga, crus, og m/fl. Verð 2,690,000- TILBOÐ:2,290,000- (YK-457)



MINI COOPER S árg. 7/2005 ekinn 16 þús. km, rauður, 5gíra beinskiptur,1,6L (163 HÖ) 16"álfelgur, fjarst samlæsingar, geislaspilari, kastarar, rafmagn í rúðum og margt fl.sjón er sögu ríkar stórglæsilega bíll.Verð:3,490,000-TILBOÐ:2,890,000- (OS-670)



RENAULT LAGUNA 2,0,16V 06/2004. ek. 36 þús. 5 dyra, ssk. abs, cd, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm í rúðum og speglum, leður/tau áklæði. Ásett verð 2.290 þús. Tilboð 1.990 þús. ( JF-549)



Musso Sports T-DI árg. 5/2004 ekinn 72 þús. km, með plasti í palli og húsi með rafmagni, sjálfskiptur, 31" breyttur, álfelgur, cd spilari, intercooler, rafmagn í rúðum samlæsingar, gangbretti, og m/fl. Verð 1,890,000- TILBOÐ 1,690,000-(PB-623)



Subaru Legacy 2,0L sedan,árg. 8/2004, ekinn 48 þús. km, svartur, 5gíra beinskiptur, abs, álfelgur, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, líknabelgir, rafm í öllu, verð 1,750,000-TILBOÐ 1,590,000- (VN-549)



MUSSO GRANDE LUXE 2900 DISEL HIGH OUTPUT 8/1999, ek. 111 þús. abs, álf. 31" dráttarkrókur, filmur, cd, topplúga, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, tölvukubbur og fl. Verð 1.350 þús. TILBOÐ 1.150 þús. ( TV-417



Musso 2300 Turbo Diesel 9/2000, ek. 142 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. 31" dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, spoiler, intercooler og fl.Sparneytinn diesel jeppi. Verð 1,150 þús. TILBOÐ 890 ÞÚS. stgr. (JZ-710)



Jeep Grand Cherokee LTD,4,7L árg 7/2002, Innfluttur nýr, ekinn 75 þús. km, grásans, sjálfskiptur, leðurinnrétting, álfelgur, asr spólvörn, dráttarkúla, cd spilari, hraðastillir, líknabelgir, litað gler, rafmagn í öllu, reyklaus, verð 2,590,000. TILBOÐ 2,190,000 (SE-239)



Musso E-23 (150HÖ) bensín árg. 7/1998 ekinn 121 þús. km,sjálfskiptur, 31" dekkálfelgur, dráttarbeisli, cd spilari og m.fl. Verð 790,000-Tilboð 590,000 stgr. (uv-664)



Tacuma cdx 2,0 9/2003, ek. 46 þús.5 dyra, 5 gíra, álf. Abs, cd, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, þjónustubók og fl. Verð 990 þús. ( OI-159)



Tacuma cdx 2,0 6/2004, ek. 61 þús.5 dyra, ssk. Abs, álf. Fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum. Ný tímareim. Verð 1.190 þús. (SE-190)

CHEVROLET KALOS S 1200 6/2005, ek. 48 þús. 5 dyra, 5 gíra, líknarbelgir, veltistýri, vökvastýri, þjónustubók. Frábær sparibaukur. Verð 920 þús. TILBOÐ 790þús stgr. ( LO-085)

Bílabúð Benna

# Bílabúð Benna, notaðir bílar, í brjáluðu jólaskapi

**Bíldshöfða 10 ::: Opið mán-fös 10-18.30, lau 10-16 ::: Sími 587-1000 ::: www.benni.is.**

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Vefsíðujólapakkinn - 8.is

Heimasíðuráðgjöf. www.8.is

Vefhýsing. www.8.is

## Nudd

Losaðu þig við jólastressið og slakaðu á. Ilmolíu nudd gefur góðann líðann. Erla í s. 587 4517.

## Spádómar

Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spái í tarrot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

**Bella.is s. 5 67 07 57.**
**EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga.

Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar.

Erla s. 587 4517.

## Trésmíði

Innréttingauppsetningar og parketlagnir. Upplýsingar í síma 824 1956.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Jólagjöfin til þín. Viltu ná alvöru velgengni? Ertu tilbúinn að leggja á þig það sem þarf? LR er mín leið. 662 5599.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi í öll hús !**
Gufustraurborð - Rafvirkjar - Nuddpottaþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is

## Dýrahald



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Gistiheimili Dalshraun Hafnafjörður, tveggja manna herb, frá 40.000 kr per mán. Uppl. 824 4535.

Íbúð til leigu á Akureyri. 3 herb. á 2. hæð í tvíbýli á Eyrinni, með eða án húsgagna, 3 mánuðir fyrir fram og trygging í formi víxils. Laus 1. jan. Upplýsingar í s. 869 8473.

Vegna tímabundinna flutninga erlendis er 215 fm endaraðhús í Áslandi í Hfj. til leigu frá 1. feb. n.k. í 2 ár. Um er að ræða nýtt full frágengið steinhús á 2 hæðum. Á neðri hæð er bílskúr, 2 rúmgóð svefnherb., sjónvarpshol, baðh. með sturtu og þvottahús. Á efri hæð stofa, borðstofa, eldhús, 2 rúmgóð svefnh. og salerni með baði. Garður fullfrágengin. Glæsilegt útsýni. Leitað er að ábyggilegum og reglusömum leigjendum. Uppl. í s. 868 4008 & 565 3272 e. kl. 15 á daginn.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu og sölu er 140 fm iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. í s. 899 7188.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Ert þú í leit að góðri vinnu og góðum félagsskap. Við hjá Snæland vídeó óskum eftir áhugasömu fólki í dagvinnu/fullt starf og aukastarf með skóla. Hafðu samband við okkur í s. 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

**Hrafnista Hafnarfirði**
**Umönnun**
**Stafsfólk óskast í aðhlynningu.**

**Starf 1- vaktavinna 70-80%**
**Starf 2- Önnur eða 3ja hver helgi**
**Starf 3- 4ra tima vaktir morgun eða kvöld Býtibúr - Framtíðarstarf.**
**Starfsmann vantar í 50% stöðu í býtibúr.**
**Upplysingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magnea@hrafnista.is**

**Hrafnista Reykjavík**
**Umönnun**
**Stafsfólk óskast í aðhlynningu.**

**Starf 1- 8-16 virka daga**

**Starf 2- Næturvaktir**

**Starf 3- 4ra tima vaktir morgun eða kvöld .**
**Upplysingar gefur Magnea í síma 585 9529 eða á magnea@hrafnista.is**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Hvar í veröldinni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Bifvélavirki óskast! Bílvogur ehf, sem er umboðsverkstæði í Kópavogi, óskar eftir að ráða vanan bifvélavirkja til starfa sem fyrst. Upplýsingar í símum 564 1180, 864 8459 (Ómar) og 894 1181 (Björn).

Jólagjöfin til þín. Viltu ná alvöru velgengni? Ertu tilbúinn að leggja á þig það sem þarf? LR er mín leið. 662 5599.

Stuðningur við fólk með fötlun. Óskað er eftir góðu fólki til starfa í íbúðakjarna í miðborginni. Dag-,kvöld og helgarvinna. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Viðkomandi þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt. Upplýsingar veitir Sighvatur Blöndahl í síma 561-3141, netfang sighvatur.b.magnusson@reykjavik.is

## Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, býður pólska starfsmenn. Uppl. s. 8947799 og 0048669587238 eða ispolska@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

# HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Sjúkrahúsið Vogur óskar eftir hjúkrunarfræðing til starfa þarf að getað tekið næturvaktir. Áhugasamir hafi samband við Þóru Björnsdóttur hjúkrunarforstjóra **thora@saa.is** eða í síma 8247615.

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breyttum deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

## Fossvogur - einbýlishús

Tillaga að breytingum á skilmálum í deiliskipulagi fyrir einbýlishús í Fossvogi.
Tillagan gerir ráð fyrir að hámarksnýtingarhlutfall á lóð hækki úr 0,24 í 0,3 ofanjarðar með bílgeymslu. Að öðru leiti gilda eldri skilmálar óbreyttir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Bústaðahverfi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bústaðahverfi.
Tillagan gerir ráð fyrir að skilmálum verði breytt þannig að: heimilt verði að steypa viðbyggingu innan byggingarreits fyrir garðstofur, heimilt verði að gera svalir ofan á þök garðstofa/viðbygginga og að byggja má anddyri með flötu þaki.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 27. des. 2006 til og með 7. febrúar 2007.
Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 7. febrúar 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 27. des. 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**
**www.husid.is**

Frum

*Húsið fasteignasala og starfsfólk þess óskar þér og þínum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.*

*Þökkum viðskipti á liðnu ári.*

*Opnunartími milli jóla og nýárs.*

*Miðvikudag 10:00 – 14:00*
*Fimmtudag 10:00 – 14:00*
*Föstudag 10:00 – 14:00*



## VISSIR ÞÚ ...

... að árið 2007 verður aðfangadagur á mánudegi?

... að þá þarf aðeins að vinna tvo daga á milli jóla og nýárs?

... að gamlársdag mun þá bera upp á mánudag?

... að það kallar á fjögurra daga helgi kringum áramótin?

... að einungis er heimilt að selja flugelda frá 28. desember til 6. janúar?

... að einungis er heimilt að skjóta upp flugeldum á þessu sama tímabili?

... að bannað er að skjóta upp flugeldum eftir miðnætti og til klukkan níu á morgnana?

... að nýársnótt er undanskilin þessari reglu?

... að flestir stelast nú til að prófa aðeins bomburnar utan tímamarka án þess að nokkur skipti sér af því?

... að lögreglan getur þó sektað menn fyrir að virða ekki þessar reglur?

... að límið á ísraelskum frímerkjum hefur verið meðhöndlað samkvæmt helgisiðum gyðinga (kosher)?

... að M&M eru upphafsstafir eftirnafna stofnenda fyrirtækisins, Forrest Mars og Bruce Marrie?

... að M&M var upphaflega framleitt sem sælgæti fyrir hermenn sem þeir gætu borðað án þess að verða kámugir á fingrunum?

... að marijúana er ekki líkamlega vanabindandi eins og til dæmis koffein, alkóhól og nikótín?

... að matarsalt er eina vörutegundin sem ekki hefur hækkað gríðarlega í verði síðastliðin 150 ár?

... að með því að tyggja tyggigúmmí þegar verið er að skera lauk er hægt að koma í veg fyrir að maður tárist?

... að meðal Bagandafólksins í Úganda hljóta ekkjur nýframliðins konungs þann heiður að drekka mjöðinn sem notaður var til að hreinsa garnir konungsins?

... að það hlýtur að teljast frekar ógeðfelldur drykkur?

... að áramótabrennur voru líklega ekki haldnar hér á landi fyrr en á ofanverðri 18. öld?

... að í öðrum löndum hefur lengi tíðkast að kveikja í bálkesti við ýmis tækifæri, svo sem á hvítasunnu, kyndilmessu, Jónsmessu og allrarheilagramessu?

... að þó er talið að áramótabrennur séu séríslenskt fyrirbæri?

... að allra fyrsta dæmið um áramótabrennu er frá árinu 1791 þegar skólapiltar úr Hólavallaskóla í Reykjavík söfnuðu saman tunnum og öðru timburrusli og kveiktu í á hæð sem þeir kölluðu Vulcan?

... að það hefur líklega verið Landakotshæð?

# ÁRAMÓTAMINNINGIN

## *Verður næmur um áramót*

Curver Thoroddsen hengdi á sínum tíma upp veggspjöld til að vekja fólk til umhugsunar um aldamótin. Nú ætlar hann að fagna nýju ári með 90's veislu á Nasa.

„Þau áramót sem standa mér efst í minni eru áramótin 1999-2000 og 2000-2001. Þá var ég með eitthvað sem ég kallaði Bibbilenium. Einskonar áróðursgjörning sem gekk út á að hengja auglýsingaplaköt upp um alla borg og vekja fólk til umhugsunar um allt þetta milleninum-tal. Ég var nýfluttur heim frá útlöndum og stóð á tímamótum í lífi mínu. Það var eitthvað magnað við þessi áramót. Maður verður líka oft svo næmur í kringum áramótin. Ég var þarna einn í hrikalegu frosti niðri í bæ að hengja upp auglýsingarnar og þetta situr allt einhvern veginn í minningunni hjá mér."

Nú um áramótin ætlar Curver, ásamt breskri vinkonu sinni, að halda risastórt áramótapartí á Nasa þar sem tónlist tíunda áratugarins verður gert hátt undir höfði. „Það verður skemmtilegt," segir Curver. „Þessi tónlist er skemmtilega hallærisleg en líka svolítið kúl. Til dæmis Technotronic og Two Unlimited en svo spilum við líka Happy Mondays, hipp hopp frá þessum tíma og fleira sem er hægt að hoppa og hía við. Við ætlum samt ekki að spila neitt rokk. Bara dansvæna tónlist," segir hann að lokum og það má sannarlega gera ráð fyrir miklu fjöri á Nasa þessi áramót.



Curver lofar litskrúðugri dansveislu á Nasa á gamlárskvöld.




Létt í munn og maga

Fiskur er auðmeltur og hollur matur, góður fyrir hjartað og æðarnar, magann og meltinguna. Fáðu þér léttan og ferskan fiskrétt í kvöld.

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

Hamraborg 14a • Skipholti 70
Höfðabakka 1 • Vegamótum (Nesvegi 100)
Sundlaugavegi 12 • Háaleitisbraut 58-60

Purga-T
sjálfvirku slökkvitækin fyrir sjónvörp



• Alltaf á vakt
• Slekkur eldinn strax
• Fullkomlega öruggt
• Fæst í verslunum um land allt

H. Blöndal ehf.
Sími 517 2121 / www.hblondal.is

# 19”LCD

Mest seldi skjárinn þessi jól er án efa Samsung 940N LCD skjárinn sem lendir aftur í dag í Tölvutek á sama ótrúlega verðinu. Fyrstir koma fyrstir fá!

- **Hágæða LCD skjár frá Samsung**
- **700:1 skerpa tryggir gæðin**
- **8ms, lágmarks hraði í leikina**
- **Falleg og stílhrein hönnum**
- **Samsung gæði alla leið**

**19.900**

Ótrúlegt tilboð, athugið aðeins **1 stk.** á mann




# Live! Cam Voice

**1.3MP vefmyndavél með nýja hljóðtækni sem eyðir bakgrunnshljóðum og Video Fx tækni til að breyta þér í hinu ýmsu furðufugla**

**7.990**



# Logitech EX110

**Þráðlaust Logitech lyklaborð með forritanlegum flýtihnöppum og hágæða þráðlausri optical mús með fjölda flýtihnappa. ÁBRENNDIR ÍSLENSKIR STAFIR**

**2.990**




# Inspire T7900

**Ótrúlegt 7.1 hljóðkerfi með 7 hátölurum og kröftugu bassaboxi. 92W RMS dúndur kraftur sem virkar í öll 5.1 og 7.1 hljóðkort**

**12.900**




# Tölvutilboð

GigaByte Triton tölvan er hlaðin öllu því nýjasta eins og Intel Core 2 Duo og SilentPipe2 Geforce 7300GT skjákort

- **2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400**
- **1GB DDR2 667MHz OCZ minni**
- **320GB WD Sata2 16MB harðd.**
- **256MB GeForce 7300GT skjákort**
- **19” LCD Samsung 940N skjár**
- **18x DVD hljóðlátur skrifari**
- **Þráðlaust Logitech lyklaborð og mús**
- **2.1 hljóðkerfi frá Creative**
- **DTS hljóðkort og Gigabit netkort**
- **Windows XP Home**

**129.900**

EV10 **12.990** Á MÁN|ENGIR VEXTIR Í 10 MÁN




# X-FI Gamers hljóðkort

**Einstakt draumahljóðkort frá Creative, ótrúleg ný vídd í tölvuleiki og tónlist**

**7.990**




# 1GB minnislykill

**Örþunnur og lítill USB2 1GB minnislykill 1GB USB Ultra Small flash drive 2.0**

**1.990**



# 320GB harðdiskhýsing

**Vönduð og hraðvirk USB2 hýsing með Western Digital 320GB harðdisk**

**11.900**



# 1GB DDR400 minni

**Hágæða minni frá OCZ með ultra Performance kopar kæliplötu**

**9.990**



# 512MB DDR400 minni

**OCZ DDR 400MHz 512MB Value Series minni PC-3200, 400MHz, Value Series, 2.5-4-4-8**

**4.690**

# VUTEK

• 563 6900 • www.tolvutek.is



TAKMARKAÐ MAGN
ENGIR VEXTIR
ÓTRÚLEGT TILBOÐ
Gateway M465X
Intel Core Duo T2400 1.83GHz örgjörvi
1 GB Dual DDR2 533MHz vinnsluminni
80 GB SATA 5400RPM harðdiskur
8xDVD+-RW hljóðlátur skrifari
15,4" WXGA 1280x800 skjár
128MB ATI X1400 PCI-E16X skjákort
Windows XP PRO á íslensku eða ensku
54Mbps þráðlaust netkort og Gigabit netkort
5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
INTEL CORE DUO
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri hraða og afköst í fjölda forrita í einu
MINNISKORTALESARI
5 í 1 minniskortalesari fyrir flestar tegundir minniskorta eins og SD, Memory Stick ofl.
128MB ATI X1400
Öflugt PCI Express skjákort með 128MB háhraða minni og allt að 256MB Hyper minni
HLAÐIN TENGJUM
Öll helstu tengi, USB2 FireWire, TV-út, VGA, Gigabit netkort og minniskortalesari
OPNUNARTILBOÐ
Opnunartilboðin halda áfram og er þessi fartölva á verði sem hefur aldrei sést áður
WINDOWS XP PRO
Windows XP PRO stýrikerfi. Þú velur hvort þú villt íslenskt eða enskt viðmót
99.900
EVIO
9.990
Engir vextir í 10 mánuði
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Ríkissaksóknari og réttarvörslukerfið á villigötum

**UMRÆÐAN**
Dómsmál

Í Fréttablaðinu 13. desember 2006 er eftirfarandi haft eftir Boga Nilssyni, ríkissaksóknara:

„Þetta eru ekki alveg sambærileg mál. Líkamsárásarmál eru oft þannig að menn hafa verið staðnir að því að fremja brotin og að því leytinu er sönnunaraðstaðan allt önnur heldur en í kynferðisafbrotunum.“

Bogi er góður maður og gegn ríkissaksóknari en það sem hann segir um nauðgunarmál er mikill misskilningur. Sama innantóma klisjan og réttarvörslukerfið býður þolendum naugðana upp á. Er það þannig að ofbeldismenn sem gerast sekir um líkamsárásir séu staðnir að verki en nauðgarar ekki? Bíða líkamsárásarmennirnir eftir lögreglu en flýja nauðgararnir af vettvangi? Er líkamlegt glóðarauga refsivert en ekki andlegt? Af hverju er sönnunaraðstaðan mismunandi? Hver er mismunurinn? Bogi, pældu í því og pældu í friðhelgi einkalífs og í því hvort það sé ekki eitthvað mikið í ólagi með hugarfar réttarvörslukerfisins í kynferðisbrotamálum.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu eru meðal dýrmætustu réttinda hvers einstaklings. Þar trónir fremst rétturinn til lífsins en síðan til líkama og sálarlífs. Þessi réttindi verða ýmist alls ekki skert eða aðeins skert að uppfylltum ströngum skilyrðum. Ákvæði hegningarlaga um kynferðisbrot endurspegla ekki þessi mannréttindi. Sama gildir um rannsóknir, sönnunarmat, ákærur og dóma í nauðgunarmálum. Af 103 tilkynningum til lögreglu árið 2003 um nauðganir leiddu aðeins fimm til sakfellinga fyrir dómi. Þessar tölur segja allt sem segja þarf. Réttarvörslukerfið er fjandsamlegt konum. Karllæg hugsun er ráðandi í málaflokknum og reynsluheimur kvenna er virtur að vettugi. Eins og staðan er í dag er virðist gengið út frá því að ákæruvaldið sanni að samþykki hafi ekki verið fyrir hendi til kynmaka og ofbeldi hafi verið beitt. Ella virðist ofbeldismaðurinn ekki verða ákærður eða sakfelldur. Og það jafnvel þótt tímabundnir og varanlegir andlegir nauðgunaráverkar séu til staðar. Það samræmist ekki 71. gr. stjórnarskrárinnar. Bogi, tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar nauðgunar eru augljósar og þekktar og alvarlegri og síður læknanlegar en líkamlegir áverkar meiriháttar líkamsmeiðinga. Samkvæmt alþjóðlegum sjúkdómsgreiningum er áfallastreituröskun í kjölfar nauðgunar jafn alvarleg og afleiðingar styrjaldarátaka, náttúruhamfara og stórslysa, nema hvað þolendur nauðgana sitja einir að afleiðingunum og harmi sínum. Komi þessar andlegu afleiðingar fram eftir kynmök má leiða löglíkur að því, sér í lagi ef afleiðingarnar eru stórfelldar, að þolandanum hafi verið þröngvað til kynmaka, að ofbeldi hafi verið beitt eða hótum um ofbeldi. Sönnunarstaða í nauðgunarmálum er í engu frábrugðin sönnunarstöðu í líkamsárásarmálum. Málið snýst um það að réttarvörslukerfið leitar ekki réttra sönnunargagna. Gefur ekki auðsæjum tímabundnum og varanlegum andlegum afleiðingum nauðgunar gaum. Afleiðingar líkamsárása eru hins vegar rannsakaðar í þaula. Bogi, gefðu þessu gaum og láttu fara frá þér rannsóknarfyrirmæli þar að lútandi. Það er óþolandi staðreynd að líkamar og sálarlíf kvenna njóti minni einkalífsverndar og refsiverndar en þegar um líkamsárásir er að ræða eða friðhelgi bréfa eða híbýla er rofin.


ATLI GÍSLASON

Ég skammast mín fyrir íslenska rétttarvörslukerfið þegar kynferðisofbeldi á í hlut og fullyrði að umbylta þurfi hegningarlagaákvæðum, rannsóknaraðferðum og sönnunarmati í nauðgunarmálum og leggja megináherslu á verndarhagsmuni, tímabundnar og varanlegar andlegar afleiðingar. Það er í samræmi við mannréttindaákvæði um friðhelgi einkalífs. Bogi, þér ber að tryggja að þessi brýnu mannréttindi verði virk í reynd, strax í dag. Ég óska þér gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Höfundur skipar 1. sæti á framboðslista Vinstri grænna í Suðurkjördæmi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Kærleikur

**Pétur Sigurðsson járnsmiður skrifar um verkalýðsbaráttu**

Hverjir hafa lifað best eftir kærleiksboðskap Jesú Krists á síðustu 100-150 árum og breytt lífi manna til hins betra svo um munar? Hverjir hafa barist fyrir náungann og þau sem minna mega sín í þjóðfélaginu? Komið velferð alls almennings í það horf sem við best þekkjum í dag?

Ég held að það fari ekki á milli mála að hér er átt við verkalýðsfélögin sem staðið hafa við hlið Krists í þessu sköpunarferli. Kristur sagði: „Það sem þið gerið mínum minnstu gerið þið mér.“

Hér eru það verkalýðsfélögin sem staðið hafa vaktina með Kristi. Elskan til náungans er einkenni verkalýðsfélaganna. Kristur sagði: „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig. Ég og faðirinn erum eitt og öll eruð þið systkini mín.“

Þannig erum við öll eitt með Guði og þannig berjast verkalýðsfélögin fyrir jöfnum tækifærum til allra. Í raun var Kristur mesti sósíalisti sem uppi hefur verið á jörðinni.

Síðan verkalýðsbaráttan hófst fyrir 100-150 árum hafa orðið stórstígar framfarir, bæði í tækni sem á andlega sviðinu og velferðin mest þar sem verkalýðsfélögin eru hvað sterkust á Norðurlöndum og Vestur-Evrópu.

Ef baráttan verkalýðsmála hefði ekki komið til værum við enn á þrælastiginu og tæknin engin.

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is




Öll börn eiga rétt á að geta greint á milli
þess hvað má og má ekki gera við líkama þeirra.

Talaðu við barnið þitt og upplýstu það
um staðreyndirnar – **því fyrr því betra.**

Barn sem þekkir muninn á réttu og röngu er betur
í stakk búið til að neita, segja frá og komast óskaddað frá óeðlilegum
kringumstæðum sem það vill ekki taka þátt í.

**Rjúfðu þögnina og fræddu barnið þitt – það er á þína ábyrgð**

**Hvernig tölum við um þetta við börnin? Fáðu leiðbeiningar á www.blattafram.is.**
**Ef velferð barns er í húfi hringdu í 112**

BLÁTT ÁFRAM!



**LINDA PÉTURSDÓTTIR ATHAFNAKONA ER 38 ÁRA**

*Oft fékk ég jólagjöfina og afmælisgjöfina saman frá ættingjum, en ég kippi mér ekki upp við það núna. Annars eigum við öll systkinin afmæli í lok desember, þannig að þetta er ansi dýr mánuður í fjölskyldunni.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. DESEMBER 1942

## *Rússneskir hermenn ganga til liðs við Þjóðverja*



Þennan dag stofnuðu Þjóðverjar Smolensknefndina til þess að skrá rússneska stríðsfanga í hersveit til þess að berjast gegn Rauða hernum. Hershöfðingi þessarar sveitar var fyrrverandi sovésk stríðshetja, Vlasov, sem Þjóðverjar höfðu náð í umsátrinu um Leníngrad. Vlasov gekk í Rauða herinn 1919 og barðist gegn hvítliðum í borgarastríðinu.
Hann varð seinna sendifulltrúi Sovétstjórnarinnar og ráðgjafi hjá Kuomintang, meðan enn var kært milli Rússa og Chiangs Kai-shek. Hann tók þátt í vörn Kænugarðs og Moskvu gegn Þjóðverjum og hlaut Lenínorðuna fyrir góða framgöngu. Vlasov sinnaðist við Stalín í umsátrinu um Leníngrad. Hann fékk ekki leyfi aðalritarans til þess að koma her sínum í vænlegri stöðu til varnar og Þjóðverjar léku hann grátt og náðu honum á sitt vald. Fullur beiskju í garð Stalíns tók hann að sér að flytja áróður nasista gegn Sovétmönnum í útvarpi. Markmiðið var að steypa Stalín af stóli. Þjóðverjum tókst að fá 50.000 rússneska og úkraínska stríðsfanga til þess að ganga í „rússneska frelsisherinn“ eins og hann var kallaður af áróðursmeisturum Þriðja ríkisins.
Í stríðslokin flýðu margir þeirra yfir til Bandaríkjamanna, sem framseldu þá alla í hendur Rússum. Í þeim hópi var Vlasov. Hann var hengdur ásamt öllum liðsmönnum sínum.

## MERKISATBURÐIR

**1831** Breska skipið „Beagle“ leggur af stað í leiðangur, m.a. til Galapagos-eyja. Meðal leiðangursmanna er Charles Darwin.

**1927** Söngleikurinn „Show boat“ frumsýndur á Broadway. Höfundar eru Kern og Hammerstein. Frægasta lagið úr þessum söngleik er „Old Man River“.

**1957** Lög um bann við hnefaleikum staðfest. Þau hafa nú verið afnumin.

**1968** Apollo 8 snýr aftur til jarðar eftir að hafa farið umhverfis tunglið.

**1979** Rússar taka völdin í Afganistan.

**1988** Fyrsta númerið í nýju kerfi, HP 741, sett á bíl dómsmálaráðherra, Halldórs Ásgrímssonar.




Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Alhliða útfararþjónusta í 16 ár**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is · utfarir@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**



*Bróðir okkar,*

**Gísli Ágústsson**

frá Brúnastöðum, Dælengi 20, Selfossi, lést 23. desember.

Jarðsungið verður frá Selfosskirkju föstudaginn 29. desember.

**Systkini hins látna.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún Aradóttir,**

Arnartanga 16, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 23. desember.

**Sveinn Árnason,**
**Brynhildur Sveinsdóttir,**
**Íris Sveinsdóttir og fjölskyldur.**



*Frænka okkar,*

**Óla S. Þorleifsdóttir**

Dalalandi 4, Reykjavík,

verður jarðsett frá Norðfjarðarkirkju laugardaginn 30. desember kl. 13.00.

Minningarathöfn fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 28. desember kl. 15.00.

**Aðstandendur.**



*Okkar ástkæri yndislegi sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Guðmundur Eiður Guðmundsson**

Skólatúni 4, Álftanesi,

lést af slysförum þann 16. desember. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju 29. desember kl. 13.00.

**Ásta Angela Grímsdóttir** · **Guðmundur Viggó Sverrisson**
**Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir** · **Andrés Skúli Pétursson**
**Fanney Elínrós Guðmundsdóttir** · **Gunnar Ellertsson**
**Pálmi Grímur Guðmundsson** · **Bjarney Katrín Gunnarsdóttir**
**og frændsystkini hins látna.**

**BJARNI FELIXSON:** SJÖTUGUR Í DAG

# Rauða ljónið á nóg eftir

Bjarni Felixson, einn ástsælasti sjónvarpsmaður þjóðarinnar, heldur upp á sjötugsafmæli sitt í faðmi fjölskyldunnar í dag. „Það verða nú engin hátíðahöld, bara rólegheit,“ segir Bjarni.

Bjarni Fel, eða Rauða ljónið eins og hann er oft kallaður, byrjaði að vinna í hlutastarfi á Ríkisútvarpinu á árunum 1968 til 1969 þegar sýningum á ensku knattspyrnunni var ýtt úr vör. Áður hafði hann átt góðan feril sem bakvörður hjá KR.

„Fyrst var það bara fyrir sérvitringa að fylgjast með enska boltanum,“ segir Bjarni. „Mér finnst hafa orðið undarleg þróun. Það er rannsóknarefni út af fyrir sig af hverju Íslendingar taka þetta svona föstum tökum og halda meira með liði úti í Englandi en liði á Íslandi.“

Bjarni hefur fylgst með enska boltanum og haldið með Arsenal síðan 1948. Hann segist þó fyrst og fremst vera KR-ingur. „Ósigur hjá Arsenal heldur ekki fyrir mér vöku. Ég skil ekki þennan mikla áhuga, enda margt sem maður skilur ekki þegar maður er orðinn gamall,“ segir Bjarni.

Íslendingum var engan veginn tamt að fylgjast með enska boltanum frá upphafi. „Það þurfti að kenna þjóðinni á boltann og ég hélt alltaf fyrirlestra um liðin og félögin. Sjónvarpið var í svarthvítu fyrst og menn voru að velta vöngum yfir því af hverju ég sagði alltaf hvernig búningarnir voru á litinn. Það var auðvitað bara til að kynna félögin fyrir áhorfendum,“ segir Bjarni.

„Það voru alltaf einhverjir sem fylgdust með þessu áður og þurftu þá að gera það gegnum útvarp. Hópur las líka um enska fótboltann í bresku sunnudagsblöðunum. Við hittumst oft á mánudögum í bókabúð Braga, til að skoða þau, en aðra kosti hafði maður ekki til að fylgjast með,“ segir Bjarni.

Bjarni segist ekki vera jafn djúpt sokkinn í boltann og áður. „Það er tímasóun að horfa á alla leiki, en ég reyni að ná nokkrum,“ segir Bjarni. „En hugurinn hvarflar oft til gömlu góðu daganna. Ég er kominn á þann aldur að mér finnst að allt hafi verið betra í gamla daga þegar fótbolti var íþrótt, en ekki „show-business“.“

Enski boltinn verður sýndur á Sýn næsta vetur og þá munu sjónvarpsáhorfendur ekki lengur heyra rödd Bjarna Fel í þættinum „Ensku mörkin.“ „Ég veit ekki hver tekur við því, en ég hef enn jafn gaman af boltanum,“ segir Bjarni.

Aðspurður hvort við munum heyra rödd hans á Evrópumótinu árið 2008, segist Bjarni ekki reikna með því. „Ég vona að röddin muni nú heyrast annað veifið fram yfir 2008. Ég er ekki nema sjötugur, það er nóg eftir.“

**steindor@frettabladid.is**



**BJARNI FEL OG ANDRI FEL** Andri Felix er nýjasti Felixinn í ætt Bjarna Felixsonar íþróttafréttamanns. Rauða ljónið fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Ásdís íþróttamaður Ármanns

Frjálsíþróttakonan Ásdís Hjálmsdóttir var valin íþróttamaður Ármanns þriðja árið í röð á nýafstaðinni afmælishátíð íþróttafélagsins, sem nú er 118 ára gamalt og því elsta starfandi íþróttafélag landsins. „Þetta hefur verið árlegur viðburður undanfarin ár, og alltaf haldinn í tengslum við afmælið okkar, eins konar uppskeruhátíð,“ sagði Tryggvi Þ. Gunnarsson, varaformaður Ármanns. „Þetta var hefð fyrir nokkrum árum sem var endurvakin fyrir um fjórum árum,“ sagði Tryggvi. Deildir félagsins eru ellefu talsins. Hver þeirra kýs einn íþróttamann og er íþróttamaður Ármanns svo valinn úr þeim hópi. Bjarki Hilmarsson, sem fimleikadeildin tilnefndi sem íþróttamann Ármanns, var valinn efnilegasti Ármenningurinn við sama tækifæri.

Að sögn Tryggva eru allt að 1.800 virkir iðkendur innan Ármanns eins og stendur. „Ármann hefur reyndar alltaf verið svolítið dreifður og því erfitt að líta yfir heildina, en núna eru allar deildir komnar saman í Laugardalnum,” sagði Tryggvi. Eftir flutningana hefur fimleikadeildin stækkað um þrjátíu prósent og því vart hægt að segja annað en að félagið blómstri.

- sun



**VERÐLAUNAHAFARNIR ÁSAMT FORMANNI ÁRMANNS** Ásdís Hjálmsdóttir var valin íþróttamaður Ármanns þriðja árið í röð, en Bjarki Hilmarsson var kjörinn efnilegasti Ármenningurinn.



Ótrúleg flugelda-tilboð í BT
GLEÐILEG BT ARAMÓT
VAXTALAUST 1.GREIÐSLA 1.MARS
22"
6.304**
FUJITSU COMPUTERS SIEMENS
LKN:DAN-889240-062
FSC SCALEO HX CORE2
Intel Core 2 Duo E6400 örgjörvi
- 2MB, 1066MHz FSB, LGA775
nVidia GeForce 7600GS 256MB
- HDTV, DVI
1024MB Vinnsluminni DDR2 553
320GB Harður diskur (SATA)
Media Bay að framanverðu
DVD Skrifari
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð og mús
Prentar-skannar-ljósritar
FYLGIR
14.999
PIXMA160
CANON PIXMA MP160
4800 x 1200 upplausn
22 bls á mín svart
17 bls á mín litur
Prentar jaðarlaust á 10x15
600 x 1200 dpi Skanni
FYLGIR
TRAUSTI - FLUGELDAPAKKI FYLGIR
36.000 LÆKKUN
Core 2duo -Enn meiri hraði
320GB harður diskur -Fyrir gögnin
GeForce 7600 -Fyrir leikina
1GB minni -Fyrir vinnsluna
Þráðlaust net -Að sjálfsögðu
Kortalesari -Til þæginda
6.304 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
13.999 Vaxtalaust 12 mán.
167.988 Staðgreitt
KAUPAUKI
TRAUSTI - FLUGELDAPAKKI FYLGIR ÖLLUM BORÐTÖLVUM, FLATSJÓNVÖRPUM OG FARTÖLVUM TIL ÁRAMÓTA
32" LCD veggsjónvarp
RUGL verð
32"
HD ready -Fyrir framtíðina
3D comb Filter -Bætir myndina
8ms svartími -Fyrir sportið
Stafrænt HDMI -Tengi
PC tengi -Fyrir tölvuna
Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd
99.999
VAXTALAUST 1.GREIÐSLA 1.MARS
TRAUSTI
Veldu þér heimabíó með 5.000 kr. afslætti með sjónvarpi
3.727 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.
8.333 Vaxtalaust 12 mán.
99.999 Staðgreitt




## STUÐ MILLI STRÍÐA Að vera eða ekki vera, perri?

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** PÆLIR Í PERVERSJÓNUM

Fréttirnar á aðventunni voru litaðar sögum af jaðarkynlífi og meintum perversjónum í kjölfar þess að upp komst um nýtt meðferðarúrræði fyrir fyllibyttur og aðra fíkla sem gengur út á það að geistlegt lækningasæði er notað til að bægja sjúklegri lyfjafíkn frá fórnarlömbum Bakkusar.

Það fór alls ekki illa á því að þessi umræða kæmist í hámæli í aðdraganda jóla þar sem fíklar eru gjarnir á að fylla tómarúmið sem dópið skilur eftir sig í sálartetrum þeirra með óskilgreindum æðri mætti sem þeir sameinast flestir um að kalla „guð“.

Verra þótt mér þó að bindindispostulinn sem tók upp á því að blanda æðri mættinum saman við veraldlega og áþreifanlega vessa sína skyldi í framhaldinu vera eyrnamerktur „perri“. Þessi krúttlega stytting á orðinu pervert hefur nefnilega haft frekar jákvæðar skírskotanir í mínum huga og margra annarra sem líta á hressilegt kynlíf, skreytt silki, satíni, leðri, blúndum, kannski smá latexi, handjárnum, ólum og köðlum, sem heilbrigða og skemmtilega dægradvöl.

Þegar ég var krakki hafði orðið neikvæða merkingu og var helst notað yfir sóðakalla í síðum frökkum, svokallaða flassara, en í kjölfar klámbylgjunnar ægilegu hefur fólk sem lítur á kynlíf sem eitthvað annað og meira en fum í trúboðsstellingunni kallað sig perra með góðri samvisku. En nú er þetta ágæta orð aftur að verða regnhlífarhugtak yfir hvers kyns brenglun, ofbeldiskynlíf og neðanþindarmisbeitingu og fyrst vafasöm andleg heilun með „lille ven“ er komin undir þennan hatt mun í kjölfarið þykja sjálfsagt að safna líka þangað pedófílum, nekrófílum og þeim sem hneigjast til dýra.

Þetta er miður en við hin, sem stundum litskrúðugt og hressilegt kynlíf sem engan skaðar, verðum að endurskilgreina okkur til þess að aðgreina okkur skýrt frá sjúklingunum. Maður verður í það minnsta að hætta að vera perri í bili.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 30 ÁRA AFMÆLISVEISLA

## RISA VERÐBOMBUR Í 5 DAGA

**Verð frá 99.- kr**



~~2.199~~ **1.799**

**Álfar og Fjöll**
Friðrik Karlsson & Þórunn Lárusdóttir.



2 CD

~~2.499~~ **1.999**

**Pottþétt 42**
Ýmsir




2 CD

~~2.499~~ **1.999**

**06.06.06**
Bubbi



~~2.499~~ **1.999**

**Á móti sól í 10 ár**
Á móti sól




CD+DVD

~~2.999~~ **2.499**

**Sálin og Gospel**
Sálin




~~2.499~~ **2.199**

**Love**
Beatles




2 CD

~~2.499~~ **1.699**

**Rokkskífan í 30 ár**
Ýmsir



2 CD

~~2.199~~ **1.799**

**Magga Stína syngur Megas**
Magga Stína




~~2.299~~ **1.899**

**Da Vinci Code**
DVD




~~2.299~~ **1.899**

**Over the Hedge**
DVD




~~2.299~~ **1.899**

**Pirates of the Caribbean 2**
DVD




~~2.299~~ **1.899**

**Cars**
DVD




~~5.799~~ **4.999**

**Need for Speed Carbon**
PS2

## Aðeins brot af úrvalinu

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR




~~3.999~~ **3.299**

**Eragon**
PS2



Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.
Mið 27.des kl. 13.00 / Fim 28.des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR
Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja Sinfóníu nr. 4 & Kindertotenlieder eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason
6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík
7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni
Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1
SpKef
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake´s Progress e. Stravinsky - Nánari upplýsingar á www.opera.is
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 FÁAR SÝNINGAR
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX ! - 25 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í sal
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 20/1, lau. 27/1.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt, lau. 6/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

BAKKYNJUR eftir Evrípídes
2. sýn. í kvöld mið. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 4/1 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 5/1 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 11/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 12/1 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 18/1.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 6/1 nokkur sæti laus, fös. 12/1 kl. 16:30 nokkur sæti laus, lau. 13/1 örfá sæti laus, lau. 20/1. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

ÓFAGRA VERÖLD
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 21/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

MEIN KAMPF
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

DAGUR VONAR
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

AMADEUS
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Allra síðustu sýningar

FOOTLOOSE
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 30/12 kl. 14 UPPS.
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fös 29/12 kl. 20
Lau 6/1 kl.20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


! **Kl. 9.00**
*Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin Mynd mín af Hallgrími þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Meðal þátttakenda eru Kristín Þorkelsdóttir, Leifur Breiðfjörð. Páll á Húsafelli, Sigrún Eldjárn, Sigurður Þórir, Valgarður Gunnarsson og Þorbjörg Þórðardóttir*
*Sýningarstjóri er Jón Reykdal en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir sýningunni.*



# menning
menning@frettabladid.is



**UNGIR LISTUNNENDUR ERU VELKOMNIR Í HAFNARHÚSIÐ** Frá sýningunni Uncertain States of America.

## List fyrir allan aldur

Liðlega 155.000 gestir heimsóttu Listasafn Íslands á árinu sem er að líða. Nú yfir hátíðarnar er hægt að bæta um betur því safnið verður opið daglega milli kl. 10-17 fram til gamlársdags en þá verður opið frá 10-14. Að venju er lokað á nýársdag.

Í Hafnarhúsinu standa yfir sýningar á grafíkverkum Errós og bandarískri samtímalist. Sýningin „Uncertain States of America“ geymir verk eftir tæplega fimmtíu vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar en listamennirnir voru valdir af einum áhrifamestu sýningarstjórum í hinum vestræna heimi, Hans Ulrich Obrist og Daniel Birnbaum, en þeim innan handar var Gunnar Kvaran, fyrrverandi safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Þess má geta að börn eru sérstaklega boðin velkomin á sýninguna og geta þau fengið lánaðan sérstakan upplýsingastokk og farið í spurningaleik um sýninguna. Í stokknum eru spurningaþrautir, tillögur og leikir sem hægt er að glíma við í heild sinni eða taka fyrir þau spjöld sem vekja áhuga. Hægt er að festa stokkinn á sig þannig að hendur eru frjálsar og óheftar til að punkta hjá sér, teikna eða skrifa.

Í Ásmundarsafni er opið frá kl. 13 til 16 en þar er sýningin „Maður og efni“ þar sem gestir geta kynnst list Ásmundar Sveinssonar. Kjarvalsstaðir eru lokaðir vegna viðgerða og breytinga en stefnt er að því að opna húsið aftur í febrúar á næsta ári.

## Nótur á neti

Heildarsafn nótna Mozarts hefur nú verið gert aðgengilegt á netinu. Þýski vefmiðilinn Deutsche Welle greinir frá því að Alþjóðlegi Mozart-sjóðurinn í Salzburg hafi nýverið opnað fyrir ókeypis afnot af nótunum, sem eru um 24.000 síður, á heimasíðunni http://dme.mozarteum.at.

Hægt er að leita í nótunum á auðveldan hátt auk þess sem þar er að finna mikið af tónfræðilegum upplýsingum og rýni sem gagnast getur bæði lærðum og leikum en framtak þetta mun án efa bæta aðstöðu bæði tónlistar- og fræðimanna sem kynna vilja sér upprunaleg handrit hins virta tónskálds.

Vonast forsvarsmenn sjóðsins til þess að verkefni þetta hvetji fleiri til þess að setja frumtexta úr skjalasöfnum á netið.



**HIÐ MIKLA AFMÆLISÁR** 250 ára afmæli Mozarts er fagnað með ýmsum hætti.

## Ferðalag um sögu sjálfs sín

Öll þráum við, á einhverjum tíma og að einhverju leyti, að finna einhvern til að verða gamall með. Vafalaust væri þó skemmtilegra að finna einhvern til að verða ungur með. Þegar þau Henry og Sophie kynnast er hann 36 ára og hún 6 ára, en þegar þau giftast er Henry 30 ára og Sophie 22 ára.

Bókin um tímaflakkarann og konu hans tekur á ýmsum fantasíum þeirra okkar sem lifum í tíma sem færist aðeins í eina átt. Væri ekki gaman að geta hitt sjálfan sig á barnsaldri og kennt sér lexíur lífsins, væri ekki gaman að geta farið aftur og verið sá fyrsti til að sofa hjá manneskjunni sem maður seinna meir mun giftast (eða jafnvel hjá sjálfum sér!), væri ekki gaman að geta orðið ungur aftur?

Persónan Henry er svo líklega fantasía höfundar, bókmenntafræðingsins Audrey Niffenegger. Hann er bókavörður og vel lesinn, en einnig stæltur og hættulegur, myndarlegur og afar drykkfelldur, því hvað er gaman að manni sem ekki þarf að bjarga frá sjálfum sér?

Þegar Henry flakkar um tímann birtist hann nakinn og allslaus á nýjum stað og þarf því að læra að stela til að komast af. Bókin er því nokkurs konar blanda af myndunum Terminator og Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Hvernig er að vera í sambandi þar sem annar aðilinn hefur minningar um fortíð þeirra saman og hinn ekki?

Þrátt fyrir að vera tímaflakkari reynir Henry ekki að afstýra morðinu á Kennedy eða kyrkja Hitler í æsku. Eina sagan sem hann ferðast um er hans eigin. Spurningunni um hvort hægt sé að breyta fortíðinni er auðsvarað, það er ekki hægt. Verður því tímaflakkið ferðalag um minningarnar. Og alltaf eru ástamálin í forgrunni.

Niffenegger veltir upp flestum hugsanlegum flötum á því að málum er svo háttað og gerir vel. Þó persónur séu báðar auðmannabörn sem alast upp með þjóna og sveitasetur eru vandamál þeirra raunveruleg. Um miðja bókina virðist þó sem Niffenegger sé búinn með mesta tímaflakkspúðrið, við þurfum nú að fylgja parinu í gegnum rauntíma þegar þau kynnast foreldrum hvort annars og giftast, en hinn magnaði fyrsti hluti bókarinnar gerir það að verkum að maður er reiðubúinn til að fylgja þeim áfram í gegnum súrt og sætt.

Kona Tímaflakkarans er afar frumleg og áhugaverð bók, og kemst listilega vel hjá því að flækjast í eigin gildrum. Jafnvel þótt maður skilji aldrei almennilega hvers vegna maður sem ferðast um tímann ákveður að verða bókavörður, frekar en eitthvað sem gagnast gæti betur á ferðum hans.

Þýðing Þórs Tryggvasonar er til fyrirmyndar. **Valur Gunnarsson.**




**BÆKUR**
**Kona tímaflakkarans**
Audrey Niffenegger
Þýðing: Þór Tryggvason
Stílbrot
★★★
Frumleg og áhugaverð bók.

# Eltið Hugleik




Myndlistarmaðurinn og leikskáldið Hugleikur Dagsson gefur út tvær bækur fyrir þessi jól, myndasöguna Eineygði kötturinn Kisi og hnakkarnir og eina „Okkur“ bókina til. Fylgið okkur er fjórða bókin í seríunni og þar rær myndhöfundur á kunnugleg mið nema ef merkja mætti talsvert meira bókstaflegri frásagnargleði í þessari bók, í henni eru til dæmis fleiri orð og hún er þó nokkuð þykk.

Það er gleðiefni hversu vel höfundinum hefur verið tekið bæði hér heima og erlendis og munu aðdáendur hans án efa taka þessari bók fagnandi.

Sem fyrr fær mannfólkið það óþvegið í myndum Hugleiks. Til dæmis er þar hæðst að offitusjúklingum, hvítvoðungum, prestum og múslímum en þemu á borð við sifjaspell, sjálfseyðingarhvöt, guðstrú, nasisma, geðtruflanir og almenna hræsni eru krufin með Artline-penna. Hugarflug höfundarins er frjótt sem fyrr og sviðsetningar hans litríkar þrátt fyrir að myndirnar séu svart/hvítar.

Bækur Hugleiks eru heilsársbókmenntir en eiga einkar vel við í skammdeginu þegar mannskepnan þarf huggunar við. Þá er ágætt að hafa bækur á borð við Fylgið okkur á náttborðinu. Þess má einnig geta að bækur á borð við



**BÆKUR**
**Fylgið okkur**
Hugleikur Dagsson
JPV
★★★★
Heilsársbókmenntir fyrir sómakært fólk.

„Okkur“ seríuna henta vel til íslenskukennslu fyrir útlendinga, þar eru stuttir kjarnyrtir textar á mannamáli sem einnig veita innsýn í skopskyn landans.

Ein ambaga er þó á annars merku riti Hugleiks, formáli þess er venju samkvæmt ritaður af rafvirkjanum Friðriki Sólnes en nú þykir mér honum bregðast bogalistin – inngangur þessi er undir meðallagi þótt höfundur hans ætli sér þar að fanga snilld Hugleiks og færa í orð. Oft hefur Friðriki tekist betur upp en nú og maður spyr sig hvort vera má að rafvirkinn öfundist út í velgengni félaga síns og kjósi að taka tilfinningar sínar út með því að skrifa miður góðan inngang að þessu öndvegisverki hans? **Kristrún Heiða Hauksdóttir**







Frítt á seinni tónleikana
fyrir þá sem koma á Players
Viðskiptavinir Glitnis fá 2 fyrir 1 á NASA
GLITNIR

Jóladansleikur
MILLJÓNAMÆRINGANNA




Milljónamæringarnir verða í hátíðarskapi á jóladansleik þeirra í Súlnasal Hótel Sögu annan í jólum, 26. desember.
Húsið opnar kl. 22. Miðaverð 2.200 kr. Miðasala í Súlnasal frá kl. 13 samdægurs. Upplýsingar í síma 525 9950.
Söngvarar eru: Bogomil Font, Páll Óskar, Bjarni Arason og Raggi Bjarna.

PIPAR • SÍA • 60911

Upplýsingar í síma 525 9950
og á hotelsaga@hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Trump og O‘Donnell svarnir óvinir

Umstangið í kringum Ungfrú Bandaríkin, Töru Conner, hefur getið af sér tvo svarna óvini. Eftir að upp komst að Conner hefði stundað bari meðan hún var undir lögaldri íhuguðu forsvarsmenn Miss Universe-stofnunarinnar að svipta hana titlinum. Donald Trump, eigandi stofnunarinnar, ákvað að slíkt yrði ekki gert, enda ættu allir skilið annað tækifæri.

Rosie O'Donnell, sem er einn þáttastjórnenda í morgunþættinum The View, gagnrýndi hann harðlega fyrir ákvörðunina og sagði Trump, sem hefur ekki verið við eina fjölina felldur í kvennamálum, ekki vera góða fyrirmynd fyrir upprennandi kynslóðir. Hún gaf jafnframt í skyn að auðjöfurinn hefði lent í einhverjum fjárhagskröggum og réðst harkalega að persónu hans.

Trump blés til sóknar í viðtali við Entertainment Tonight, þar sem hann sagði O'Donnell vera ógeðslega að utan sem innan og að hún talaði eins og vörubílstjóri. Hann sagðist hafa í huga að fara í meiðyrðamál vegna staðhæfinga hennar. Kvöldi síðar mætti Trump til Larrys King þar sem hann ítrekaði að O'Donnell væri eineltisseggur, hræðileg manneskja og viðrini. Í báðum viðtölunum sagði hann að Barbara Walters, framleiðandi The View, hefðu orðið á mikil mistök er hún réði Rosie O'Donnell í vinnu.

Í von um að lægja öldurnar hefur Walters sent frá sér tilkynningu þar sem segir að Donald Trump sé góður vinur hennar og að hún harmi þetta mál allt. Hún iðrist þess ekki að hafa ráðið O'Donnell til starfa og voni að þetta gangi yfir. Það hlýtur þó að teljast nokkuð ólíklegt, að minnsta kosti í bráð.



**GRÆTUR FRAMAN Í HEIMINN** Ætli aumingja Tara hafi samviskubit út af orðaskakinu?



**VIÐRINI?** Trump kallaði Rosie O'Donnell viðrini vegna ummæla hennar um persónu Trumps.



**HARÐORÐUR** Donald Trump móðgaðist sárlega við ummæli O'Donnell og segir hana vera viðrini. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY






# Söngleikur um æsku Pauls

**Þetta ár hefur verið hræðilegt hjá Paul McCartney. Hann horfir nú loks fram á bjartari tíma og ætlar að setja upp söngleik sem byggður verður á æsku hans í Liverpool.**



**SEMUR SÖNGLEIK** Bítillinn Paul McCartney ætlar að reyna að gleyma því hversu erfitt síðasta ár hefur verið honum með því að semja söngleik um eigin æsku. Búast má við því að söngleikurinn verði frumsýndur í Liverpool árið 2008 þegar borgin verður Menningarborg Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Paul McCartney ætlar að setja á svið söngleik sem byggður verður á æskuárum hans í Liverpool. Hann ætlar að notast við eigin tónlist í söngleiknum, The Liverpool Oratorio, klassískt verk sem hann samdi ásamt Carl Davis til að fagna 150 ára afmæli Liverpoolborgar árið 1991.

„Paul verður tónlistarstjóri sýningarinnar og mun samþykkja hverja einustu nótu. Því miður hefur þetta verkefni tafist út af skilnaði hans en nú er það komið á rekspöl,“ segir Kate Robbins, frænka Pauls, sem vinnur að uppsetningunni. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur árið 2006 verið erfitt ár hjá Paul. Hann er skilinn að skiptum við seinni eiginkonu sína, Heather Mills, og hefur skilnaðurinn tekið mjög á taugarnar. Eiginkonan fyrrverandi hefur meðal annars ásakað McCartney um að beita sig ofbeldi og að drekka of mikið. Þá hafa þau sömuleiðis deilt um peninga hans.

Söngleikurinn verður lauslega byggður á ævi McCartneys. Aðalpersónan heitir Shanty og fæddist árið 1942 í Liverpool. Shanty kvænist ástinni sinni Mary Dee eftir dauða föður síns. Shanty og Mary Dee þurfa að leggja mikið á sig til að samræma vinnu sína og einkalífið, rétt eins og það var hjá Paul og Lindu, fyrri eiginkonu hans. Þau voru gift í 29 ár en á þeim tíma voru þau samanlagt aðeins aðskilin í tæpa viku, þrátt fyrir alla velgengni Pauls og stífa vinnu Lindu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Paul McCartney sækir innblástur í tónlist sína úr æsku sinni. Frægasta dæmið er líklega lagið Penny Lane frá 1967 sem nefnt var eftir götu í Liverpool sem bæði hann og John Lennon léku sér í þegar þeir voru krakkar.

Búist er við því að leikhús í West End í London muni keppa um að fá að hýsa söngleik Pauls McCartney. Vinir Bítilsins telja þó ekki ólíklegt að hann vilji frumsýna söngleikinn í heimaborg sinni. Það yrði þá að líkindum ekki fyrr en árið 2008, árið sem Liverpool er Menningarborg Evrópu.



**JOHN LENNON** Ólst upp í Liverpool rétt eins og Paul McCartney. Nýr söngleikur McCartneys verður byggður á æskuárunum þar í borg.

# Trúði ekki að Jackson hringdi

Will. I. Am úr hljómsveitinni Black Eyed Peas trúði því ekki að Michael Jackson væri í símanum þegar fyrrverandi konungur poppsins bað hann um að vinna með sér að sinni nýjustu plötu.

Þeir eru um þessar mundir að vinna að plötunni og vonast Jackson til að eiga öfluga endurkomu með henni. „Michael hringdi í mig og ég hélt að einhver væri að grínast í mér,“ sagði Will. Eftir að þeir höfðu talað saman í smá stund og Jackson hafði óskað honum til hamingju með frábæran tónlistarferil sannfærðist Will loksins.

Jackson sparaði ekki stóru orðin yfir Will. „Mér líkar vel það sem hann er að gera og ég hélt að það gæti verið gaman að vinna með honum eða bara sjá hvernig við næðum saman. Mér finnst það sem hann gerir yndislegt, frumlegt, jákvætt og einfaldlega frábært,“ sagði Jackson. Síðasta plata hans, Invincible, kom út árið 2001.



**MICHAEL JACKSON** Popparinn er að undirbúa sína fyrstu plötu í fimm ár.



**BLACK EYED PEAS** Will I. Am úr Black Eyed Peas hefur unnið náið með Michael Jackson að undanförnu.

# Faðernispróf í vændum

Ljósmyndarinn Larry Birkhead, annar mannanna sem heldur því fram að hann sé faðir Dannielynn, nýfæddrar dóttur Önnu Nicole Smith, verður glaður um jólin. Í síðustu viku var kveðinn upp dómur í máli sem hann höfðaði á hendur Smith, og hefur dómari skipað fyrir um að gert verði faðernispróf til að úr því verði skorið hvort Birkhead eða Howard K. Stern, kærasti Smith, sé faðirinn. Anna Nicole hefur haldið því fram að Dannielynn sé dóttir Stern frá því að hún kom í heiminn, og neitað að láta hana gangast undir faðernispróf. Hún er því líklega ekki kát en Birkhead segir hins vegar að hann sé núna einu skrefi nær því að geta náð einhverjum tengslum við dóttur sína.



**EKKI KÁT** Anna Nicole Smith er væntanlega ekki sátt núna, en hún hefur barist gegn því að framkvæmt verði faðernispróf á Dannielynn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hélt ég hefði verið klipptur út

„Ég var alveg handviss um að það væri búið að klippa mig út,“ segir Björgvin Franz Gíslason leikari. Eins og þekkt er var Björgvin einn þeirra íslensku aukaleikara sem lönduðu ögn stærra hlutverki í kvikmyndinni Flags of Our Fathers en aðrir og fékk hann meira að segja að fara með línu. „Ég gerði bara grín að þessu og sagði að ég myndi eflaust birtast í „the directors cut“, en svo hringdi mágur minn í mig og sagðist hafa séð mig skýrt og greinilega,“ segir Björgvin kátur, en hann hefur enn ekki séð myndina. Hann segir að atriði sitt hafi eflaust farið fram hjá mörgum, enda bar það að hratt og stóð stutt yfir. Segir Björgvin að aðeins fólk sem vissi hverju það var að leita að hafi tekið eftir atriðinu, en hann var búinn að leika það og lýsa því fyrir mági sínum. „Ég kem þarna og hrópa „mama, he is killing me“ og svo er mér stungið ofan í einhverja holu, meira er það nú ekki,“ segir Björgvin um atriðið og nú geta allir verið vissir um að láta það ekki fram hjá sér fara. Af öðrum íslenskum leikurum í myndinni sáust fáir ef einhver, en fannst sumum eins og þeir hefðu séð grínarann Svein Waage bregða fyrir á líkbörum.

**- hal**



**BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON** Bregður fyrir snögglega í kvikmyndinni Flags of our Fathers.



**CLINT EASTWOOD** Hefur ákveðið að klippa Björgin ekki úr myndinni, eins og Björgvin var hræddur um.



**MEL GIBSON** Carmel Sloane, sem heldur því fram að hún sé dóttir leikarans, hefur nú þegar haft milljón upp úr krafsinu – þó ekki frá leikaranum sjálfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Laundóttir Gibson fær milljón

Ástralska blaðið Confidential sagði frá því að Carmel Sloane, sem heldur því fram að hún sé laundóttir Mels Gibson, hafi haft dágóða upphæð úr krafsinu fyrir sögu sína, eða sem svarar tæpri milljón íslenskra króna. Það var enska blaðið The News Of The World sem greiddi Sloane upphæðina í skiptum fyrir söguna sem það birti í síðustu viku.

Sloane hefur farið fram á að Mel Gibson verði gert að gangast undir DNA-rannsókn en heldur því enn staðfastlega fram að það sé ekki í gróðaskyni. Hún vilji ekki fá neinar fjárhæðir frá ríkisbubbanum föður sínum, heldur bara fá úr faðerni sínu skorið.



**VICTORIA BECKHAM** Fékk öðruvísi jólagjöf í ár.

# Öðruvísi jólagjöf

Sú saga gengur nú í slúðurpressu Breta að knattspyrnumaðurinn David Beckham hafi gefið eiginkonu sinni, Victoriu, sílikon í jólagjöf. Ljósmyndarar frá blaðinu The Sun eltu Victoriu þar sem hún var á búðarrápi og tóku myndir og er næstum hægt að ganga að því vísu að Victoria hafi látið stækka á sér brjóstin fyrir jólin. Um daginn sást Beckham kaupa kynæsandi undirfatnað í verslunarklasa í Kent, en greinilegt er að pakkinn frá honum var ögn veglegri en nærbrók og brjóstahaldari.










# Stórmynd byggð á sandi

Clint Eastwood ætlar sér að segja stóra sögu í Flags of Our Fathers og það er því ekkert til sparað og myndin er vissulega stórmynd. Hún er reyndar svo stór að honum gengur illa að halda utan um hana og tekst því miður ekki að koma sögunni frá sér með þeim krafti sem eðlilegt er að gera kröfu um. Efniviður Eastwoods er engu að síður áhugaverður en hann gerir hér grein fyrir sögunni að baki frægri ljósmynda af bandarískum hermönnum sem tekin var þegar þeir reistu þjóðfána sinn eftir áfangasigur gegn Japönum á eyjunni Iwo Jima. Ljósmyndin var prentuð á forsíðum stórblaða og fyllti þjóðina slíku stolti og sigurvissu að mennirnir á myndinni, sem lifðu hildarleikinn af, voru sendir heim og dubbaðir upp sem hetjur.

Eastwood haslar sér völl á tveimur sögusviðum, Iwo Jima þar sem ungir menn horfast í augu við stríðshryllinginn og Bandaríkin þar sem hermennirnir eru látnir nota dýrðarljóma ljósmyndarinnar til þess að safna almannafé til frekara stríðsbrölts á meðan þeir reyna að vinna úr skelfilegri lífsreynslu sinni.

Stríðsatriðin á Iwo Jima eru ansi hreint mögnuð og svartur sandurinn á Reykjanesi tekur sig býsna vel út á tjaldinu. Leikstjórinn fer hins vegar þá óheppilegu leið að flakka fram og til baka í tíma og kippir áhorfendum grimmt úr hrikalegum stórorrustum yfir í pólitískan hráskinnaleikinn sem beið hermannanna við heimkomuna.

Þessi frásagnarmáti dregur mikinn kraft úr stríðsatriðunum sem óhjákvæmilegt er að bera saman við keimlík atriði í Saving Private Ryan eftir Steven Spielberg en Eastwood kemur því miður, fyrir vikið, ekki vel út úr þeim samanburði.

Eftirmál myndbirtingarinnar í Bandaríkjunum eru nokkuð þvæld og tormelt og tímaflakk Eastwoods auðveldar áhorfendum síður en svo yfirsýnina yfir atburðina og þær fjölmörgu persónur sem koma við sögu.

Tímaflakk og tilfærslur sjónarhorns eru ágætis frásagnaraðferðir þegar þau eiga við en Flags of Our Fathers hefði áreiðanlega gert sig betur hefði hún verið sögð línulaga. Leiðir Eastwoods gera myndina flókna, langdregna á köflum og sagan nær ekki að kveikja þann áhuga sem kjarni hennar býður upp á.

Þá er leikarahópurinn ansi köflóttur og í hópi þremmenninganna sem bera söguna uppi er það helst Ryan Philippe sem nær að setja einhverja tilfinningu í hlutverk sitt. Sjarmörinn Barry Pepper, sem stóð vaktina einnig með prýði í Saving Private Ryan, ber af öðrum og hefði að ósekju mátt fá meira pláss.

Það verður aftur á móti að telja Eastwood til tekna að hann fellur ekki í fúlan pytt amerískrar þjóðrembu sem stórskaðaði Saving Private Ryan en Clint heldur því vel til haga að stríð er tilgangslaus hráskinnaleikur bæði á vígvellinum og bak við pólitísku tjöldin.



**KVIKMYNDIR**
**Flags of Our Fathers**

Leikstjóri: Clint Eastwood
Aðalhlutverk: Ryan Phillippe, Jesse Bradford, Adam Beach

★★★

Fagmannlega unnin stórmynd sem missir kraft vegna frásagnarmátans og úrvinnslu á mannmargri og flókinni sögu. Ásættanleg en hefði getað orðið miklu betri.

Þá er myndin öll unninn af stakri fagmennsku en hefði getað rist miklu dýpra ef betur hefði verið hugað að handritinu og frásagnarmátanum þannig að það læðist að manni sá ónotalegi grunur að þeim gamla sé farið að förlast.




# » NÝLIÐARNIR

**Rokksveitin Reykjavík! á bestu íslensku plötu ársins árið 2006 að mati sérfræðinga Fréttablaðsins. Nýliðar eru áberandi á lista yfir bestu plötur ársins þetta árið.**

**Um könnunina**

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að fá úr því skorið hverjar eru bestu plötur ársins 2006. 20 manns skiluðu inn listum yfir bestu íslensku plöturnar – gagnrýnendur, fjölmiðlamenn og bransafólk. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.

Það sem einkenndi úrslitin í þessari könnun er kannski fyrst og fremst hvað það eru margar plötur með svipaðan stigafjölda í efstu sætunum. Það er engin ein yfirburðaplata eins og maður hefur séð í svipuðum könnunum undanfarin ár (Sigur Rós 2005, Mugison 2004, Mínus 2003 ...). Platan sem sigraði, Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol með rokksveitinni Reykjavík! fær 33 stig, tveimur stigum meira en platan í öðru sæti, Wine For My Weakness með Pétri Ben.

Það vekur líka athygli hvað nýliðar koma sterkir inn á listann. Tvær efstu plöturnar eru fyrstu plötur viðkomandi listamanna og af 10 efstu plötunum eru 5 nýliðaplötur.

**ANDREA JÓNSDÓTTIR – RÁS 2**



1. **Ragga Gísla, Stomu Yamash'ta & Sjón** - Bergmál
2. **Ghostigital** - In Cod We Trust
3. **Pétur Ben** - Wine For My Weakness
4. **Lay Low** - Please Don't Hate Me
5. **Ragnheiður Gröndal** - Þjóðlög

**ARI TÓMASSON – RJOMINN.IS**

1. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
2. **Lay Low** - Please Don't Hate Me
3. **Skakkamanage** – Lab Of Love
4. **Ghostigital** – In Cod We Trust
5. **Ampop** – Sail To The Moon



**ATLI FANNAR BJARKASON - BLAÐIÐ**



1. **Reykjavík** – Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
2. **Lay Low** – Please Don't Hate Me
3. **Shadow Parade** – Dubious Intentions
4. **Gavin Portland** - Views Of Distant Towns
5. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness

**ÁRNI ÞÓR JÓNSSON – MARZÍPAN/RÁS 2**

1. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
2. **Benni Hemm Hemm** – Kajak
3. **Jóhann Jóhannsson** - IBM 1401 A User's Manual
4. **Barði Jóhannsson** – Haxan
5. **Ampop** – Sail To The Moon



SÝNINGARTÍMAR 27. DES

SAMBÍÓIN




Háskólabíó










**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 3 - 4:30 - 7:30 - 9 - 10:30 | B.i. 16 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 | B.i.6 |
| FRÁIR FÆTUR Ísl tal. | kl. 2:30 - 4:45 | Leyfð | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 | Leyfð |
| HAPPY FEET Ensk tal. | kl. 2:30 - 4:45 - 9 | Leyfð | BOSS OF IT ALL | kl. 8 - 10:10 | B.i.7 |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 | SKOLAÐ Í BUR.. Ísl tal | kl. 2:30 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | DOA | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS VIP | kl. 8 - 10:50 | | SAW 3 | kl. 10:50 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl.1 - 3:20 - 5:40 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 1:20 - 3:30 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR VIP | kl. 1 - 3:20 - 5:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:20 - 3:30 - 5:40 - 8 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:50 | B.i.12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 10:20 | B.i. 16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1:20 - 3:40 - 5:30 - 6 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 - 5:30 - 8:10 - 10:30 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:40 | B.i. 7 | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3 - 5:30 | Leyfð |
| ERAGON | kl. 3 - 5:30 - 8 | B.i. 12 |
| DÉJÁVU | kl. 10:10 | B.i. 12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 - 8 - 10:30 | B.i. 16 |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 4 - 8:30 | Leyfð |
| DÉJÁ VU | kl 10:30 | |

Gleðileg bíójól

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is


# KOMA STERKIR INN

## BENEDIKT REYNISSON – MARZÍPAN/RÁS 2



1. **Evil Madness** - Demon Jukebox
2. **Ghostigital** - In Cod We Trust
3. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
4. **Skakkamanage** - Lab Of Love
5. **Petter & The Pix** - Easily Tricked



## DR. GUNNI – XFM

1. **Eberg** – Voff, voff
2. **Pönkbandið Fjölnir** - Sonur neyslusamfélagsins var hér
3. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
4. **Pétur Ben** - Wine For My Weakness
5. **Benni Hemm Hemm** - Kajak



## BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON – FM957

1. **Ampop** – Sail To The Moon
2. **Baggalútur** – Aparnir í Eden
3. **Ragnheiður Gröndal** – Þjóðlög
4. **Björgvin Halldórsson** – Björgvin ásamt Sinfó …
5. **Sálin og Gospel** – Lifandi í Laugardalshöll

## EGILL HARÐARSON – EGILLHARDAR.COM



1. **Eberg** – Voff, voff
2. **Jónas Sigurðsson** – Þar sem malbikið svífur þar mun ég dansa
3. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
4. **Jakobínarína** – His Lyrics Are Disastrous EP
5. **Lay Low** - Please Don't Hate Me



## JÓHANN ÁGÚST JÓHANNSSON – 12 TÓNAR

1. **Gavin Portland** – Views Of Distant Towns
2. **Ragnheiður Gröndal** – Þjóðlög
3. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
4. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
5. **Eberg** – Voff, voff

## FROSTI LOGASON – X-IÐ 977



1. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
2. **Eberg** – Voff, voff
3. **Ghostigital** – In Cod We Trust
4. **Future Future** – Insight
5. **Skakkamanage** – Lab Of Love



## HÖSKULDUR HÖSKULDSSON – SENA

1. **Lay Low** – Please Don't Hate Me
2. **Toggi** – Puppy
3. **Sálin og Gospel** – Lifandi í Laugardalshöll
4. **Hildur Vala** – Lalala...
5. **Ampop** – Sail To The Moon

## HÖSKULDUR DAÐI MAGNÚSSON – FRÉTTABLAÐIÐ



1. **Eberg** – Voff, voff
2. **Benni Hemm Hemm** – Kajak
3. **Skakkamanage** – Lab Of Love
4. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
5. **Skúli Sverrisson** - Sería

## BESTU ÍSLENSKU PLÖTURNAR 2006



**1.** Reykjavík! - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol



**2.** Pétur Ben - Wine For My Weakness



**3.** Ghostigital - In Cod We Trust



**4.** Eberg – Voff, voff



**5.** Lay Low - Please Don't Hate Me



**6.** Skakkamanage - Lab Of Love



**7.** Benni Hemm Hemm – Kajak



**8.** Gavin Portland - Views Of Distant Towns



**9.** Ampop – Sail To The Moon



**10.** Skúli Sverrisson – Sería



## KRISTJÁN KRISTJÁNSSON – SMEKKLEYSA

1. **Ghostigital** – In Cod We Trust
2. **Skakkamanage** – Lab of Love
3. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
4. **Skúli Sverrisson** – Sería
5. **Brain Police** – Beyond The Wasteland

## SIGFÚS STEINARSSON – KISS FM



1. **Ampop** – Sail To The Moon
2. **Sálin og Gospel** – Lifandi í Laugardalshöll
3. **Toggi** – Puppy
4. **Bubbi** – 06.06.06
5. **Lay Low** – Please Don't Hate Me



## ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON – RÁS 2

1. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
2. **Lay Low** - Please Don't Hate Me
3. **Bubbi** – 06.06.06.
4. **Skúli Sverrisson** – Sería
5. **Hafdís Huld** – Dirty Paper Cup



## SNORRI STURLUSON – XFM

1. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
2. **Shadow Parade** – Dubious Intentions
3. **Telepathetics** – Ambulance
4. **Brain Police** – Beyond The Wasteland
5. **Skakkamanage** – Lab Of Love

## PÁLL HILMARSSON – GRAPEVINE



1. **Gavin Portland** – Views Of Distant Towns
2. **Reykjavík!** - Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
3. **The Foghorns** – New Low
4. **Jóhann Jóhannsson** - IBM 1401 A User's Manual
5. **Skakkamanage** – Lab Of Love

## STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON – FRÉTTABLAÐIÐ/X-IÐ 977



1. **Benni Hemm Hemm** – Kajak
2. **Skakkamanage** – Lab Of Love
3. **Skúli Sverrisson** – Sería
4. **Ghostigital** – In Cod We Trust
5. **Jónas Sigurðsson** – Þar sem malbikið svífur þar mun ég dansa



## FREYR BJARNASON – FRÉTTABLAÐIÐ

1. **Pétur Ben** – Wine For My Weakness
2. **Biggi** – Id
3. **Benni Hemm Hemm** – Kajak
4. **Gavin Portland** – Views Of Distant Towns
5. **Lay Low** - Please Don't Hate Me



## TRAUSTI JÚLÍUSSON – FRÉTTABLAÐIÐ

1. **Ghostigital** – In Cod We Trust
2. Eberg – Voff, voff
3. Forgotten Lores – Frá heimsenda
4. Gavin Portland – Views Of Distant Towns
5. Skakkamanage – Lab Of Love

## > Hvorki Ólafur né Gylfi með



Íslendingar eiga tvo fulltrúa í neðrideildarliðum í Englandi en hvorugur þeirra fékk að spreyta sig með sínum liðum í gær. Ólafur Ingi Skúlason var ekki með botnliði Brentford í ensku 2. deildinni sem tapaði stórt á heimavelli, 4-1, fyrir Millwall sem var í næstneðsta sæti deildarinnar fyrir leikinn. Brentford hefur því ekki unnið í 22 leiki í röð. Gylfi Einarsson er enn að jafna sig eftir meiðsli og var því ekki með Leeds sem lék gegn Sunderland á útivelli í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR: MEÐAL TÍU EFSTU Í KJÖRI ÍÞRÓTTAMANNS ÁRSINS

# *Mikill heiður og stórt skref á mínum ferli*



Margrét Lára Viðarsdóttir er önnur tveggja knattspyrnukvenna sem er á meðal tíu efstu manna í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins. Þetta er í fyrsta sinn sem hún kemst inn á listann.

„Þetta er einn mesti heiður sem mér hefur hlotnast," sagði Margrét Lára. „Mig hefur alltaf langað að komast inn á þennan lista og er þetta stórt skref á mínum ferli. Þetta er líka flottur hópur."

Aðspurð segist hún vitanlega vilja vinna titilinn. „Það er draumur hvers íþróttamanns og væri voðalega gaman en til þess þyrfti landsliðið eflaust að komast inn á stórmót."

Hún verður þó ekki á staðnum þegar kjörið verður tilkynnt annað kvöld en hún er á leið í frí til Bandaríkjanna.

Þýska úrvalsdeildin hefst í lok febrúar eftir vetrarhlé og þá verður hún orðin löglegur leikmaður með toppliði Duisburg sem hún hefur æft með síðustu tvo mánuðina. Hún hefur þó fengið að spreyta sig í þremur leikjum í bikarkeppninni og staðið sig vel enda er liðið komið í undanúrslit keppninnar.

„Það er greinilegt að þjálfarinn treystir mér og var gott að fá að spila þessa leiki. Það hefur verið erfitt að standa á hliðarlínunni til þessa og verður erfitt að komast í byrjunarliðið þar sem liðinu hefur gengið mjög vel."

„Það er nokkur getumunur á efstu og neðstu liðum en þó ekki eins mikill og í íslensku deildinni. Þar geta öll lið stolið stigum af þeim efstu."

Þýska landsliðið er það besta í heiminum í dag en Margrét segir að áhugi á þýsku deildinni sé ekki mikill miðað við það.

„Eitt til tvö þúsund áhorfendur koma á leikina sem er ekki mikið miðað við fjölda Þjóðverja. Þýska knattspyrnusambandið hefur verið að reyna að auka áhugann sem og auka verðlaunaféð. Það er hneyksli hvernig þeim málum er háttað en það virðist sem enn ríki gamaldags hugsunarháttur í Þýskalandi. Konurnar þar eiga helst að vera í eldhúsinu," sagði Margrét Lára. „Ef kvennaboltinn ætti að vera góður einhvers staðar væri það í Þýskalandi."



**TERRY** Hefur ekki getað spilað með Chelsea undanfarið. NORDIC PHOTOS/GETTY

John Terry, fyrirliði Chelsea:

# Gæti þurft að fara í aðgerð

**FÓTBOLTI Líkur eru á því að John Terry, fyrirliði Englandsmeistara Chelsea, þurfi að fara í aðgerð vegna þeirra bakmeiðsla sem hann hefur verið að glíma við að undanförnu. Hans hefur verið sárt saknað undanfarnar vikur enda hefur liðið fengið á sig alls sex mörk í þeim fjórum leikjum sem hann hefur ekki spilað.**

**„Samkvæmt því sem læknar okkar hafa sagt mér þá gæti hann þurft að fara í aðgerð. Ég veit ekki meira um þetta mál og hversu lengi hann verður frá, þrjá daga, þrjár vikur eða þrjá mánuði. Það eina sem ég veit er að ég vil fá hann til baka eins fljótt og hægt er," sagði Mourinho.**

- egm



**YAO MING** Er einn af burðarásunum í liði Houston. NORDIC PHOTOS/GETTY

Áfall fyrir Houston Rockets:

# Yao Ming frá í a.m.k. sex vikur

**NBA** Yao Ming, miðherji Houston Rockets í NBA-deildinni, verður frá keppni í a.m.k. sex vikur eftir að hann meiddist illa á hné í leik gegn Los Angeles Clippers á laugardaginn. Houston tapaði leiknum, 98-93.

Ming brákaði bein ofarlega í hnénu en þarf líklega ekki að fara í aðgerð. „Það er sprunga í beininu og við höldum að hann muni ná sér með hvíld. Það er alltaf möguleiki á aðgerð en við vonum að þess verði ekki þörf," sagði Keith Jones, einn af þjálfurum Houston-liðsins.

Þetta eru klárlega slæmar fréttir fyrir Houston Rockets sem er í harðri baráttu um að komast í úrslitakeppnina í vesturdeildinni.

- dsd

# United eykur forskot sitt

**Manchester United greip tækifærið fyrst Chelsea tapaði stigum í ensku úrvalsdeildinni og vann öruggan sigur á Wigan. Þar með jókst forysta liðsins á toppnum í fjögur stig. Arsenal komst í þriðja sætið eftir sigur á Watford á útivelli.**

**FÓTBOLTI** Manchester United mætti með talsvert breytt lið í leikinn gegn Wigan í gær en Sir Alex Ferguson ákvað að hvíla nokkra leikmenn þar sem mikilvægir leikir eru á næstunni. Gary Neville, Rio Ferdinand, Michael Carrick, Ryan Giggs og Louis Saha léku ekki með gegn Wigan en þrátt fyrir það vann United öruggan og sannfærandi 3-1 sigur á Old Trafford. Markið lá í loftinu allan fyrri hálfleikinn en erfiðlega gekk hjá heimamönnum að finna leiðina framhjá Chris Kirkland, markverði Wigan. Það sem vantaði var Cristiano Ronaldo sem var settur inn sem varamaður í hálfleiknum.

Ronaldo var aðeins búinn að vera á vellinum í eina mínútu þegar honum tókst að brjóta ísinn með hnitmiðuðum skalla eftir hornspyrnu Paul Scholes. Eftir þetta var aldrei spurning um það hvernig leikurinn færi og Ronaldo bætti öðru marki sínu við stuttu síðar. Brotið var á Ji-Sung Park innan vítateigs og fór Ronaldo á punktinn, Kirkland varði vítið en Ronaldo gerði vel í því að hirða frákastið og skoraði. Ole Gunnar Solskjær skoraði síðan þriðja mark United eftir sendingu frá Wayne Rooney en í viðbótartíma minnkaði Leighton Baines muninn úr vítaspyrnu. Manchester United er enn á toppi deildarinnar og nú með fjögurra stiga forskot á Chelsea.

„Ég hafði það á tilfinningunni að leikurinn myndi breytast," sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester United, eftir leikinn. „Við þurftum að breytast skjótt við fyrri hálfleiknum og Cristiano hefur verið í frábæru formi þannig að það kom ekkert annað til greina en að setja hann inn á. Hann hleypti eldmóði í stuðningsmennina og skoraði tvö mörk fyrir okkur."

Blackburn stöðvaði sigurgöngu Liverpool á Ewood Park með því að ná 1-0 sigri. Þrátt fyrir að hafa átt fleiri marktilraunir þá tókst gestunum ekki að finna netmöskvana og eina mark leiksins skoraði Benni McCarthy af stuttu færi í upphafi síðari hálfleiks. Brad Friedel, markvörður Blackburn, átti stórleik í gær gegn sínu gamla liði. Þetta voru mikilvæg stig fyrir Blackburn sem hefði verið einu stigi frá fallsæti hefði það tapað.



**CRISTIANO RONALDO** Átti magnaðan leik fyrir United í gær og það tók hann aðeins fjórar mínútur að skora tvö mörk og gera út um leikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Brad Friedel var stórkostlegur," sagði Mark Hughes, stjóri Blackburn. „Hann bjargaði á stundum meistaralega og tók öll völd í vítateignum."

„Ég held að það hafi kannski verið heppni að markvörður þeirra var alltaf á réttum stað," sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool. „Við reyndum en skoruðum ekki. Það veldur okkur eðlilega miklum vonbrigðum."

Nicolas Anelka var hetja Bolton með því að skora sigurmarkið 2-1 gegn Newcastle eftir að Bolton lenti undir í leiknum. Þá skoraði Stephen Ireland sitt fyrsta mark fyrir Manchester City þegar liðið vann Sheffield United 1-0 en markið kom seint í leiknum.

„Við njótum þess loksins að vera með markaskorara í liðinu. Mark hans var einkennandi fyrir slíkan leikmann, með poti á fjarstöngina. Þetta var frábær sigur eftir að við lentum 1-0 undir."

Arsenal komst upp í þriðja sætið í ensku úrvalsdeildinni með 2-1 útisigri á Watford. Robin van Persie skoraði sigurmarkið seint í leiknum eftir að Gilberto hafði komið Arsenal yfir. Tommy Smith jafnaði metin fyrir Watford.

- esá, egm

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BLACKBURN ROVERS-LIVERPOOL | 1-0 |

1-0 Benni McCarthy (49.).

| | |
|---|---|
| BOLTON-NEWCASTLE UNITED | 2-1 |

0-1 Kieron Dyer (8.), 2-1 Nicolas Anelka (57.).

| | |
|---|---|
| CHELSEA-READING | 2-2 |

1-0 Didier Drogba (38.), 1-1 Leroy Lita (67.), 2-1 Didier Drogba (72.).

| | |
|---|---|
| MANCHESTER UNITED- WIGAN | 3-1 |

1-0 Cristiano Ronaldo (47.), 2-0 Cristiano Ronaldo (50.), 3-0 Ole Gunnar Solskjær (59.), 3-1 Leighton Baines (92.).

| | |
|---|---|
| SHEFFIELD UNITED-MANCHESTER CITY | 0-1 |

0-1 Stephen Ireland (78.).

| | |
|---|---|
| TOTTENHAM HOTSPUR-ASTON VILLA | 2-1 |

1-0 Jermain Defoe (58.), 2-0 Jermain Defoe (77.), 2-1 Gareth Barry (81.).

| | |
|---|---|
| WEST HAM-PORTSMOUTH | 1-2 |

0-1 Linvoy Primus (16.), 0-2 Linvoy Primus (38.), 1-2 Teddy Sheringham (81.)

| | |
|---|---|
| WATFORD-ARSENAL | 1-2 |

0-1 Gilberto Silva (19.), 1-1 Tommy Smith (23.), 1-2 Robin van Persie (83.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UTD.** | **20** | **16** | **2** | **2** | **44-11** | **50** |
| CHELSEA | 20 | 14 | 4 | 2 | 35-15 | 46 |
| **ARSENAL** | **20** | **10** | **6** | **4** | **37-18** | **36** |
| BOLTON | 20 | 11 | 3 | 6 | 24-16 | 36 |
| **PORTSM.** | **20** | **10** | **5** | **5** | **30-18** | **35** |
| LIVERPOOL | 20 | 10 | 4 | 6 | 28-16 | 34 |
| **TOTTENHAM** | **20** | **9** | **4** | **7** | **25-26** | **31** |
| EVERTON | 20 | 7 | 7 | 6 | 24-20 | 28 |
| **READING** | **20** | **8** | **3** | **9** | **22-27** | **27** |
| ASTON VILLA | 20 | 5 | 10 | 5 | 22-23 | 25 |
| **NEWCASTLE** | **20** | **7** | **4** | **9** | **21-23** | **25** |
| FULHAM | 19 | 6 | 6 | 7 | 18-28 | 24 |
| **MANCHESTER** | **20** | **6** | **5** | **9** | **16-24** | **23** |
| WIGAN | 20 | 6 | 4 | 10 | 23-29 | 22 |
| **BLACKBURN** | **19** | **6** | **4** | **9** | **19-28** | **22** |
| M'BROUGH | 20 | 5 | 6 | 9 | 17-24 | 21 |
| **SHEFF. UTD.** | **20** | **5** | **5** | **10** | **15-26** | **20** |
| WEST HAM | 20 | 5 | 3 | 12 | 12-26 | 18 |
| **CHARLTON** | **19** | **3** | **3** | **13** | **13-33** | **12** |
| WATFORD | 19 | 1 | 8 | 10 | 12-26 | 11 |

Margar þjóðir keppa um ÓL:

# Aserar vilja ÓL árið 2016

**ÓLYMPÍULEIKAR** Ilham Aliyev, forseti Aserbaídsjan, sagði frá því í gær að landið myndi sækja um að halda Ólympíuleikana árið 2016. Aliyev er einnig forseti Ólympíusambandsins þar í landi en þegar hafa sjö lönd, Bandaríkin, Ítalía, Indland, Japan, Brasilía, Spánn og Katar, sótt um. Mörg önnur lönd eru sögð íhuga boð í leikana.

- esá

Einn leikur fór fram í NBA-deildinni á fyrrinótt:

# Miami lagði Lakers

**NBA** Meistararnir í Miami Heat fóru illa með Los Angeles Lakers á jóladag þegar Heat vann 101-85. Dwyane Wade átti stórleik og sýndi og sannaði að hann er einn besti leikmaður deildarinnar.

Wade skoraði 40 stig og átti 11 stoðsendingar og lagði þar með grunninn að öruggum sigri Miami. „Það er frábært að spila á jólunum og við getum nú farið heim og haldið áfram að halda upp á jólin, vitandi það að við áttum frábæran leik og að við unnum. Það gerist ekki betra en þetta," sagði Wade eftir leikinn.

Kobe Bryant náði sér ekki á strik í liði Lakers og skoraði 16 stig, sem þykir ekki mikið á þeim bænum, en hann hefur aðeins einu sinni á tímabilinu skorað færri stig í einum leik. Fyrir leikinn hafði Bryant skorað að meðaltali 27,8 stig í leik.

„Þetta eru vonbrigði, en við eigum tvo leiki eftir í þessu ferðalagi okkar. Þetta er langt tímabil. Nú er bara að halda áfram," sagði Kobe Bryant sem var stigahæstur leikmanna Lakers í leiknum.

Þrátt fyrir sigurinn er Miami enn með undir 50% vinningshlutfall, hefur unnið þrettán leiki en tapað fjórtán, en Lakers hefur unnið átján leiki og tapað tíu það sem af er leiktíðinni.

- dsd



**BRYANT OG WADE** Þessi frábæru körfuknattleiksmenn háðu mikið einvígi á öðrum degi jóla þar sem Wade hafði betur. NORDIC PHOTOS/GETTY


SIRKUS
VANISHED
HELDUR ÁFRAM 14.JANÚAR
SIRKUS TV
90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *England - Championship*

| | |
|---|---|
| BARNSLEY-BURNLEY | 1-0 |
| BIRMINGHAM CITY-QPR | 2-1 |
| CARDIFF-PLYMOUTH | 2-2 |
| COLCHESTER-LUTON TOWN | 4-1 |
| COVENTRY-IPSWICH | 1-2 |
| DERBY COUNTY-WOLVERHAMPTON | 0-2 |
| HULL-LEICESTER | 1-2 |
| SOUTHAMPTON-CRYSTAL PALACE | 1-1 |
| STOKE CITY-SHEFFIELD WEDNESDAY | 1-2 |
| SUNDERLAND-LEEDS UNITED | 2-0 |
| WBA-PRESTON NORTH END | 4-2 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BIRMINGHAM** | **25** | **16** | **4** | **5** | **44-23** | **52** |
| PRESTON | 25 | 12 | 8 | 5 | 38-26 | 44 |
| **DERBY** | **25** | **13** | **5** | **7** | **33-27** | **44** |
| S'AMPTON | 25 | 11 | 8 | 6 | 41-31 | 41 |
| **CARDIFF** | **25** | **11** | **8** | **6** | **36-28** | **41** |
| WBA | 25 | 11 | 7 | 7 | 45-28 | 40 |
| **COLCHESTER** | **25** | **12** | **4** | **9** | **43-28** | **40** |
| STOKE CITY | 25 | 11 | 7 | 7 | 32-20 | 40 |
| **WOLVES** | **25** | **11** | **6** | **8** | **25-27** | **39** |
| BURNLEY | 25 | 10 | 7 | 8 | 32-26 | 37 |
| **SUNDERL.** | **25** | **11** | **4** | **10** | **34-31** | **37** |
| SHEFF. WED. | 25 | 10 | 7 | 8 | 35-35 | 37 |
| **PLYMOUTH** | **25** | **8** | **11** | **6** | **32-32** | **35** |
| COVENTRY | 25 | 10 | 3 | 12 | 23-28 | 33 |
| **IPSWICH** | **25** | **9** | **5** | **11** | **36-35** | **32** |
| LEICESTER | 25 | 8 | 8 | 9 | 26-30 | 32 |
| **NORWICH** | **25** | **8** | **7** | **10** | **32-39** | **31** |
| CRYSTAL P. | 25 | 8 | 6 | 11 | 28-31 | 30 |
| **LUTON** | **25** | **8** | **5** | **12** | **33-43** | **29** |
| QPR | 25 | 7 | 6 | 12 | 33-40 | 27 |
| **BARNSLEY** | **25** | **7** | **5** | **13** | **29-42** | **26** |
| HULL CITY | 25 | 5 | 6 | 14 | 23-37 | 21 |
| **LEEDS** | **25** | **6** | **3** | **16** | **24-45** | **21** |
| SOUTHEND | 25 | 3 | 8 | 14 | 18-43 | 17 |

### *Skoska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| ABERDEEN-KILMARNOCK | 3-1 |
| CELTIC-DUNDEE UNITED | 2-2 |
| DUNFERMLINE-MOTHERWELL | 0-2 |
| HEARTS-HIBERNIAN | 3-2 |
| ST. MIRREN-FALKIRK | 1-0 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CELTIC** | **21** | **16** | **4** | **1** | **40-16** | **52** |
| ABERDEEN | 21 | 11 | 4 | 6 | 29-18 | 37 |
| **RANGERS** | **20** | **10** | **5** | **5** | **32-19** | **35** |
| HEARTS | 21 | 9 | 6 | 6 | 31-22 | 33 |
| **HIBERNIAN** | **21** | **8** | **5** | **8** | **40-28** | **29** |
| KILMARNOCK | 21 | 8 | 5 | 8 | 31-36 | 29 |
| **FALKIRK** | **21** | **7** | **3** | **11** | **24-28** | **24** |
| MOTHERWELL | 21 | 7 | 3 | 11 | 28-37 | 24 |
| **DUNDEE UTD.** | **21** | **6** | **6** | **9** | **24-36** | **24** |
| ST. MIRREN | 21 | 5 | 7 | 9 | 19-29 | 22 |
| **INVERNESS** | **20** | **4** | **9** | **7** | **20-27** | **21** |
| DUNFERMLINE | 21 | 3 | 5 | 13 | 13-35 | 14 |

# Sjálfsmark Essien færði Reading stig

**Chelsea tapaði tveimur dýrmætum stigum í titilbaráttu enska boltans í gær þegar liðið gerði 2-2 jafntefli á heimavelli sínum gegn Reading. Linvoy Primus skoraði bæði mörk Portsmouth sem vann West Ham.**

**FÓTBOLTI** Þrír leikir fóru fram í fyrra fallinu í ensku úrvalsdeildinni í gær en athyglisverðustu úrslitin voru á Stamford Bridge þar sem nýliðar Reading náðu óvænt í stig. Didier Drogba kom Chelsea yfir með skalla eftir hornspyrnu frá Frank Lampard en Leroy Lita jafnaði verðskuldað fyrir gestina. Chelsea tók forystuna á ný og aftur var það Drogba sem skoraði með skalla. En skömmu fyrir leikslok skoraði Chelsea slysalegt sjálfsmark þegar Ashley Cole ætlaði að hreinsa en skaut boltanum í Michael Essien og þaðan fór boltinn inn, úrslitin 2-2.

„Þetta gengur ekki vel hjá okkur um þessar mundir, þegar það vantar fleiri en einn lykilmann verður þetta erfitt. Að missa markvörðinn Petr Cech og svo John Terry úr vörninni er stórt vandamál fyrir okkur. Við fáum of mörg mörk á okkur um þessar mundir. Við erum vanir því að ná að halda markinu hreinu nokkra leiki í röð en í síðustu þremur leikjum höfum við fengið á okkur sex mörk,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea, eftir leikinn. Útlit er fyrir að liðið verði án Terrys í talsverðan tíma en hann á við bakmeiðsli að stríða.

Talsverður vandræðagangur hefur verið á varnarleik Chelsea upp á síðkastið en liðið hefur þó náð að tryggja sér sigur á síðustu stundu í leikjum gegn Wigan og Everton. Þrátt fyrir mikinn atgang undir lokin í leiknum gegn Reading í gær tókst það þó ekki að þessu sinni. Chelsea var langt frá sínu besta en undantekingin var Drogba sem átti frábæran leik, hann hefur verið sjóðandi heitur.

Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson léku báðir allan leikinn fyrir Reading en sá síðarnefndi var óheppinn að ná ekki að skora í leiknum þegar hann skallaði rétt framhjá markinu í stöðunni 2-1. Þess má geta að Ívar hefur leikið hverja einustu mínútu fyrir Reading það sem af er þessu tímabili í deildinni,

Það var boðið upp á skemmtilegan leik þegar Tottenham vann Aston Villa 2-1. Jermain Defoe var besti maður vallarins og skoraði hann bæði mörk Tottenham en í bæði skiptin eftir sendingu frá hinum búlgarska Dimitar Berbatov sem einnig átti frábæran leik. Sigur Tottenham var verðskuldaður, Defoe fékk færi til að tryggja sér þrennu en það var Gareth Barry sem minnkaði muninn og þar við sat.

„Okkur hefur gengið mjög vel á heimavelli og var þetta okkur tólfti sigur í röð á White Hart Lane. Leikmenn Aston Villa gáfust ekki upp og börðust vel. Það þarf varla að ræða hve mikilvægur Defoe var fyrir okkur í leiknum, hann er í fantaformi og heldur vonandi áfram á þessu skriði,“ sagði Martin Jol, stjóri Tottenham.

Alan Curbishley tapaði sínum fyrsta leik sem knattspyrnustjóri West Ham þegar liðið beið lægri hlut á heimavelli 1-2 gegn Portsmouth. Af öllum mönnum var það Linvoy Primus sem skoraði bæði mörk gestanna, bæði voru með skalla eftir föst leikatriði. Varamennirnir Carlos Tevez og gamla kempan Teddy Sheringham komu með meira bit í sóknarleik West Ham en sá síðarnefndi minnkaði muninn með snyrtilegu marki. Lengra komust leikmenn West Ham hins vegar ekki.




**GÓÐ HEIMSÓKN** Graeme Murty og Glen Little féllust í faðma eftir að leik lauk en í bakgrunn má sjá Michael Essien sem var skiljanlega svekktur. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Það sást á leikmönnum West Ham hvað þeir þurfa mikið á stigum að halda í sinni baráttu en ég held að flestir geti verið sammála mér um að við áttum þennan sigur skilinn,“ sagði Joe Jordan, stjóri Portsmouth. **elvargeir@frettabladid.is**





Kannaðu aðstæður. Vinnuaðstöðunni hefur verið breytt til hins betra í nýjum Transit.

Reyndu nýju vélina í Transit: 2,2 l dísil Duratorq TDCi.

Verð frá 2.032.000 kr. án vsk*.
Kynntu þér nýja og sérstaka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg.

Bílablaðamenn 19 landa Evrópu velja Ford Transit sendibíl ársins 2007

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Verð í auglýsingunni er án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af Transit er samlitur á stuðara og grilli, heilkoppar og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



**TIGER WOODS** Vann átta mót á árinu, þar af tvö stórmót. NORDIC PHOTOS/GETTY

AP fréttastofan:

## Tiger íþróttamaður ársins

**ÍÞRÓTTIR Bandaríska fréttastofan AP hefur útnefnt kylfinginn Tiger Woods íþróttamann ársins. Þetta er í fjórða sinn sem Tiger hlýtur þessa nafnbót og hann hefur þá jafnað met hjólreiðakappans Lance Armstrong, sem einnig hefur hlotið þessa nafnbót fjórum sinnum.**

**Annar í röðinni var LaDainian Tomlinson, hlaupari San Diego Chargers í ameríska fótboltanum, og í þriðja sæti var golfarinn Roger Federer.**

**Tiger var ekki í vafa um hver ætti að fá þessi verðlaun. „Það sem Federer hefur gert í tennis finnst mér vera mun meira en ég hef gert í golfinu. Hann hefur tapað, hvað fimm leikjum á þremur árum? Það er mjög gott,“ sagði Tiger Woods, sem verður 31 árs á laugardaginn næstkomandi.**

- dsd

Portúgalska landsliðið:

## Scolari ætlar að hætta árið 2008

**FÓTBOLTI** Luiz Felipe Scolari, þjálfari portúgalska landsliðsins í knattspyrnu, segist ætla að hætta þjálfun liðsins eftir Evrópukeppnina árið 2008. Scolari tók við starfinu árið 2003, sex mánuðum eftir að hafa leitt Brasilíu til sigurs á HM í Suður-Kóreu og Japan árið 2002.

„Starfsaldur í þessu starfi er takmarkaður við fimm til sex ár og það er einfaldlega rökrétt að ég hætti eftir EM 2008,“ sagði Scolari í viðtali við portúgalska blaðið Record.

Scolari leiddi Portúgal í úrslitaleikinn í Evrópukeppninni árið 2004 og fór með Portúgal í undanúrslit á HM í Þýskalandi í sumar.

- dsd

Jose Mourinho:

## Lið Porto var sér á báti

**FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, er enn á þeirri skoðun að Porto sé besta lið sem hann hefur þjálfað. Hann nefndi þó ekki liðið sem vann meistaradeildina árið 2004 sem það besta heldur sagði hann að Porto-liðið sem vann UEFA-keppnina árið áður hafi verið það besta.**

**„Besta lið sem ég hef þjálfað var Porto-liðið sem vann UEFA-keppnina árið 2003. Ég man ekki eftir jafn góðri vörn og var í því liði. Liðsheildin var lykillinn að árangrinum. Chelsea-liðið í dag er með betri einstaklinga en þegar kom að því að spila sem lið þá var Porto sér á báti,“ sagði Mourinho.**

**Chelsea og Porto mætast í 16 liða úrslitum meistaradeildar Evrópu í febrúar.**

- dsd

Alan Pardew var ráðinn knattspyrnustjóri Charlton í stað Les Reed á aðfangadag:

# Vorum heppnir að Pardew var laus

**FÓTBOLTI** Á aðfangadag bárust þær fréttir úr herbúðum Charlton Athletic að félagið hefði ráðið Alan Pardew sem nýjan knattspyrnustjóra. Hann tekur við af Les Reed sem var aðeins við stjórnvölinn á The Valley í rétt rúman mánuð. Reed tók við liðinu eftir að Ian Dowie var látinn fara vegna slæms árangurs en honum tókst ekki að rétta skútuna við. Undir stjórn Reeds féll liðið út úr enska deildabikarnum með því að tapa 0-1 á heimavelli fyrir Wycombe sem er í fjórðu efstu deild enska boltans og þá er liðið í slæmri stöðu í fallsæti úrvalsdeildarinnar.

„Við vorum mjög heppnir að knattspyrnustjóri í þessum gæðaflokki væri á lausu. Við brugðumst skjótt við til að tryggja okkur Alan Pardew. Les Reed ber miklar tilfinningar til Charlton en þessi ákvörðun er best fyrir félagið,“ sagði Richard Murray, stjórnarformaður Charlton, eftir ráðninguna. Þess má geta að ekki er vika síðan Murray gaf út traustsyfirlýsingu til Les Reed og sagði að hann myndi allavega stýra liðinu út yfirstandandi leiktímabil.

Þess má geta að Charlton eyddi alls ellefu milljónum punda fyrir leiktíðina í nýja leikmenn en það hefur engu skilað. „Við stóðum algjörlega við bakið á Dowie fyrir tímabilið og gáfum honum frjálsar hendur í leikmannamálum. Við eyddum ellefu milljónum sem við hefðum alveg getað sleppt að eyða. Ég hafði aldrei heyrt um Souleymane Diawara og fyrir okkar félag er mikil áhætta fólgin í því að eyða 3,7 milljónum punda í einn leikmann. Fólk má ekki kenna Les um stöðu liðsins, það verður að horfa á það sem gerðist áður en hann kom,“ sagði Murray.

Alan Pardew var rekinn frá West Ham fyrir stuttu þrátt fyrir að hafa fengið stuðningsyfirlýsingu frá Eggerti Magnússyni. Eins og kunnugt er var Alan Curbishley ráðinn í hans stað en Curbishley stýrði Charlton í heil fimmtán ár áður en hann hætti í lok síðasta tímabils. Það hafa því orðið mikil umskipti á skömmum tíma. Fyrsti leikur Charlton undir stjórn Pardews verður í dag þegar liðið tekur á móti Fulham sem situr í tólfta sæti úrvalsdeildarinnar.

Spurning er hvernig jólagjöf Alan Pardew reynist en tveir íslenskir leikmenn eru í herbúðum félagsins, Hermann Hreiðarsson sem leikur lykilhlutverk og hinn ungi Rúrik Gíslason sem leikur með varaliðinu.

- egm



**ALAN PARDEW** Var ekki atvinnulaus lengi og heldur áfram að berjast í botnbaráttu enska boltans en nú með Charlton. NORDIC PHOTOS/GETTY

RENAULT

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining

Ný sending komin!

Nú hefur aldrei verið hagkvæmara að fá sér eintak af vinsælasta atvinnubíl Íslands sl. ára.



Kr. 19.996 án VSK.

á mánuði og bíllinn er þinn í lok samningsins*

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.**

Kangoo Express - 6 dyra - 75 hestöfl - beinskiptur.
Kr.1.301.205 kr. án VSK.
Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## > Hugh Grant



Breski leikarinn Hugh Grant fæddist 9. september 1960 í London. Segja má að heimsfrægðin hafi elt hann uppi eftir að myndin Fjögur brúðkaup og jarðarför (Four Weddings and a Funeral) sló í gegn víða um heim árið 1994. Þessi bráðskemmtilega mynd er á dagskrá Sjónvarpsins klukkan 23.20 í kvöld. Í myndinni segir frá Charles og vinum hans sem velta því fyrir sér hvort þeir finni nokkurn tíma hina sönnu ást og gifti sig. Myndin er bráðskemmtileg og uppfull af góðum húmor.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FANN TIL MEÐ MICHAEL SCOTT

# *Grátbroslegur einmanaleiki*

Jólaþættir, -bíómyndir og -tónleikar hafa hellst yfir sjónvarpsáhorfendur að undanförnu, rétt eins og um hver einustu jól.

Oft er alvarleikinn í fyrirrúmi en þegar jólaþættir á borð við hina bráðfyndnu The Office koma á skjáinn er ekki annað hægt en að fyllast gleði, en súrsætri þó. Það getur nefnilega verið alveg grátlegt að fylgjast með aðalpersónu þáttanna, Michael Scott, reyna að eignast vini og vera vinsæll á meðal starfsmanna sinna. Oftast veit hann ekki alveg muninn á réttu og röngu í mannlegum samskiptum og fer iðulega yfir strikið í barnaskap sínum.

Jólin eiga að snúast að miklu leyti um að finna til með náunganum og veita þeim athygli sem eru einmana eða eiga um sárt að binda. Michael Scott er einn af þeim. Þrátt fyrir að vera oftast nær alveg grútleiðinlegur er ekki hægt annað en að vorkenna honum og hvenær er betri tími til þess en um jólin?

Aftur á móti gæti ég varla afborið það að vinna með slíkum manni dagsdaglega án þess að missa vitið gjörsamlega. Á ég alltaf jafnerfitt með að skilja hvernig samstarfsmenn hans geta umborið hann.

En hvað um það. Jólin eru tíminn til að horfa framhjá öllu slíku og reyna að sjá hið góða í hverjum og einum.



**MICHAEL SCOTT**
Aðalpersóna bandarísku útgáfunnar af The Office er grátbrosleg með eindæmum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Alfie STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **00.00** Supernatural SIRKUS



▶ **22.25** Litla-Bretland SJÓNVARPIÐ



▶ **23.10** 60.Mínútur STÖÐ 2



▶ **16.20** Beverly Hills 90210 SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni (59:65)** (Stanley)
**18.23 Sígildar teiknimyndir (15:42)** (Classic Cartoons)
**18.30 Herkúles (15:28)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bráðavaktin (19:22)** (ER XII)
**21.00 Nigella og jólamaturinn (3:3)**
**21.35 Úlfaþytur í úthverfi (5:8)** (Suburban Shootout) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra með ótrúlegustu vopnum. Meðal leikenda eru Anna Chancellor, Felicity Montagu, Amelia Bullmore og Emma Kennedy.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Litla-Bretland - Jólaþáttur (1:2)**
**22.55 Gerð myndarinnar Köld slóð**
**23.20 Fjögur brúðkaup og jarðarför** (Four Weddings and a Funeral) Bresk gamanmynd frá 1994 um Charles og vini hans sem velta því fyrir sér hvort þeir finni nokkurn tíma hina sönnu ást og gifti sig. Leikstjóri er Mike Newell og meðal leikenda eru Hugh Grant, Simon Callow, John Hannah, Kristin Scott Thomas, Andie MacDowell, Rowan Atkinson og Anna Chancellor. e.
**1.15 Kastljós**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Alfie** Bönnuð börnum.
**8.00 Lóa og leyndarmálið (e)** Leyfð öllum aldurshópum.
**10.00 Two Family House**
**12.00 The Commitments (e)**
**14.00 Lóa og leyndarmálið (e)**
**16.00 Two Family House**
**18.00 The Commitments (e)**
▶**20.00 Alfie**
**22.00 Barbershop** Bönnuð börnum.
**0.00 Girl Fever**
**2.00 Dirty Deeds** (Illvirki) Stranglega bönnuð börnum.
**4.00 Barbershop** (Rakarastofan)Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Oprah (81:145)**
**10.05 Í fínu formi 2005**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Andre Riou at the Royal Albert (e)**
**14.50 How I Met Your Mother**
**15.10 Osbournes 3 (5:10)**
**15.35 Oliver Beene (12:14) (e)**
**15.55 Cubix**
**16.18 Shoebox Zoo**
**16.43 Scooby Doo**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (16:21)**
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**20.40 Grumpy Old Women - Cristmas Special** (Geðillar kjarnakonur - jólaþáttur)Sérstakur jólaþáttur með hinum önugu, miðaldra konum sem ræða á hispurslausan og bráðsmellinn hátt um raunir miðaldra kvenna og hversu erfitt það sé að þurfa að umbera allt ruglið sem þeim finnst fá að flæða óhindrað yfir þær.
**21.40 Tsunami, the Aftermath**
▶**23.10 60 mínútur** Virtasti og vinsælasti fréttaskýringaþáttur í heimi snýr aftur á Stöð 2. Á hverju mánudagskvöldi er sýndur nýr þáttur þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.55 The Closer (5:15)** (Málalok) Bönnuð börnum.
**0.40 Eleventh Hour**
**1.50 Grumpy Old Women - Cristmas Special**
**2.50 60 mínútur** (60 Minutes)
**3.35 Ísland í bítið e**
**5.10 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.
**6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld (1:24)** Georg byrjar að leita sér að vinnu og kemst í viðtal og Jerry grunar að Banya sé að verða vinsælli en hann. Kramer prófar nýja tegund af raksápu sem er reyndar smjör og Elaine hættir með kærastanum í flugvél yfir Atlantshafinu.
**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku, og alls kyns uppákomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.30 South Park** 9.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
**21.00 Sirkus Rvk**
**21.30 Pepper Dennis** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna. Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn.
**22.20 Insider**
**22.45 Seinfeld (1:24) (e)**
**23.10 Entertainment Tonight (e)**
**23.35 American Dad (5:10)** (Finances with Wolves)
▶**0.00 Supernatural (11:22) (e)**
**0.45 Supernatural (12:22) (e)** (Faith) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Bönnuð börnum.
**1.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**8.00 Rachael Ray (e)**
**13.20 Innlit / útlit (e)**
**14.20 Will & Grace (e)**
**14.50 Will & Grace (e)**
**15.20 Will & Grace (e)**
**15.50 Venni Páer (e)**
▶**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 Will & Grace (e)**
**18.30 Will & Grace (e)**
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Love, Inc.**
**20.30 Out of Practice**
**21.00 America's Next Top Model VII** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar fá kennslu í að setja sig í ótrúlegar stellingar, sem þær þurfa síðan að nota í myndatöku með sirkusþema. Dramatíkin er líka mikil í íbúðinni þar sem slúðursögur koma einni stúlkunni í mikið uppnám.
**22.00 The Real Housewives of Orange County** Mögnuð raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Shane reynir að fá vinnu við háskóla í Arizona, Kara er dugleg að eyða peningum og Vicki og Lauri flikka aðeins upp á útlitið. Kimberly fer í stelpuferð til Palm Springs þar sem allt fer úr böndunum.
**23.00 Everybody Loves Raymond** Bandarísk gaman-sería.
**23.30 Jay Leno**
**0.20 Close to Home (e)** Lögfræðidrama af bestu gerð.
**1.10 Da Vinci's Inquest (e)** Kanadísk sakamálasería.
**2.00 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**13.00** Bolton - Newcastle
**15.00** Everton - Middlesbrough (frá 26. des)
**17.00** Man. Utd. - Wigan
**19.00** Þrumuskot
**19.50** Charlton - Fulham (beint)
**22.00** Þrumuskot (e)
**23.00** Watford - Arsenal
**1.00** West Ham - Portsmouth




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL



Í þessum lokaþætti að sinni beinir sælkerinn Jói sjónum sínum sérstaklega að áramótunum og hátíðarmatseðli sem hentar vel til veisluhalda á gamlárskvöld. Sem fyrr verður Jói með þríréttað, einfaldan en gómsætan forrétt, aðalrétt og svo einn af sínum rómuðu eftirréttum. Í forrétt matreiðir hann reykta önd og ristaðar karamelluhnetur. Í aðalrétt eru krónhjörtur og villisveppir og í eftirrétt býður Jói upp á frönsku súkkulaðikökuna – sem hann er margrómaður fyrir.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Litla-Bretland SJÓNVARPIÐ KL. 22.25



Jólaþáttur Litla Bretlands er á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld. Grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmis gervi og dansa á ystu mörkum húmorsins. Þeir sem hafa fengið forskot á þennan jólaþátt segja tvímenningana toppa sjálfa sig og sjaldan hafa verið eins fyndna. Seinni jólaþátturinn verður sýndur á fimmtudagskvöld kl. 20.40.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Sagan af perlunni
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Krossgötur
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Söngvamál
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan
**23.05** Úr ítölskum óperuheimi
**00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.30 NBA - úrslit** (Dallas - Miami) Útsending frá sjöttu viðureign Dallas og Miami um NBA-titilinn sem fram fór síðastliðið sumar.

**20.40 HM hápunktar: 20 eftirminnilegustu atvikin** Tuttugu eftirminnilegustu atvikin úr sögu HM í knattspyrnu. Pelé, Cruyff, Maradona og fleiri leika listir sínar.

**21.35 Meistaradeild Evrópu** (Úrslit: Arsenal-Barcelona) Upptaka frá hinum eftirminnilega úrslitaleik á milli Arsenal og Barcelona í Meistaradeild Evrópu sem fram fór í París.

**23.30 Bardaginn mikli** (Sugar Ray Robinson - Jake LaMotta) Að margra mati er Sugar Ray Robinson besti boxari allra tíma. Hann gerðist atvinnumaður 1940 og átti langan feril. Einn helsti andstæðingur hans var Jake LaMotta en þeir börðust sex sinnum. LaMotta var á mála hjá mafíunni sem hafði mikil ítök í boxheiminum og spillingin var allsráðandi.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Smagsdommerne **12.45** OBS **12.50** Fantastiske fortællinger **13.20** Genbrugsguld **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Svada **15.30** Pigebandet Frank **16.00** Snurre Snup **16.05** Juniper Lee **16.30** Junior **17.00** Turen går til byen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Lægens bord **19.00** Sporløs **19.30** Cyklus **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Velkommen hos familien Rozes **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Attention Mobning **23.30** Et forbudt talent

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Amigo **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Grenseløs kjærlighet **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fiffi og blomsterbarna **17.15** Den lille blå dragen **17.20** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens fargerike **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.10** Lydverket **22.45** Den tredje vakten **23.25** Det skjulte landet

## SVT 1

**11.05** Doobidoo **13.30** Det våras för Sheriffen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Meg och Mog **17.10** Det är tur att jag ser ut... **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Evas funkarprogram **17.45** Tracey McBean **18.00** Kärleksagenterna **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Entourage **20.30** Far From Heaven **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** En uppstoppad hund **23.35** Sändning från SVT24


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090





DREYMIR ÞIG STÓRA DRAUMA?

KOMDU Á NÁMSKEIÐ HJÁ TÓNVINNSLUSKÓLANUM, KENNSLA FER FRAM Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idol-inu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

TÓNLISTARSKÖPUN BARNA OG UNGLINGA

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á **Reason** tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

VIÐURKENNT TÓNVINNSLUNÁM

Aðalnámsbraut: Tónvinnslunám. Tónvinnsluskólinn hlaut nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; **RMP** og **Stúdíó Sýrlandi.** 319.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

**HRÓSIÐ ...**



*... fær Alexander Þorsteinsson fyrir að láta ungan aldur ekki stöðva sig á leið sinni til frægðar og frama í óperuheiminum.*

# Þorvaldur Bjarni í upptökuveri Hitlers

„Þetta var alveg rosalega skemmtileg upplifun og mjög sérstakt upptökuver,“ segir tónskáldið Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu fór hann til Búlgaríu að taka upp tónlist fyrir kvikmyndina Astrópíu með sinfóníuhljómsveit landsins. „Adolf Hitler gaf búlgarska konunginum hljóðverið og það ber þess öll merki að þarna hafi þýsk verkfræði verið að verki, allt ótrúlega sterkbyggt og skipulagt,“ segir Þorvaldur. Hitler var sagður hafa stolið rússneskum eðalvið og búið hljóðverið til úr honum en upphaflega var þetta hugsað sem útvarpsstúdíó. „Lítill framhluti á hljóðverinu eyðilagðist í seinni heimsstyrjöldinni en þegar Rússar komu og sáu að það var byggt úr við frá sér náðu þeir í meira og endurbyggðu það. Síðan gáfu þeir það til búlgörsku þjóðarinnar,“ bætir Þorvaldur við.



**ÞORVALDUR** Er mjög sáttur við útkomuna og segir hana vera nákvæmlega eins og hann bjóst við.

Tónskáldið segir að upptökurnar hafi gengið mjög vel en hljómsveitin spili undir í fjölda erlendra kvikmynda og á meðal annars heiðurinn af undirleiknum í kvikmyndinni Hótel Rúanda. „Ég vildi ekki hafa þetta einhverja verksmiðjuframleiðslu og fékk því hljómsveitina til að æfa verkið áður en upptökur hófust. Eftir það gekk allt eins og í sögu,“ segir Þorvaldur. „Útkoman var síðan nákvæmlega eins og ég vildi hafa þetta og nú hefst bara eftirvinnslan hjá mér,“ bætir tónskáldið við.



- fgg



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN** Þykir meðal þeirra bestu í heiminum en hljómsveitin lék meðal annars kvikmyndatónlistina í myndinni Hótel Rúanda.



**LÁRÉTT**
**2** betl **6** klaki **8** ýlfur **9** kóf **11** tölvuverslun **12** teygjudýr **14** dá **16** hvað **17** samhljóman orða **18** keyra **20** skyldir **21** skemmast af frosti.
**LÓÐRÉTT**
**1** einnig **3** ung **4** land **5** fálm **7** samstilltir **10** fley **13** loftþrýstieining **15** skömm **16** merki **19** bor.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** snap, **6** ís, **8** ýla, **9** kaf, **11** bt, **12** amaba, **14** trans, **16** ha, **17** rím, **18** aka, **20** aá, **21** kala.
**LÓÐRÉTT: 1** líka, **3** ný, **4** albanía, **5** pat, **7** samtaka, **10** far, **13** bar, **15** smán, **16** hak, **19** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Universal
2. Bono, söngvari U2
3. Gauki á Stöng

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284
Lottó
Vinningstölur laugardaginn 23.12.2006
10 16 18 32 33
Þrefaldur 1. vinningur næsta laugardag
Bónus tala 6
Jókertölur vikunnar
Jóker 5 0 7 0 9
1. vinningur gekk ekki út
VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum
Vinningstölur miðvikudaginn 20.12.2006
Aðaltölur
3 19 22 33 35 42
Bónustölur 5 41
Ofurtala 36
Tvöfaldur 1. vinningur næsta miðvikudag
Jókertölur vikunnar
8 0 2 5 1
1. vinningur gekk ekki út
Birt með fyrirvara um prentvillur

RAGNAR BRAGASON: MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM ÞESSA DAGANA

# Leikstýrir danskri kvikmynd

„Ég hef verið að ferðast á milli Íslands og Danmerkur og er í samningaviðræðum við aðila þar. Þetta lítur allt saman vel út,“ upplýsir kvikmyndaleikstjórinn Ragnar Bragason en hann mun að öllum líkindum taka að sér leikstjórn í danskri kvikmynd með eingöngu dönskum leikurum. Ragnar vildi ekki gefa neitt meira upp um verkefnið á þessum tímapunkti en taldi að málin myndu skýrast á næstu misserum. „Þetta verður að öllum líkindum næsta verkefnið mitt,“ segir Ragnar.

Kvikmyndin Foreldrar, sjálfstætt framhald Barna, verður frumsýnd hér á landi 19. janúar en ferðast síðan til kvikmyndahátíðarinnar í Rotterdam þar sem hún verður Evrópufrumsýnd. Í kjölfarið keppir hún á hinni virtu Gautaborgarhátíð í Svíþjóð og fá Börn að fylgja með í kaupbæti. „Það verður smá viðhöfn þegar þær verða sýndar en mér skilst að Foreldrar séu eina myndin sem keppa þarna,“ segir Ragnar en leikstjórinn viðurkennir að hann viti ekki alveg hver viðbrögð hans verða þegar þessu „tímabili“ í hans lífi er lokið. „Sem betur fer er líftími kvikmynda nokkuð langur og næsta ár verður undirlagt af ferðalögum á hvers kyns hátíðir en það verður vissulega skrýtið að sjá á eftir Foreldrum og Börnum úr mínum höndum,“ segir hann og upplýsingar jafnframt að dreifing á Börnum hafi verið með hreinum ágætum. „Reyndar hefur það komið okkur spánskt fyrir sjónir hversu áhugasöm gömlu austantjaldslöndin eru,“ segir Ragnar sem telur ástæðuna vera hversu „rússnesk“ myndin er. „Þetta dökka umfjöllunarefni virðist höfða mikið til þeirra,“ bætir hann við og hlær.



**MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM** Ragnar Bragason hefur í nógu að snúast á árinu sem senn ber að garði en fyrir liggur að hann leikstýri danskri kvikmynd.

Ragnar hefur mörg járn í eldinum og horfir björtum augum til framtíðarinnar en auk dönsku kvikmyndarinnar er hann með nýja íslenska kvikmynd í burðarliðnum sem Ragnar segir vera rökrétt framhald af Börnum og Foreldrum og útilokar leikstjórinn ekki frekara samstarf við leikhópinn Vesturport. Þá herma heimildir Fréttablaðsins að tökur á nýjum, íslenskum sjónvarpsþætti í leikstjórn Ragnars muni hefjast í janúar en það ku vera Næturvaktin með þeim Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni. „Ég má ekkert tjá mig um það, er í hálfgerðu fjölmiðlabanni hvað þessa þáttaröð varðar,“ segir Ragnar.

freyrgigja@frettabladid.is



**BÖRN** Er mjög vinsæl í gömlu austantjaldslöndunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn **Þorkell Máni Pétursson** fagnaði þrítugsafmæli sínu í góðra vina hópi á fimmtudagskvöldið í síðustu viku. Máni blés til veislu á Q-bar þar sem samstarfsmenn hans af X-inu, gamlir og nýir, voru áberandi. Þarna voru meðal annars mættir **Frosti Logason, Hermann Fannar Valgarðsson,** rapparinn **Bent** og Egill „Gillzenegger“ Einarsson. Afmælisbarnið gerði mikið grín að fyrrum samstarfsmönnum sínum sem hafa fært sig yfir á X-fm, hélt langar og innblásnar ræður um ágæti eigin stöðvar eftir að X-ið mældist með mun betri hlustun í síðustu fjölmiðlakönnun. Meðal annarra gesta voru **Óttarr Proppé** og félagar úr Dr. Spock og **Gunni Óla** úr Skítamóral sem tók lagið við mikinn fögnuð viðstaddra.



Þau tíðindi áttu sér annars stað í afmælisveislu Mána að hann neyddist til að segja einum af starfsmönnum X-ins upp störfum. Þar var um að ræða téðan **Egil Gillzenegger** sem haldið hefur úti þætti á laugardögum síðustu mánuði. Yfirmönnum X-ins þótti kappinn hafa farið út yfir öll siðgæðismörk í síðasta þætti sínum þegar hann gerði símaat í fjórtán ára stúlku í beinni útsendingu. Gillzenegger kynnti sig sem frambjóðanda Frjálslynda flokksins og vildi kynna sjónarmið sín fyrir stúlkunni. Umrædd „sjónarmið“ voru hins vegar flest af kynferðislegum toga og ekki við hæfi svo ungrar stúlku. Faðir stúlkunnar mun hafa látið rekja þetta dónasímtal og komið kvörtun á framfæri. Gillzenegger vissi upp á sig skömmina og tók uppsögn sinni með skilningi.



- hdm

# Stóðlífi Íslendinga tilnefnt

Þrjár íslenskar auglýsingar eru tilnefndar til verðlauna á SAA-verðlaunahátíðinni en þar eru veittar viðurkenningar fyrir bestu auglýsingarnar á Norðurlöndunum. Íslensku auglýsingarnar eru Roger Moore fyrir Unicef sem gerð var af Íslensku auglýsingastofunni og tvær auglýsingar úr Hive-herferðinni, þar sem menn lenda í æði skrautlegum aðstæðum en hún er gerð af auglýsingastofunni Jónsson & Lemarcks.



**VIGGÓ JÓNSSON** Var að vonum sáttur við tvær tilnefningar til SAA-verðlaunanna.

Viggó Jónsson, skapari auglýsinganna, segir þetta vera mikinn heiður fyrir þá enda séu þetta einu auglýsingaverðlaunin sem veitt eru á Norðurlöndunum. „Það verður að teljast mjög góður árangur að vera með tvær tilnefningar af ellefu,“ segir Viggó, sem staddur var á Tenerife vegna ljósmyndatöku fyrir ferðaskrifstofu. Viggó segir að auglýsingarnar hafi ekki verið nema einn og hálfan dag í töku en hugmyndavinnan á bak við þær hafi tekið nokkra mánuði.

Auglýsingarnar hafa vakið mikla kátínu hjá sjónvarpsáhorfendum en þar má meðal annars sjá ungan mann vakna í miklum kvennafans og náunga vera skilað aftur af fljúgandi furðuhluti en þessar tvær auglýsingar voru einmitt tilefndar, Roger Moore-auglýsingin fyrir Unicef hefur vakið engu síðri athygli en þar hvetur fyrrum Bond-leikarinn Íslendinga til að leggja málefnum barna í þriðja heims ríkjum lið.



**ÖFUNDSVERT HLUTSKIPTI?** Þessi ungi maður vaknar í miðju kvennastóði og hefur frá miklu að segja.

# SÖNGNÁMSKEIÐ

## VORÖNNIN ER AÐ HEFJAST



María Björk – Skólastjóri/Söngkona
Regína Ósk – Yfirkennari/Söngkona
Þóra – Söngkona/Kennari
Hera Björk – Söngkona/Kennari
Jónsi – Söngvari/Kennari
Erna Hrönn – Söngkona/Kennari
Sessý – Söngkona/Kennari
Sara Dís – Söngkona/Kennari
Guðrún Árný – Söngkona/Kennari
Bryndís – Leikari/Kennari
Tinna – Leikari/Kennari

Söngskólinn er alltaf í leit að hæfileikaríku fólki

Á vorönn verður boðið upp á:
**5 ára og eldri:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
**Unglingar:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
**Fullorðnir:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfa nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu. Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnumenn hver á sínu sviði.

**LEIKLIST!**
**Núna bjóðum við einnig upp á leiklistarkennslu.**



GESTIR Á NÁMSKEIÐI
Magni og Sigga Beinteins





Söngvaborg kemur í heimsókn til yngstu krakkana.

**Söngskóli** MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111, 696 0771 & 897 7922
poppskolinn@poppskolinn.is

Fákafeni 11 • www.poppskolinn.is • Sími 588 1111

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

# Þegar Ragnhildur skilaði jólunum

Vonandi höfðu sem flestir það gott yfir hátíðarnar, fundu gleðina bærast innra með sér og fengu eitthvað hentugra frá jólasveininum en ígulkerið sem ljóðmælandinn í laginu Gefðu mér gott í skóinn óskar sér. Að þessu sinni birtist hátíðin okkur á annan hátt í fjölmiðlum en oft áður. Undanfarin ár hefur nefnilega borið á svo yfirþyrmandi umfjöllun um jólastress að þeir sem ekki fundu fyrir því gátu verið vissir um að þjást af því að öllum þeim lestri loknum. Græðgi okkar mannfólksins voru sögð skyggja á jólagleðina og enginn geta greint friðarboðskapinn í allri neysluorgíunni.

**EKKI** leit út fyrir að við slyppum við þessi leiðindi í ár því strax í nóvember birti Mogginn opið bréf frá Guðjóni Bergmann rithöfundi um yfirvofandi jólastress og átti sér greinilega skoðanasystkin því litlu síðar birtist lesendabréf um sama efni. Þar með hafði jólastressið verið hafið á loft og nú yrði því sveiflað yfir hausunum á okkur þar til við lognuðumst örþreytt út af á aðfangadagskvöld. Líklega hefði stressið náð að sneiða af okkur alla tilhlökkun hefði óvæntur bjargvættur ekki stokkið fram á sjónarsviðið.

**RAGNHILDUR** Sverrisdóttir, blaðamaður á Mogganum, birti Viðhorfspistil þar sem hún blés á jólastressið og afþakkaði allar áhyggjur annarra af því hvernig hún fór með sitt fé. Hún ætlaði svo sannarlega að njóta jólanna með tilheyrandi skrauti, gjöfum og tónleikum. Hún viðurkenndi jafnvel að ætla til Kaupmannahafnar að fá sér julefrokost. Ekkert af þessu fannst Ragnhildi rýra gildi trúarinnar og henni tókst að segja það á svo kröftugan hátt að síðan hefur ekki borið á neinu neyslukapphlaupskvabbi. Og þá fyrst kom í ljós að það var sko vel hægt að finna aðra fleti á hátíðinni. Fréttastofa Ríkissjónvarpsins sýndi okkur til dæmis frá helgileik í Öskjuhlíðarskóla og á meðal þess sem Morgunblaðið gerði var að fá skemmtilega konu til að rifja upp jarðskjálfta sem setti svip á jólin 1975. Það albesta var að um leið og hætt var að fjalla um mök okkar við mammon gafst tóm til að tala við hugsjónafólk sem lætur gott af sér leiða eins og hjónin sem útbjuggu bangsann Hring til að skemmta veikum börnum. Við erum nefnilega ekki alvond.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Útköll okkar eru um **1400** á hverju ári!

*Árið 2006 hefur eins og undanfarin ár verið mjög viðburðaríkt hjá okkur og verkefnin margvísleg. Síðustu vikur höfum við sinnt hundruð útköllum af öllum gerðum. 1400 útköll á ári þýðir að björgunarsveitir okkar fara að meðaltali í **3,8 útköll á dag!***

*Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, ófærðar, sjóslysa, flóða og skipsstrands.*

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

*Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.*

*Þú getur **stutt á öflugan hátt við björgunarstarfið** með því að **kaupa flugeldana af okkur** því flugeldasalan heldur okkur gangandi.*

Þessi fyrirtæki eru styrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar

GLITNIR SAMSKIP SJÓVÁ

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*- berst fyrir lífi þínu*